

2. Réttlætismál

1. Jafnrétti

Eftir baráttu stúdenta fyrir námslánnum hafa stjórnvöld séð til þess að öllum er gert kleift að hefja nám við Háskóla Íslands sem annars uppfylla kröfur sem skólinn setur. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir stúdentum námslán til þess náms sem þeir kjósa. Fulltrúi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands á sæti í stjórn Lánasjóðsins og gætir hagsmuna stúdenta hjá sjóðnum. Háskólinn sjálfur hefur fylgt þeirri stefnu að stilla innritunargjöldum í hóf þannig að þau áttu ekki að hrekja nokkurn mann frá námi, en um skólagjöld er fjallað í 2. undirkafla hér á eftir. Aðeins er takmarkaður aðgangur í nokkrar greinar af faglegum ástæðum.

En sitja allir við sama borð þegar kemur að stöðuveitingum við Háskóla Íslands? Fyrir þessari sögu kemur fram að skiptar skoðanir eru um það. Síðustu liðlega tvo áratugi hafa ekki allir verið á eitt sáttir um möguleika á að hljóta stöður við skólann. Meðferð áлита dómnefnda vegna nýráðninga og framgangs akademískra starfsmanna við Háskólann breyttist eftir setningu stjórnsýslulaga 1993. Áður hafði umsækjandi aðeins átt rétt á að sjá umfjöllun dómnefndanna um sjálfan sig, en eftir setningu laganna fengu allir umsækjendur að sjá dómnefndarálitid í heild. Eldri aðferðin reyndist hvort eð var ekki sérlega hagkvæm, því að dómnefndarálitum var dreift á deildarfundum þar sem sátu jafnvel um og yfir 80 manns og erfitt að koma í veg fyrir að upplýsingar færu víðar, jafnvel þó að dómnefndarálitin væru sums staðar innheimt í lok fundar. Dæmi eru um að umsækjendur um kennarastöður og Háskólinn sjálfur hafi talið sig hafa orðið fyrir skaða vegna ummæla dómnefndarmanna um umsækjendur. Hæstiréttur úrskurðaði til dæmis árið 2004 að umsögn dómnefndar um einn umsækjenda um kennarastarf hefði verið ærumeiðandi, og því voru ummælin dæmd ómerk.¹ Umsækjandinn og Háskólinn settust eftir að málið hafði verið sent til síðanefndar skólans.²

Til að styrkja lagagrundvöll síðanefndar óskaði Háskólinn eftir því við stjórnvöld að sett yrði inn ákvæði um síðareglur í lög um háskóla, enda virtist ekki vanþörf á að kenna stöku prófessor akademísk vinnubrögð eftir að einn þeirra varð uppvís að stórfelldu

¹ Vef. Hæstiréttur Íslands. HRD nr. 382/2003.

² Morgunblaðið 4. mars 2009, 15.



Fyrsta jafnréttisnefnd Háskóla Íslands 1998. Frá vinstri: Þorgerður Einarsdóttir (varamaður Rannveigar Traustadóttur), Eva D. Steinsson, starfsmaður nefndarinnar, Valgerður Edda Benediktsdóttir, Páll Hreinsson, Óskar Óskarsson, fulltrúi stúdenta, Sigríður Þorgeirsdóttir, formaður nefndarinnar, og Sigrún Valgarðsdóttir, fulltrúi starfsmannasviðs.

broti á höfundarrétti, og gekk það eftir með lögum númer 63 árið 2006.³ Siðareglur Háskóla Íslands voru síðan endurskoðaðar og samþykktar á háskólafundi hinn 17. nóvember sama ár.⁴

Fljótlega eftir setningu stjórnarsýslulaga tók að fjölga bréfum frá umboðsmanni Alþingis og einstaklingum þar sem kallað var eftir skýringum á stjórnarsýsluákvörðunum Háskóla Íslands. Átti það bæði við um fólk sem sótt hafði um akademísk störf og önnur störf. Einnig tóku umsækjendur að beita fyrir sig lögum um jafna stöðu karla og kvenna, en lögin hafa verið í reglulegri endurskoðun síðustu áratugi.⁵ Eins og áður er rakið (II.9.5) taldi Helga Kress, dósent í almennri bókmenntafræði, á sér brotið árið 1985 þegar Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra (1985–87) setti karlmann í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum þvert á vilja Háskólans. Eftir að Jafnréttisnefnd tók málið upp og gerði athugasemd við embættisfærslu ráðherra liðu átta ár þar til Hæstiréttur kvað loks upp endanlegan úrskurð í þessu prófmáli í árslok 1993 um að ráðherra hefði brotið jafnréttislög.⁶

Jafnréttisstofa fór í mál við Háskóla Íslands fyrir umsækjanda um lektorsstöðu við Verkfræðideild árið 2005, en áður hafði kærunefnd jafnréttismála talið að Háskólinn hefði brotið á umsækjanda.⁷ Hæstiréttur sýknaði hins vegar Háskólann af kærum um brot á jafnréttislögum í því máli með dómi árið 2009.⁸

- ³ Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 221/2007. – *HÍ*. Málsnúmer: HI06010084/025. Bréf 22. ágúst 2006. Niðurstaða nefndar um stöðu siðareglna Háskóla Íslands. – Vef. Alþingi. Lög nr. 63/2006 gr. 2, 3. mgr.
- ⁴ *HÍ*. Málsnúmer: HI06010084/025. – Fundargerð 21. háskólafundar 17. nóv. 2006.
- ⁵ Vef. Alþingi. Athugasemdir við frumvarp til laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- ⁶ Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 339/1990. – Helga Kress, „Sverrir á að vikja úr stöðu banka-stjóra“, 2.
- ⁷ Vef. Kærunefnd jafnréttismála. Álit nr. 10/2005. Nefndin kvað einnig upp úrskurð árið 2006 um að jafnréttislög hefðu verið brotin við ráðningu í starf á stærðfræðistofu, sjá álit nr. 7/2006.
- ⁸ Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 25/2009.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL

Þótt ýmislegt hafi verið gert til að auðvelda fólki með fötlun nám við skólann þá fékk nemandi staðfest í Hæstarétti árið 1999 að á sér hefði verið brotið, því ekki var komið til móts við fötlun hans, sem var blinda.⁹ Nokkru síðar voru allar vistarverur í aðalbyggingu Háskólans merktar með blindraletri. Rannsóknir erlendis sýna „að fötluð ungmenni standa frammi fyrir margs konar hindrunum varðandi aðgengi að háskólanámi“.¹⁰ Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur frá því málin komu fyrst á dagskrá haft umsjón með úrræðum fyrir stúdenta með fötlun, og árið 1998 voru gerðir sérstakir samningar um bjargráð fyrir hvern námsmann. Árið 1998 reyndust þeir um 100, og námsárið 2008–09 voru undirritaðir 626 samningar um sérúrræði sem hafa orðið margþættari eftir því sem árin liðu.¹¹ Ef litið er til árána 1996–2010 hefur þróunin verið í þá átt að auðvelda stúdentum með fötlun aðgengi að Háskóla Íslands og bæta þjónustuna. Árið 2002 voru ákveðin tímamót þegar Háskólinn samþykkti nýja stefnu og sérstakar verklagsreglur um málaflokkinn, sem hafði mikla þýðingu.¹² Það ár innritaðist fyrsti heyrnarskerti nemandinn sem var þannig sérskráður, en árið 2010 voru þeir orðnir tíu. Árið 2010 voru verklagsreglurnar síðan endurskoðaðar með umtalsverðum réttarbótum fyrir nemendur með fötlun, enda var stuðst við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, sem stendur til að innleiða á Íslandi á komandi misserum.¹³ Námi í fötlunarfræði var komið á fót við Félagsvísindadeild haustið 2004 í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið.¹⁴ Skyn, hagsmunafélag stúdenta innan Háskóla Íslands með sértæka námsörðugleika, var stofnað í apríl 2007. Það hefur unnið að málefnum stúdenta með lesblindu, athyglisbrest með ofvirkni (ADHD), tourette-heilkenni og fleiri hamlanir.¹⁵ Rannveig Traustadóttir, prófessor og sérfræðingur í málefnum fólks með fötlun, sagði um málaflokkinn árið 2006: „Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er ljóst að enn eru hindranir í vegi fatlaðra stúdenta, einkum hvað varðar aðgengi að manngerðu umhverfi Háskólans.“¹⁶

Árið 1996 fékk Stúdentaráð Háskóla Íslands jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs, og í maí árið eftir stofnaði Stúdentaráð jafnréttisnefnd og færði til bókar: „enda ljóst að innan Háskólans er víða pottur brotinn í jafnréttismálum“.¹⁷ Á því vildu fleiri taka.

Formaður Félags háskóla kennara kynnti árið 1995 í háskólaráði skýrslu sem nefndist *Könnun á starfsaðstæðum og kjörum starfs-*

⁹ Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 177/1998.

¹⁰ Rannveig Traustadóttir, „Fatlaðir háskólastúdentar“, 315.

¹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 121–22; 2009, 68. – *Tölvupóstur*. Magnús Stephensen 20.01.2011.

¹² Vef. HÍ. Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002–2006, 7.

¹³ Vef. Velferðarráðuneytið. Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

¹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 82.

¹⁵ Vef. Skyn, hagsmunafélag stúdenta.

¹⁶ Rannveig Traustadóttir, „Fatlaðir háskólastúdentar“, 323.

¹⁷ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1996–97, 30.

Samkynhneigðir stúdentar stofna félag

Félag samkynhneigðra stúdenta við HÍ (SS) var stofnað formlega þann 19. janúar síðastliðinn og tókast fundurinn vel og á hann var vel mætt. Þetta er fyrsta félag samkynhneigðra sem stofnað er við háskóla hér á landi en síkk félag eru vel þekkt í erlendum háskólum. Undanfarna mánuði hefur hópur háskólastudenta híst á óformlegum fundum til þess að ræða stöðu samkynhneigðra við HÍ.

Mikill áhugi er á málefnum og hefur hópurinn farið ört stækkanndi síðustu misseri. Stúdentablaðið hafði tali af nokkrum stofnfélögum, þ.á. m. nýkjörnum formanni félagsins, Alfréð Hauksayni og þeim Páli Frey, Jóssayni, Guña Kristinsayni og Þóru Smíth.

Hvað var það sem ýtti stofnun þessa félags úr vör?

Alfréð: Eg held að upphafið megi rekja til uppsetningar á leikni Feljar Þangsonar. Baldur Þórhalsson, ummesti Feljar, starfar sem stundakennari hér við HÍ og hefur þar af leiðandi tengsl við nemendur skólans og smám saman varð þessi óformlegi hópur til.

Þóru: Baldur hafði samband við nokkur okkar og vildi kanna hvort áhugi væri á að hafa einhverja daga í tengslum við leiknið hans Feljar. Áhugi og þátttaka var vonum fram og í framhaldi af því var ákveðið að stofna félagið.

Páli: Hingá til hefur félagskapurinn verið óformlegur og fólk híst á kaffihúsum. En félagið er stofnað fyrst og fremst til að aðla umræðum um málefni samkynhneigðra og það skiptir félagslega máli má því hún vinur.

óll umræða okkar mikilvæg Guðni: Það er mikilvægt að við deilum römslu okkar með systurfélögum í öðrum lördum. Við megum ekki gleyma því að það er ekki langt stann ástandi var mun verra. Árið 1985 var bannað að segja orðið horri í Ríkisstjórnun. Mikil framvinda óða þrún. Það er löngu tímabært að stofna félagið. Guðni: Það er fyrst núna sem við tejum að það sé vottvangur fyrir svona félag. Við höggjum að sjálfstöðu á þeim hugafarsbreytingum sem fyrri kynslóðir komu í gegn.

Hvernig getur fólk sett sig í samband við ykkur?

Alfréð: Við erum með netfang Páli: og heimilisbú þar sem öll dagkrá félagsins verður birt. Alfréð: og flest allar upplýsingar sem víðkoma féluginu.



Þóru: Umræðan í þjóðfélaginu er orðin nokkuð djúpvæð og jákvað. Við þurfum þess vegna ekki stöðugt að réttlata tilvist okkar. Því getum við snúið okkur að skorttíðni og líkveðni röllum.

Páli: Þeir sem hafa áhuga geta sent póst á netfangið gg@hii.is og heimilisfang heimasíðunnar er <http://www.hii.is/pub/gay> Guðni: Svo er fólk einfaldlega bara frjálst að líta yð.

Jafnrétti snertir bæði kynferði og kynhneigð. Félag samkynhneigðra stúdenta var stofnað 19. janúar 1999.

manna Háskóla Íslands. Í framhaldi af því var skipuð millifundanefnd háskólaráðs sem vann að stöðuúttekt. Nefndin átti m.a. að bregðast við þingsályktun frá 1993 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.¹⁸ Í apríl 1997 var birt nefndarálit sem nefndist *Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands*. Eftir það skipaði háskólaráð jafnréttisnefnd í ágúst sama ár, og tók hún til starfa í ársbyrjun 1998. Nefndin lagði áherslu á að framfylgja ákvæðum laga frá árinu 1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisnefndin gerði úttektir á stöðu mála og upplýsti háskólaráð sem samþykkti nýja jafnréttisstefnu árið 2000 til fjögurra ára og fékk nefndinni nýtt erindisbréf árið 2002. Þar var ákveðið að starf nefndarinnar „næði til jafnréttismála í víðum skilningi og næði þar með til allra minnihlutahópa. Í framhaldi af því voru settir á laggirnar starfshópar um málefni erlendra starfsmanna og stúdenta og um málefni samkynhneigðra og ráð um málefni fatlaðra.“¹⁹ Árið 2001 var ráðinn jafnréttisfulltrúi í hálf starf sem í ársbyrjun 2006 varð að fullu starfi.²⁰ Árið 2005 hlaut Háskóli Íslands viðurkenningu Jafnréttisráðs sem afhent var við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu. „Í rökstuðningi Jafnréttisráðs fyrir viðurkenningunni sagði að hún hefði m.a. verið veitt fyrir það að á árinu 2005 hafi háskólasamfélagið í fyrsta sinn kosið í leynilegri kosningu konu sem rektor [Kristínu Ingólfsdóttur] og þar með æðsta stjórnanda stofnunarinnar sem jafnframt væri fjölmennasti vinnustaður landsins. Þetta lýsir

¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 213–14.

¹⁹ *Alhliða háskóli*, 93.

²⁰ *Alhliða háskóli*, 96.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL

jafnréttisvilja og að hæfileikar, reynsla, þekking og framtíðarsýn konu eru metnir til jafns á við karla.²¹

Auk þess að hnika jafnréttismálum innan skólans smám saman í rétta átt í samræmi við lög þar að lútandi hefur háskólaráð unnið að því að efla þekkingu á jafnréttis- og kynjamálum almennt fyrir íslenskt samfélag. Háskólaráð kom á fót Rannsóknastofu í kvennafræðum árið 1990, síðar nefnd Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafraeðum, eftir áralanga baráttu nokkurra kvenna, eins og áður hefur verið sagt frá (II.9). Í ársbyrjun 2001 var komið á kennarastóli í kynjafraedi. Árið 2008 var ráðinn lektor í félagsfræði á sviði karlafraeða, fæðingarorlofs og jafnréttismála. Báðar stöðurnar voru við Félagsvísindadeild.²² Árið 2000 var ráðið í starf lektors í kvennaguðfræði við Guðfræðideild. Lögfræðingur Jafnréttisstofu sagði um áhrif þessa framtaks Háskólans: „Það leiddi til stórauðinna rannsókna, aukinnar þekkingar og umræðu.“²³ Á háskólafundi hinn 18. febrúar 2005 var síðan samþykkt stefna gegn mismunun. Hún var sett fram með hliðsjón af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og miðar að því að Háskólinn komi

í veg fyrir mismunun á grundvelli persónulegra eiginleika. Í stefnunni er sérstaklega kveðið á um eftirfarandi: aldur, fötlun, heilsufar, kyn, kynhneigð, trúarbrögð og stjórnmálaskoðanir, þjóðerni, uppruna, litarhátt og menningu. Ekki á að líða mismunun við Háskóla Íslands og óheimilt er að mismuna fólki, t.d. hvað varðar verkaskiptingu, vinnutilhögun, vinnuáæstæður, skipun í starfshópa eða nefndir, einkunnagjöf, leiðsögn eða að öðru leyti.²⁴

Konum fjölga hlutfallslega mun meira en körlum í Háskóla Íslands, sbr. myndrit III.3. Þær urðu fyrst fleiri en karlar námsárið 1985–86 og voru orðnar tæp 70% stúdenta námsárið 2009–10. Skráðum konum í Háskólanum fjölgaði um 156%, eða um 8% á ári, á sama tíma og karlmönnum fjölgaði um 72% eða um 4% á ári að jafnaði frá 1990 til 2008. Þessi fjölgun kvenna er í samræmi við aukna ásókn þeirra í nám annars staðar á Vesturlöndum. Það sama á við um karlmenn, fjölgun þeirra er sambærileg á Íslandi og víða erlendis. Mun fleiri konur en karlar hafa þó á síðustu árum brautskráðst með fyrsta próf úr háskólum á Íslandi, í samanburði við önnur ríki OECD.²⁵ Forseti Menntavísindasviðs Háskólans telur að konur hafi kerfisbundið meiri tilhneigingu til að tryggja sam-

²¹ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 17–19.


²² *Vef*. HÍ. Ingólfur V. Gíslason.

²³ *Tölvupóstur*. Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu 21.10.2009.

²⁴ *Alhliða háskóli*, 97.

²⁵ *Vef*. OECD. Education at a Glance 2010, 62. – *Fyrirlestur*. Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar“, 10–12.

Myndrit III.3 Fjölgun kvenna, karla og heildarfjölgun námsmanna við Háskóla Íslands 1985–2011



Heimild: Árbók Háskóla Íslands og vefur skólans, HÍ í tölum.
Fækkun 2011 skýrist af því að nemendum í leyfi er sleppt það ár.

keppnisstöðu sína með prófgráðum sem séu lykill að störfum á vinnumarkaði, auk þess sem þær fylgi betur reglum þjófélagsins.²⁶ Rannsóknir benda jafnframt til að skólaleiði og minnkandi námsáhugi sé meiri meðal drengja en stúlkna í grunnskóla, og er það hugsanlega ein af skýringunum á því að færri piltar skili sér til náms í háskólum.²⁷ Árið 2002 kom út á vegum Menntamálaráðuneytisins skýrsla sem nefndist *Konur í vísindum á Íslandi* þar sem borin er saman staða kvenna á hinum fjölmörgu sviðum mennta og vísinda.²⁸

Lengi var bent á það ójafnvægi að fleiri karlmenn en konur væru í stöðum prófessora við Háskóla Íslands. Það byggir að hluta til á sögulegri stöðu því að lengi vel voru það fyrst og fremst karlar sem ráðnir voru í prófessorstörf. Margrét Guðnadóttir læknir var fyrst kvenna ráðin sem prófessor árið 1969, en konum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár, og ákveðin þróun bendir til að hlutfallið geti snúist við. Háskólaárið 1990–91 voru fimm konur meðal 122 prófessora skólans eða 4%. Árið 2008 var 51 kona í starfi meðal 216 prófessora eða 24%. Konur hafa síðustu ár verið fleiri í lektorsstöðum, en að jafnaði voru í akademískum störfum 37% konur og 63% karlar árið 2008. Þetta sama ár voru hjá Háskóla Íslands 1.229 starfsmenn á föstum launum, 643 konur og 586 karlar.²⁹

²⁶ *Tölvupóstur*. Jón Torfi Jónsson, forseti Menntavísindasviðs 4.11.2009.

²⁷ Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, „Námsáhugi nemenda í grunnskólum“, 19–20.

²⁸ Vef. Menntamálaráðuneytið. *Konur í vísindum á Íslandi*.

²⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 63, 86.

Árið 2009 kom út skýrsla um jafnréttismál við Háskóla Íslands, en í henni segir um málaflokkinn: „Talsverður fjöldi úr hópi stjórnenda taldi að jafnréttisstarf innan Háskólans hefði gengið mjög vel eins og eftirfarandi tilvitnanir í nokkra stjórnendur skólans sýna: „Háskólinn er eins vel staddur og mögulegt er ... Háskólinn er augljóslega í fararbroddi í þessum málum.“ Þó var einnig nokkuð stór hópur á öndverðum meiði. Þar á meðal voru nokkrir stjórnendur og nær allir viðmælendur sem unnið hafa að jafnréttismálum skólans. „Það er enginn áhugi fyrir þessu hjá yfirstjórn Háskólans, því miður. Ég hef orðið fyrir verulegum vonbrigðum.“³⁰ Mikill munur var á viðhorfum fólks og eins og það sé að lýsa gjörólíkum stofnunum þegar það talar um jafnréttismál innan Háskóla Íslands í lok fyrsta áratugar 21. aldar. Við Háskólann hefur hin síðustu ár starfað jafnréttisfulltrúi í fullu starfi, og jafnréttisnefnd er ein af fastanefndum háskólaráðs. Það er til merkis um að yfirvöld skólans telja mikilvægt að sinna þessum málaflokki og reyna í lengstu lög að vinna að jafnrétti á öllum sviðum þótt fólki finnist misjafnlega hratt ganga.

2. Skólagjöld

„Aldrei hef ég fengið jafn mikið fyrir peninginn og þegar ég borgaði 15 krónur í innritunargjald í Háskóla Íslands“, sagði Kristín Þorláksdóttir sem lauk prófi í forspjallsvísindum frá skólanum árið 1938. Kristín lét þessi orð falla eftir að hafa gefið Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni rausnarlega peningagjöf til styrktar bókakaupum í náttúrufræði árið 1998.³¹

Á fyrstu 50 árunum í sögu Háskóla Íslands er hvergi minnst á skólagjöld. Þvert á móti er fyrstu áratugin starfrækt styrkjakerfi sem gagnaðist flestum stúdentum sem á annað borð stunduðu nám við skólann, samanber umfjöllun í fyrsta þætti að framan (I.7.1).³² Í samanburði við ríki OECD árið 2007 virðist Ísland sér á báti með engar beinar niðurgreiðslur eða styrki til námsmanna og fjölskyldna þeirra á háskólastigi, aðeins er boðið upp á námslán sem nema um 20% af heildarféjárútlátum ríkisins til menntamála, og svo að sjálf-sögðu háskólanám þar sem greidd eru innritunargjöld.³³

Þegar rætt var um fjárhagsvanda Háskólans árið 1989 var varpað fram hugmynd um „hugsanlega nauðsyn þess að leggja hófleg skólagjöld á nemendur til þess að tryggja rekstur skólans“. Fulltrúi stúdentna í háskólaráði benti þá á að „álagning skólagjalda væri aðeins tilfærsla útgjalda innan Fjármálaráðuneytisins, þ.e. auka yrði þá

³⁰ Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson, *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003–2007*, 68.

³¹ Einar Sigurðsson, „Rausnarleg gjöf til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns“, 16.

³² Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 26, 56.

³³ Vef. OECD. Education at a Glance 2010, 62.

framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að því marki, sem skólagjöldin yrðu ákveðin“.³⁴ Árið 1991 kom aftur til umræðu hugmynd um að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands. Stúdentar í háskólaráði mótmæltu og töldu að þótt gjaldið yrði hóflegt í fyrstu mundi það væntanlega hækka þegar fram liðu stundir.³⁵ Sama ár tók Sveinbjörn Björnsson við sem háskólarektor og hafði þetta að segja um skólagjöldin:

Reynsla af slíkum gjöldum er, að þau fara hækkandi með tíma og geta orðið veruleg hindrun fyrir efnaminni stúdenta og barnmargar fjölskyldur. ... Í þeim Evrópulöndum, sem við skiptum mest við, tíðkast yfirleitt ekki eiginleg skólagjöld í ríkisskólum, nema í nokkrum tilvikum fyrir erlenda stúdenta. Ef skólagjöld eru reiknuð á heimamenn, kemur jafnan á móti hærri styrkur eða námslaun frá ríki eða sveitarfélagi. Þessar þjóðir skilja, að háskólanám er ekki munaður vel-ferðarþjófðfélags heldur ein af mikilvægustu forsendum þess.³⁶

Umræður um skólagjöld hafa reglulega komið upp frá því að þessi orð voru sögð árið 1991 og þeim jafnan vísað frá með sambærilegum rökum.

Þegar verulegur niðurskurður var á fjárveitingum til Háskólans árið 1992 bauð ríkisvaldið að samdráttur yrði mildaður með því að heimilt yrði að innheimta af stúdentum hærri innritunar- og efnisgjöld. Innritunargjöldin nefna sumir stúdentar tæpitungulaust skólagjöld. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði lét bóka andmæli gegn hækkun skrásetningargjalds árið 1992 með eftirfarandi rökum:

Skólagjöld (skrásetningargjöld) eru í eðli sínu röng. Það er fáheyrt, að í ríki, sem leitast við að efla menntun þegna sinna, skuli ríkisvaldið ekki standa við skuldbindingar sínar um að halda uppi góðri menntun í landinu og varpa auk þess heldur hluta niðurskurðarins beint á stúdenta og fjölskyldur þeirra. Skólagjöld skerða möguleika fólks til náms, og með ásetningu skólagjalda er fallið frá þeirri grundvallarhugsjón, að menntun sé fyrir alla, óháð búsetu og efnahag.³⁷

Háskólinn stóð enn í sömu sporum árið 1993 þegar skráningargjöld stúdenta voru hækkuð. Þá samþykkti ráðið eftirfarandi bókun:

³⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 155, 156.

³⁵ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 29. ágúst 1991. – *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 156.

³⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 21. Ræða við rektoraskipti 5. sept. 1991.

³⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 218.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL

Háskólaráð ítrekar þá afstöðu sína, að það er ráðinu óljúft verk að þurfa að innheimta gjöld af stúdentum til rekstrar skólans. Fjárframlög til skólans samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1993 eru hins vegar með þeim hætti, að hjá því verður ekki komist að brúa það bil, sem þar myndast milli fjárveitinga annars vegar og raunverulegrar fjárþarfar hins vegar, með skólagjöldum. Háskólanum er því nauðugur sá kostur að innheimta þessi gjöld af nemendum sínum. Háskólaráð vonar, að þessi gjöld séu ekki til frambúðar og beinir þeim tilmælum til Alþingis að auka fjárveitingar til skólans þannig, að unnt sé að lækka gjöld af stúdentum.³⁸

Háskólinn taldi skólagjöld ekki réttnefni á innritunargjöldum og sagði gjaldið aðeins vera fyrir hluta af kostnaði við skráningu hvers stúdents og ætti ekkert skylt við eiginlega gjaldtöku fyrir nám og kennslu. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1992 gerði ráð fyrir að Háskólinn innheimti rúmar 17.000 kr. á ári í „innritunar- og efnisgjöldum“ til þess að standa undir hluta rekstrarútgjalda skólans. Árið áður hafði innritunargjaldið verið 7.200 kr., og af þeirri upphæð féllu 2.000 kr. til Háskólans vegna kostnaðar við stúdentaskírteini, kennsluskrá, handbók stúdenta og fleira. Hinn hlutinn rann til Félagssstofnunar stúdenta, Byggingarsjóðs stúdenta og Stúdentaráðs.³⁹ Stór hluti af innritunargjöldum fór því í annað en rekstur Háskólans sjálfs. Á næstu árum var þó ákveðið að hækka innritunargjöldin smám saman, gegn vilja stúdenta. Skólaárið 1994–95 voru þau orðin 22.975 kr., og áttu 18.000 kr. að renna til Háskólans. Skrásetningargjöld voru í sex ár 45.000 kr. en frá háskólaárinu 2010–11 stóð til að hækka þau í 65.000 kr. Stjórnvöld voru andvíg hugmyndum háskólaráðs um hækkun gjaldsins þótt námsmönnum fjölgaði og fjárveitingar væru hlutfallslega að dragast saman. Háskólaráð hefur ítrekað gert athugasemd við hækkun á skráningargjaldi en telur sig knúið til að leggja það á vegna takmarkaðra fjárveitinga.⁴⁰ Árið 1991 námu skrásetningargjöld 0,5% af rekstrartekjum Háskólans og voru komin í 4% af heildarrekstrartekjum skólans árið 2008.

Árið 1995 tók nefnd háskólaráðs saman skýrslu um hvort ætti að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun. „Töluverður áhugi er innan Háskólans á þessari hugmynd“, sagði háskólarektor í brautskráningarræðu árið 1996.⁴¹ Í tengslum við það var rætt um að

³⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 218–19.

³⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 27.

⁴⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 203.

⁴¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 43.



Stöðug umræða hefur verið um að taka upp skólagjöld í Háskóla Íslands. Þessar fyrirspurnir eru úr stúdentablaðunum frá árunum 1990–2007.

líklega yrði skólinn að leggja á skólagjöld. Þá var einnig áætlað að skólinn yrði að takmarka fjölda nemenda til að vernda fjárhag skólans og gæði námsins.⁴² Skýrslan um sjálfseignarstofnanir leiddi til umræðu um stjórnskipulag Háskólans þar sem meðal annars var varpað fram hugmyndum um að skipta skólanum upp í nokkra skóla, hugmynd sem segja má að orðið hafi að veruleika liðlega tíu árum síðar, en á öðrum forsendum.⁴³ „[H]ugmyndir [um skólagjöld] eru afleiðingar áralangs skilningsleysis stjórnvalda á mikilvægi menntunar.“⁴⁴ Þetta sagði formaður Stúdentaráðs, en námsmenn hafa jafnan barist gegn hugmyndum um skólagjöld sem lausn á fjárhagsvanda Háskólans.

Með staðfestingu á nýjum reglum fyrir Háskóla Íslands hinn 14. júní árið 2000 heimilaði háskólaráð að Endurmenntun Háskólans gæti innheimt skólagjöld fyrir MBA-nám (*Master of Business Administration*) sem var á faglegri ábyrgð Viðskipta- og hagfræðideildar.⁴⁵ Rektor lagði fram svohljóðandi bókun vegna málsins: „Sú

⁴² *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 43–44. – *Fréttabréf Háskóla Íslands* XVIII:1, 10–12.

⁴³ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 219. – Björn Þ. Guðmundsson, „Nýtt stjórnskipulag Háskóla Íslands“, 18–24.

⁴⁴ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 7.

⁴⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 140.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL

ákvörðun Háskóla Íslands að heimila gjaldtöku fyrir MBA-nám byggist á því að þar er um starfstengt endurmenntunarnám að ræða og sérstakt tilvik. Ákvörðun Háskóla Íslands markar því ekki stefnu-breytingu hvað varðar upptöku skólagjalda við Háskólann.⁴⁶

Fjallað var um skólagjöld á háskólafundi árið 2003 og 2004, en ekki voru greidd atkvæði um málið.⁴⁷ Viðskipta- og hagfræðideild og Lagadeild lögðu fyrir háskólafund 17. nóvember 2005 tillögu um að heimilt yrði að taka skólagjöld af nemendum í meistaranámi. Veigamesta röksemd deildanna fyrir skólagjöldum var „sú einfalda staðreynd að núverandi fjármögnun kennslu dugar engan veginn til að standa undir kostnaði við meistaranám í þessum deildum“ að sögn deildarforsetanna.⁴⁸ Forseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans taldi að framlag ríkisins þyrfti að hækka um helming svo að kennsla við deildirnar yrði viðunandi.⁴⁹ Hins vegar hefur verið heimilað að taka skólagjöld af nemendum sem leggja stund á nám við Endurmenntun Háskóla Íslands eins og fyrr segir. Þar geta prófessorar Háskólans skipulagt og annast kennsluna, en Hæstiréttur hefur fellt dóm um að slík endurmenntun sé ekki ein af starfs-skyldum prófessora, og því eigi þeir rétt á að fá sérstakar greiðslur fyrir hana.⁵⁰ Þannig kostaði MPM-nám (*Master of Project Management*) hjá Endurmenntun árið 2009 um 2,5 milljónir króna eða um 23 sinnum meira en sem nam innritunargjöldum Háskóla Íslands á sama tíma. MPM-námið er á faglegri ábyrgð Verkfræðideildar. Þrátt fyrir skólagjöld hafa um 3.000 nemendur lokið námi frá námsbrautum Endurmenntunar síðastliðin 25 ár, og hafa þeir allir, eða fyrirtæki sem þeir starfa hjá, greitt skólagjöld, sumir hátt í þá upphæð sem greidd er fyrir MPM-nám. MBA-nám og BS-nám samhliða starfi var flutt frá Endurmenntun árið 2007 með fullum skólagjöldum yfir til Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, en námið er á faglegri ábyrgð Viðskiptafræðideildar, og verða nemendur útskrifaðir þaðan.⁵¹

Auk hækkunar á tekjum skólans hefur verið bent á að með auknum skólagjöldum mætti bæta námið og þjónustu við nemendur. Með skólagjöldum muni stúdentar krefjast betri árangurs í námi, og hvort tveggja gæti dregið úr brottfalli. Andstæðingar skólagjalda telja á hinn bóginn að þau geti haft áhrif á námsval og stuðli frekar að því að stúdentar velji greinar þar sem einkaarðsemi menntunar sé mest á kostnað greina sem hafa hugsanlega meiri samfélagslegan ávinning. Þá sé ekki víst að hærri skólagjöld leiði til betri kennslu og námsárangurs, heldur þvert á móti. Slegið geti verið af náms-

⁴⁶ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 14. júní 2000. – *Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01*, 54.

⁴⁷ *Fréttablaðið* 3. mars 2006, 13. – *Vef. HÍ. Háskólafundur. Skólagjöld voru til umræðu á 10. háskólafundi 8. sept. 2003, 12. háskólafundi 22. mars 2004 og 13. háskólafundi 21. maí 2004.*

⁴⁸ *Vef. HÍ. 18. háskólafundur 17. nóv. 2005 um heimild til skólagjalda í meistaranámi.*

⁴⁹ HÍ. Málsnúmer: HI06030018, skólagjöld í meistaranámi. – *Vef. RÚV. Fréttir kl. 12:20, 27.02.2006.*

⁵⁰ *Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 310/2002.*

⁵¹ *Árbók Háskóla Íslands 2008, 193. – Viðtal. Kristín Klara Einarsdóttir skrifstofustjóri 17.12.2009.*

kröfum til að afla meiri tekna.⁵² Það er því að mörgu að hyggja þegar rætt er um skólagjöld.

Þótt nokkrir hópar innan Háskólans hafi verið fylgjandi því að taka upp skólagjöld hefur meirihluti starfsmanna og nemenda verið því andvígur. Í Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011, sem samþykkt var í háskólaráði, segir: „Háskóli Íslands er ríkisháskóli sem ekki innheimtir skólagjöld.“⁵³ Ekki hefur verið á dagskrá að taka þau upp nema Alþingi mæli fyrir um slíkt með lögum.⁵⁴ Samkvæmt lögum er Háskólanum óheimilt að leggja á skólagjöld, og skrásetningargjald er bundið í lög. Niðurstaðan í umræðunni hefur verið sú að Háskólinn muni ekki hafa frumkvæði að því að óska eftir heimild til innheimtu skólagjalda, en til þess þyrfti að breyta lögum um skólann. Háskólaráð telur eðlilegt að stjórnámálemenn taki ákvörðun um það hvort stúdentar við Háskóla Íslands greiði skólagjöld eins og þau sem tíðkast við einkaháskólana. Menntamálaráðherrar hafa heldur ekki viljað eiga frumkvæði að breytingum nema ósk um það kæmi frá skólanum sjálfum.⁵⁵

Ráðgjafarnefnd um stefnu í menntun, vísindum og nýsköpun sem kynnt var á vordögum 2009 sagði stuttlega um skólagjöld: „Þegar mismunandi fjárstreymi er skoðað þarf sérstaklega að huga að því að fjármögnun rannsókna og innheimta skólagjalda verði sambærileg í öllu kerfinu. Hvað varðar skólagjöld sérstaklega þá er nauðsynlegt að skoða þau almennt og hugsanlega taka þau upp á stærri skala en er gert í dag.“⁵⁶ Þegar litið er til OECD-ríkja voru átta ríki sem ekki innheimtu skólagjöld vegna háskólanáms á árunum 2006–07, en önnur 13 ríki sambandsins innheimtu skólagjöld sem að jafnaði námu um 1.500 bandaríkjadöllum á ári. Á móti því kemur jafnframt umfangsmikið styrkjakerfi.⁵⁷ Af um 600 erlendum stúdentum sem leggja stund á nám við Háskóla Íslands á eigin vegum námsárið 2010–11 kom tæplega helmingur frá löndum þar sem krafist er skólagjalda af Íslendingum. Það mun hafa verið til skoðunar í Menntamálaráðuneytinu árið 2011 að nemendur frá þessum ríkjum verði látnir greiða skólagjöld við íslenska háskóla.⁵⁸ Hugsanlega mun sú staðreynd að einkaháskólarnir á Íslandi leggja á skólagjöld og skekkja þannig samkeppnisstöðu háskólanna halda við umræðunni um þau við Háskóla Íslands, en framtíðin á eftir að leiða í ljós hvort þau verða tekin upp í ríkara mæli.

Á afmælisárinu 2011 var Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor spurð hvort til greina kæmi að taka upp skólagjöld fyrir nám í Há-

⁵² Háskóli Íslands. *Stjórnsýsluúttekt*, 36–37.

⁵³ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 26.

⁵⁴ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 26.

⁵⁵ Háskóli Íslands. *Stjórnsýsluúttekt*, 46.

⁵⁶ *Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun. Ný stefna fyrir Ísland.*

⁵⁷ *Vef. OECD. Economy at a Glance 2010. Skólagjöld í háskólanámi.*

⁵⁸ *Morgunblaðið* 23. feb. 2011, 2. – *Vef. RÚV. Fréttir* kl. 18:00 22.02.2011.



skóla Íslands. Hún svaraði á þessa leið: „Okkur er ekki heimilt að innheimta skólagjöld og það hefur hvorki verið nein umræða um þau né pólitískur vilji til að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands.“⁵⁹

3. Erfiðasta vandamál Háskólans

Ekki þarf lengi að fletta heimildum Háskólans á níunda og tíunda áratug 20. aldar til að sjá að háskólakennarar voru mjög ósáttir við kjör sín. Þeir máttu lengi sæta afgangi þegar kom að því að skipta launaköku samfélagsins. Þegar verðbólga var mikil og laun höfðu lækkað var lögð áhersla á að hækka laun hinna lægst launuðu, og þegar betur áraði virtist ekki mega breikka launabilið og bæta í laun háskólakennara. Stjórnarráðið, opinberar stofnanir og sveitarfélög gátu haldið háskólamenntuðu fólki með yfirborgunum. Fastar yfirvinnugreiðslur voru teknar upp til starfsmanna í stjórnslu Háskólans, en slíkar greiðslur tíðkuðust aldrei til kennara skólans.⁶⁰ Til að bæta kjör kennara og efla þá í starfi var tekið upp framgangskerfi árið 1976 eins og fyrr sagði.⁶¹ Ári síðar var komið á því fyrirkomulagi að unnt væri að sækja um einna til tvennra mánaðarlauna aukabóknun vegna lúkningar viðamikilla rannsóknarverkefna, og má líta á það sem eins konar forvera Vinnumatssjóðs.⁶² Árið 1987 var farið að bjóða upp á tvo launaflokka fyrir prófessora, hinn síðari eftir mat á rannsóknum og fræðistörfum.⁶³ Þeir sem unnu með eiturefni fengu einnig sinn launaflokk. Á árunum 1983–2004 voru takmarkaðir möguleikar fyrir háskólakennara að reikna sér yfirvinnu við rannsóknir, og smám saman varð háskólakennurum óheimilt að nota rannsóknarstyrki til að greiða sjálfum sér yfirvinnu.⁶⁴

Það voru ekki aðeins háskólakennarar sem kvörtuðu yfir því að fá ekki hærri laun. Yfirvöld Háskólans töldu að launakjör háskólakennara stæðu skólanum fyrir þrífum. Háskólinn stóð illa að vígi með að laða til sín hæfa kennara í mörgum kennslugreinum þar sem samkeppni var um vinnuafli. Það kom reglulega fyrir að enginn sótti um auglýstar kennarastöður.⁶⁵ Einnig var erfitt að fá unga og upprennandi vísindamenn erlendis frá því að kjör og aðstæður til rannsókna voru oft mun betri við háskóla og rannsóknarstofur í útlöndum. Svo var komið árið 1991 að Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor sagði að léleg „kjör háskólakennara eru erfiðasta vandamál Háskólans“.⁶⁶ Háskólakennarar gátu aðeins aukið tekjur sínar með því að bæta við sig kennslu. Með aukinni kennslu var

⁵⁹ *Fréttablaðið* 8. jan. 2011, 24.

⁶⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 145.

⁶¹ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 29. jan. 1976.

⁶² *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 28. júní 1979, gr. 14.

⁶³ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 14. maí 1987.

⁶⁴ *HÍ*. Skjalasafn Félags háskólakennara C1. Tillögur Háskólaneftndar Félags háskólakennara.

⁶⁵ *Morgunblaðið* 25. apríl 1996, 72.


⁶⁶ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 31.



hætta á að kennarar létu rannsóknir sitja á hakanum. Duglegir stundakennarar og sérfræðingar brenndu sig stundum illa á mikilli yfirvinnu við kennslu í stað rannsókna. Þegar tímabundnar stöður þeirra voru auglýstar komu aðrir, stundum erlendis frá, sem höfðu helgað sig rannsóknum og hreptu stöðurnar.⁶⁷ Vegna launastefnu stjórnvalda kusu margir háskólakennarar að drýgja tekjur sínar með arðbærum störfum utan skólans.⁶⁸ Árið 1995 hafði Ástráður Eysteinnsson, formaður vísindanefndar háskólaráðs, enn verulegar áhyggjur af kjörum akademískra starfsmanna þegar hann sagði: „Mesta hætta sem Háskóla Íslands er búin nú felst í óþolandi launakjörum háskólakennara og rýrum fjárframlögum til skólans að öðru leyti, ekki síst til rannsókna.“⁶⁹

Júlíus Sólnes prófessor lét þau orð falla á opinberum fundi í Félagi háskólakennara að um 1985 hafi prófessorar verið búnir að vinna fyrir launum sínum um hádegi, en laust eftir 1990 væru þau orðin svo lítilfjörleg að þeir væru í raun búnir að vinna fyrir dagvinnulaunum strax eftir morgunkaffi.⁷⁰ Ef til vill voru þetta rök þeirra sem drýgðu lágar tekjur sínar með því að taka að sér aukastörf utan Háskóla Íslands, jafnframt því að sinna vinnu sinni við skólann. Ljóst var að hluti háskólakennara gerði það í mismiklum mæli í lengri eða skemmri tíma. Það kemur reyndar ekki einungis til af því að prófessora vantaði tekjur, heldur hefur alla tíð verið mikið um það að stjórnvöld, opinberar stofnanir og einkafyrirtæki leiti til Háskóla Íslands með margvísleg úrlausnarefni sem þau telja heppilegt að fá aðstoð við hjá sérfræðingum skólans. Óhætt er að segja að áhuginn hafi verið gagnkvæmur því að samkvæmt könnun sem Rannsóknþjónusta Háskólans gerði árið 1987 sögðust „[f]lestir kennarar og/eða sérfræðingar (80%) ... hafa mikinn eða nokkurn áhuga á að vinna að rannsóknum fyrir atvinnulífið“.⁷¹ Þannig hafa margir starfsmenn Háskólans þjónað aðilum utan skólans, aukið tekjur sínar um leið og nýtt þekkinguna af slíkum störfum við kennslu í skólanum. Svo fór að í lög um háskóla árið 1997 var sett ákvæði um að „[h]áskólar skulu miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar“.⁷² En of mikil vinna utan skólans getur líka komið niður á innra starfi hans. Til að fá kennara Háskólans til að helga sig störfum við skólann hefur vinnu- og hvatakerfið verið eflt smám saman.

Litlu munaði að kæmi til verkfalla hjá kennurum Háskólans árið 1989. Svo að unnt væri að koma til móts við kröfur kennara við



Sigríður Björnsdóttir gætti hagsmuna háskólastarfsmanna sem framkvæmdastjóri Félags háskólakennara og Félags prófessora 1998–2006.

⁶⁷ *Víðtal*. Rögnvaldur Ólafsson dósent 23.09.2009.

⁶⁸ Hjalti Hugason, „Mat á rannsóknarstarfi háskólamanna“, 9.


⁶⁹ *Rannsóknir við Háskóla Íslands 1991–1993*, 1.

⁷⁰ *Tölvupóstur*. Júlíus Sólnes prófessor 15.12.2010.

⁷¹ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 90.

⁷² *Vef*. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla, 2. gr.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL



Valdimar Örnólfsson hlynni að líkamlegri velferð nemenda, kennara og annarra starfsmanna sem íþróttastjóri Háskólans í meira en 30 ár, 1967–2002, og jafnvel lengur.

rannsóknir var komið á svokölluðum Vinnumatssjóði með fyrstu úthlutun árið 1989. Félagsmenn í Félagi háskólakennara gátu sent inn eintök af ritverkum sínum frá fyrra ári og fengið þau vegin og metin, stundum léttvæg fundin, því lítið var í fyrstu í þeim sjóði til skiptanna. Kennarar voru heldur ekki á eitt sáttir um mat á innsendum verkum og hafa deilur staðið um það alla tíð, síðustu ár á póstlistum skólans.⁷³ Þannig sagði Eggert Briem prófessor um vinnumatið á póstlista Háskólans haustið 2010: „Þegar listi yfir rannsóknastig birtist mun glitta í hinn úfna haus vinnumatskerfisins í foraði misréttisins. Þá mun koma í ljós að þótt framlag tveggja til fræða og vísinda á 5–10 ára tímabili sé sambærilegt, getur annar hafa fengið fimmfalt meira greitt úr vinnumatinu en hinn. Hvað verður þá um heiður vísinda og kraftbirtingarhljóm akademíu?“⁷⁴ Vinnumatskerfið umbunar fyrir rannsóknir þar sem mest er lagt upp úr birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum, og er það í samræmi við alþjóðlegar hefðir við mat á vísindalegum birtingum. Mjög lítið eða ekkert er gefið fyrir birtingu greina í dagblöðum eða alþjóðlegum tímaritum. Fræðibækur á íslensku sem taka mörg ár í vinnslu eru jafnframt lágt metnar. Þetta var eitt af því sem gaf höfundum Rannsóknarskýrslu Alþingis í kjölfar bankahrunsins 2008 tilefni til gagnrýninna spurninga: „Því má velta fyrir sér hvort þetta hvatakerfi fjarlægji háskólamenn frá samfélaginu og dragi úr borgaralegri vitund þeirra. ... Þótt öflug þátttaka íslenskra háskólanna í alþjóðlegu rannsóknarsamfélagi sé afar þýðingarmikil, er það áhyggjuefni ef þeir búa við matskerfi sem vinnur óbeint gegn því að þeir beiti sér jafnframt sem ábyrgir borgarar í lýðræðisríki.“⁷⁵ Gagnrýni á vinnumatskerfið hefur komið úr öllum áttum. Annar hópur telur að hvatt sé til lággæðarannsókna í stað þess að efla hágæðarannsóknir. „Stærsti galli kerfisins er að munurinn á vægi rannsókna eftir gæðum er allt of lítill.“⁷⁶ Bent hefur verið á að tvær greinar í lítt þekktu tímariti gefi meira í aðra hönd en ein grein í einu þekktasta vísindaritum heims. Talsmenn þessa hóps telja að gefa ætti þeim rannsóknum sem komast í þekktustu vísindaritum heims margfalt meira vægi. Upphæðin sem varið er í Vinnumatssjóð hefur farið hækkandi og var árið 2009 13% af árslanum fyrir dagvinnu þeirra kennara og sérfræðinga sem eru í a.m.k. hálfu starfi við Háskóla Íslands.⁷⁷ Árið 2009 voru greiddar út 248 milljónir króna úr sjóðnum fyrir 350 ársverk unnin árið 2008.⁷⁸ Próffessorar fá sambærilegar greiðslur úr Ritlauna- og rannsóknasjóði próffessora

⁷³ Hjalti Hugason, „Mat á rannsóknarstarfi háskólanna“, 9–11.

⁷⁴ HÍ. HI-starf. Eggert Briem, „Kraftbirtingarhljómur akademíunnar“ 10.09.2010.

⁷⁵ Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 220.

⁷⁶ Jón Steinsson, „Hvatt til meðalmennsku við Háskóla Íslands“, 24.

⁷⁷ Vef. HÍ. Reglur vinnumatssjóðs Félags háskólakennara vegna rannsókna.

⁷⁸ *Víðtal*. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri 29.09.2009.

sem heyrir undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. „Það er nærri lagi að um helmingur þeirra sem eiga rétt til greiðslu úr sjóðnum fái úr honum á hverju ári. Ljóst er að Vinnumatssjóður hefur frá upphafi stuðlað að verulega aukinni ritvirkni háskólamanna. Hann hefur gert þeim kleift að draga nokkuð úr vinnu utan Háskólans og einbeita sér frekar en áður að rannsóknum.“⁷⁹

Vinnumatssjóður sem kom félagsmönnum í Félagi háskólakennara til góða varð þó ekki til að hjálpa stundakennurum skólans. Þeir fóru í verkfall 1990–91 sem olli umtalsverðum erfiðleikum í nokkrum deildum, og var brugðist við því með því að ráða „kennara í sérstakar tímabundnar lektorsstöður og með aukinni yfirvinnu fastráðinna kennara og sérfræðinga Háskólans“.⁸⁰ Flestir stundakennarar eru með minna framlag og koma aðeins inn í afmarkaða hluta af námskeiðum, en aðrir taka að sér heil námskeið. Það er Háskólanum mikill styrkur að geta fengið sérfræðinga alls staðar að úr þjóðlífinu til að miðla sérhæfðri þekkingu sem byggist á praktískri reynslu fagmanna. Þannig er skólinn í lifandi sambandi við atvinnulífið og fólkið í landinu. Sumir telja að hlutfall stundakennara sé of hátt miðað við fasta kennara skólans.⁸¹ Árið 2009 var fjöldi fastráðinna kennara 643 á sama tíma og störf lausráðinna stunda kennara námu 220 manna.⁸² Þeir sem leggja stundakennslu fyrir sig sem aðalstarf segja gjarnan að það sé einhver verst borgaða vinna sem þeir hafi á lífsleiðinni tekið að sér.⁸³ Það varð til þess að aftur var blásið lífi í félagsskap stundakennara og stofnuðu þeir félagið Hagstund í nóvember 2009.

Þegar hvorki gekk né rak hjá Félagi háskólakennara á títunda áratug 20. aldar að fá kjör félagsmanna sinna bætt ákváðu prófessorar að taka málin í sínar hendur. Þeir blésu nýju lífi í Félag prófessora, eins og fyrr sagði, og prófessorarnir Guðmundur Magnússon, Sigmundur Guðbjarnason og Þórólfur Þórlindsson komu árið 1997 með tillögur sem tóku mið af eldri þróun í hvetjandi launakerfi skólans og lögðu til við kjaranefnd að komið yrði á fót fimm flokka launakerfi fyrir prófessora. Tillagan miðaðist við að draga úr hvata til kennslu og auka þátt rannsókna. Í greinargerð til kjaranefndar var vísað til samanburðar til launa héraðsdómara, forstöðumanna rannsóknarstofnana atvinnuveganna, háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði og launa prófessora annars staðar á Norðurlöndum. Í fyrstu var ekki einhugur um að prófessorar færu úr Félagi háskólakennara og undir ákvörðun kjaranefndar, en aðrir

⁷⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1999, 22.

⁸⁰ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 31. – *Víðtal*. Edda Magnúsdóttir, fv. starfsmannastjóri 28.09.2009.

⁸¹ Rúnar Vilhjálmsson, „Gæðavandi á háskólastiginu: Eðli og ástæður“, 451.

⁸² *Árbók Háskóla Íslands* 2009, 90–91.

⁸³ *Víðtal*. Stundakennari sem ekki vill láta nafns síns getið 3.11.2010.

töldu fyrri aðgerðir fullreyndar. Kennarar sem höfðu lagt sig eftir samstarfi við atvinnulífið komu heldur illa út úr mælingum á „prentsvertuframleiðslu“, en svo nefndu andstæðingar hins nýja launastiga nýju launaflokkana.⁸⁴ Kjaranefnd brást vel við erindi Prófessorafélagsins og úrskurðaði félagsmönnum verulega kjarabót 2. júlí 1998 sem þeir höfðu lengi beðið eftir. Talið er að velvild stjórnvalda, stuðningur yfirvalda Háskólans, skilningur annarra háskólakennara og samfélagsins hafi ráðið úrslitum um þessa aðgerð til að bæta kjör prófessora.⁸⁵ Áhrif samningsins urðu þau að prófessorar dustuðu rykið af hálfkláruðum ritverkum í skúffum sínum, ritvirkni jókst, og smám saman fjölgaði launaflokkum prófessora í sjö. Þeir sem létu af störfum gerðu það mun sáttari við eftirlaun sín. Samningurinn varð síðar til þess að samið var við Félag háskólakennara um að bæta kjör félagsmanna þess.

4. *Nemendur gefa kennurum einkunnir*

Í háskólum víða um heim tíðkast að nemendur meti námskeið og frammistöðu kennara.

Árið 1968 gerði menntamálanefnd Stúdentaráðs könnun á kennsluháttum prófessora og birti niðurstöður í Vettvangi Stúdentaráðs. Könnunin olli miklu uppnámi í röðum kennara, og samþykkti háskólaráð ályktun um málið þar sem könnunin var talin ámælisverð.⁸⁶ Kennslumálanefnd háskólaráðs tók um 1985 að huga að skipulegum kennslukönnunum. Að tilstuðun nefndarinnar var eyðublað hennar fyrst notað af nokkrum kennurum haustmiserið 1986. Háskólaráð samþykkti í nóvember 1989 leiðbeinandi reglur um kennslukannanir sem síðar hafa verið staðfestar í reglum skólans og sérstökum verklagsreglum.⁸⁷ Frá „vetrinum 1990–91 hefur verið gerð könnun í öllum námskeiðum Háskólans í samvinnu kennslumálanefndar og stúdentaráðs“.⁸⁸ Könnunin beinist að uppbyggingu og skipulagi einstakra námskeiða eða námskeiðshluta og að kennsluháttum kennara. Spurt var til dæmis hvort kennslan væri í samræmi við upphafleg markmið, hvort kennslugögn nýttust vel, hvernig kennari kæmi efni frá sér, hvort hann hvetti til spurninga og hvort hann benti á ítarefni. Einnig var spurt um undirbúning kennarans, þekkingu hans, áhuga hans á efninu, viðmót við nemendur og margt fleira. Loks gáfu nemendur kennurum og námskeiðinu heildareinkunn, ekki ólíkt því sem kennarar gefa nemendum. Í niðurstöðum könnunar sem gerð var um haustmiserið 1989 kom í ljós að allur


⁸⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 586–87.

⁸⁵ Guðmundur Magnússon, „Úrskurður kjaranefndar um laun og starfskjör prófessora“, 22–23.

⁸⁶ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs 11. júlí 1968, 55–58. Sbr. hér að framan, kafla II.11.3.

⁸⁷ *Vef*. *HÍ*. Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/200 gr. 24. – *Vef*. *HÍ*. Verklagsreglur um könnun á kennslu og námskeiðum við H.Í. og meðferð hennar.

⁸⁸ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir 1985–1991*, 74. – Þórður Kristinsson, „Könnun á kennslu og námskeiðum“, 3.



Dreifing einkunna í kennslukönnun á vormisseri 1990. Myndin er úr bæklingi sem kennslumálanefnd háskólaráðs gaf út um niðurstöður könnunarinnar. Hér má sjá að einir 70 kennarar hafa fengið fallelukunn en flestir verið á bilinu 7–9 og örfáir fengið 10.

einkunnastiginn var notaður. Flestir kennarar voru með um 7, og sömu ummæli fengu námskeiðin sjálf.⁸⁹ Meginmarkmið könnunarinnar var að stuðla að bættri kennslu.⁹⁰ Með þessu átti einnig að tryggja að Háskóli Íslands stæðist samanburð við erlenda háskóla á sem flestum sviðum.⁹¹ Farið hefur verið með niðurstöður úr þessum könnunum sem trúnaðarmál, en kennarar fá niðurstöður úr þeim námskeiðum sem þeir hafa umsjón með. Tekið hefur verið tillit til þeirra í störfum dómnefnda um framgang í starfi, og komið hefur fyrir að synjað hafi verið um framgang á grundvelli kennslukannana. Þess munu einnig vera dæmi að stundakennarar hafi ekki verið endurráðnir vegna þess hve illa þeir komu út úr kennslumati.⁹²

Langur vegur er þó frá því að allir hafi verið á einu máli um ágæti kennslukannana, sérstaklega þegar þær voru fyrst lagðar fyrir. Þannig sagði Robert Cook, prófessor í ensku og langreyndur háskólakennari í Bandaríkjunum, eftir að fyrstu niðurstöður birtust: „Það er skoðun mín, byggð á 30 ára reynslu sem háskólakennari, þ.á m. setu í mörgum dómnefndum og störfum sem deildarforseti, að tölulegt mat af þessu tagi sé gjörsamlega út í hött sem mælikvarði á háskólakennslu. Úr slíkri könnun koma engar gagnlegar upplýsingar, þvert á móti getur hún verið skaðleg.“ Í raun var Robert ekki alfarið á móti því að störf kennara væru vegin og metin. Hann var hins vegar andvígur því að þættir sem í raun eru illmælanlegir væru settir upp á tölulegan kvarða. Robert sagði: „Háskólakennsla

⁸⁹ *Fréttabréf Háskóla Íslands* XII:2, 20–21.

⁹⁰ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 30. nóv. 1989.

⁹¹ Karl Sigurðsson, „Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu og námskeiða“, 17.

⁹² *Fréttabréf Háskóla Íslands* XX:4, 8.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.2 RÉTTLÆTISMÁL

Kennslukannanir hafa alla tíð verið mikilvægir ágreinings-efni í háskólasamfélaginu. Þessar fyrirsagnir eru frá árunum 1989–2004, úr blöðum sem tengjast Háskóla Íslands.



er ekki aðeins list, hún er einnig of margbreytileg til að hægt sé að mæla hana með einum og einföldum mælikvarða. Eyðublaðið er meistarastykki steinrunninnar hugsunar.⁹³ Af þessu tilefni og til að varpa spaugilegu ljósi á svona könnun var lærimeistarinn Sókrates settur í kennaramat og fékk meðal annars þessa umsögn: Klæðist laki, spyr í sífellu og slær stúdenta jafnvel út af laginu með óþægilegum spurningum, heldur ekki viðvistarskrá, hefur ekki töflu, notar ekki hjálpargögn, skipuleggur ekki kennslustundir, og leyfir stúdentum að vaða úr einu í annað og hættir til sjálfsmorðs með eitri þegar hann er aðþrengdur. Umsögn: „Á hvergi heima í kennslu. Verður ekki endurráðinn.“⁹⁴

Kennslumálanefnd, háskólayfirvöld og flestir kennarar hafa talið að unnt væri að endurbæta kennslukannanir frá því þær voru fyrst lagðar fyrir, af þeim sé unnt að hafa nokkurt gagn, og þykja þær sjálfsgöður hluti af gæðakerfi kennslu og hvatakerfi skólans. Eftir að Kennslumiðstöð Háskólans tók til starfa á Kennslusviði árið 2000 annaðist hún framkvæmd könnunarinnar í samráði við Reikni-

⁹³ Robert Cook, „Námsmátið“, 26.
⁹⁴ Þórður Kristinnsson, „Kennaramat“, 23.

stofnun og skrifstofu Kennsluviðs. Kennslumiðstöð hefur með ýmsum aðferðum unnið að því að bæta kennslu við skólann, meðal annars með því að fá handhafa verðlauna fyrir kennslu til að halda fyrirlestra um kennsluhætti sína. Með nýjum reglum fyrir Háskóla Íslands árið 2000 var unnið að nánari útfærslu á aðferðum við að bæta kennsluna og þar með endurbótum á kennslukönnun. Haustið 2002 var könnunin og úrvinnsla hennar í fyrsta sinn rafræn. Tveimur árum síðar voru gerðar verulegar endurbætur á vinnsluþætti könnunarinnar í tengslum við þróun vefkerfisins. „Aðgengi deildarforseta og annarra sem aðgang hafa að niðurstöðum var bætt, sem auðveldaði eftirfylgni með niðurstöðum hennar.“⁹⁵ Þannig geta umsjónarmenn námskeiða séð hvort stundakennarar hljóta hljómgrunn og tekið mið af því við skipulag námskeiða. Kennslumálanefnd fékk Einar Guðmundsson prófessor árið 2005 til að rannsaka kennslukannanir í grunn- og framhaldsnámi, en sums staðar er þetta mest rannsakaða málefni æðri menntunar.⁹⁶ Kennslukannanir hafa einnig vakið athygli íslenskra vísindamanna.⁹⁷ Einar taldi að breyta mætti könnuninni til að auka notagildi hennar en viðurkenndi að vandi fælist í því að „ekki er viðurkennt líkan, fyrirmynd eða kenning er til um góða háskólakennslu eða góða háskólakennara“.⁹⁸ Um athugun á kennslukönnun fyrir framhaldsnámið sagði Einar: „Áreiðanleiki þáttanna þriggja [kennslu, kennsluauðstöðu og vinnuálags metins eftir 37 spurningum] er viðunandi. Aftur á móti er áreiðanleiki einstakra staðhæfinga í flestum tilvikum óviðunandi. Þetta þýðir að ... óvissa [er] því talsverð við túlkunina. Nokkur og í sumum tilvikum mikil ónákvæmni fylgir ályktunum út frá einstökum staðhæfingum. Það ætti því að fara varlega ef nota á niðurstöðu úr einstökum staðhæfingum kennslukönnunarinnar til annars en að upplýsa kennara um matið eða til að kennarar geti notað einstakar staðhæfingar til að bæta kennslu sína.“⁹⁹ Eftir þessa úttekt var kennslukönnun aftur breytt til að varpa betra ljósi á námskeið og kennslu, Háskólanum og nemendum vonandi til hagsbóta. Nýjustu verklagsreglur háskólaráðs um kennslukannanir eru frá vorinu 2010.

Árið 2000 beitti Stúdentaráð sér fyrir því að sett voru upp Netverðlaun kennara til að hvetja þá til að nota vefinn meira við kennslu. Hinn 9. febrúar 2001 fékk Ágúst Kvaran prófessor verðlaunin fyrir öflugan vef sem nýttist nemendum vel í námi.¹⁰⁰

⁹⁵ *Alhliða háskóli*, 50.

⁹⁶ *Fréttabréf Háskóla Íslands* XX:4, 9–10.

⁹⁷ Snjólfur Ólafsson og Þórhallur Guðlaugsson, „Æskileg þróun kennslumats við Háskóla Íslands“, 465–75. – Guðrún Geirsdóttir, „Námskrágerð og gæði Háskóla Íslands“, 145–55. – Anton Örn Karlsson, Snjólfur Ólafsson og Þórhallur Guðlaugsson, „Áhrifaþættir á ánægju nemenda með einstök námskeið í Háskóla Íslands“, 25–35.

⁹⁸ Einar Guðmundsson, „Þáttbygging kennslukönnunar í grunnnámi við Háskóla Íslands“, 4, 31. – Sjá einnig Einar Guðmundsson, „Þáttbygging kennslukönnunar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands“.

⁹⁹ Einar Guðmundsson, „Þáttbygging kennslukönnunar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands“, 525.

¹⁰⁰ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01*, 49–50.

3. Vöxtur

1. Fjölgun nemenda

Námsárið 1990–91 voru liðlega 5.100 námsmenn skráðir til náms við Háskóla Íslands, þar af voru næstum helmingur nýskráðir eða liðlega 2.200. Námsmönnum hafði fjölgað á níunda áratug 20. aldar um að jafnaði 5% á ári þrátt fyrir fækkun stúdenta skattleysisárið 1987. Í janúar 2008, hálfu ári fyrir sameiningu við Kennaraháskóla Íslands, var fjöldi námsmanna kominn í 10.097, og því hafði fjölgað um tæp 100% á þessum 17 árum. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um 21%.¹

Námsmenn þyrsti í fróðleik og fræðslu við Háskóla Íslands, þó eflaust væru ástæður náms margvíslegar. Með lögum frá 1999 færðist reglugerðarvald um stofnsetningu nýrra deilda og námsleiða til Háskólans sjálfs, og því varð hægara um vik að fjölga námsgreinum og þar með stúdentum.² Námsframboðið jókst með framhaldsnámi, nýjum námsleiðum, diplómanámi og starfstengdum námskeiðum. Það er þó mat margra að það sé fyrst og fremst sókn einstaklinga eftir háskólagráðum (credentialismi) sem skýri fjölgunina.³ Páll Skúlason háskóla- og rektor varpaði ljósi á ástæður þessarar fjölgunar þegar hann sagði í brautskráningarræðu árið 2004:

Hér skiptir höfuðmáli að allur almenningur og stjórnvöld geri sér grein fyrir einni mikilvægri staðreynd: „Rannsóknar-Háskóli Íslands“ er ekki að verða til vegna duttlunga eða löngunar Háskóla Íslands til að þenja sig út og gína yfir rannsóknum og háskólamenntun í landinu. Hann er að verða að veruleika vegna brennandi áhuga fjölda Íslendinga á eflingu vísinda og fræða og þar með á æðri menntun í þágu íslensks þjóðfélags – og vegna þess að allt starf Háskóla Íslands hefur frá öndverðu verið fólgið í því að svara af fullum krafti þörf þjóðfélagsins fyrir fræðilega menntun og rannsóknir.⁴

Konur sóttu skólann í auknum mæli síðustu áratugi og bera uppi stærri hluta af fjölguninni. Auk þess hafði erlendum skiptistúdentum fjölgað úr 23 námsárið 1992–93 í 365 veturinn 2008–09.⁵ Skiptistúdentar eru erlendir nemendur sem koma til náms við Háskóla

¹ Vef. Hagstofa Íslands. Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands.


² Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 43.

³ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 22.

⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 228.

⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 69.

Myndrit III.4 Fjöldi skráðra nemenda við Háskóla Íslands 1990–2010




Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1990–2009.

Íslands í eitt til tvö misseri og ljúka námi frá heimaskóla sínum. Íslenskum námsmönnum stendur jafnframt til boða að fara í samþærilegar námsferðir til erlendra skóla. Háskóli Íslands hefur gert samninga við hundruð erlendra skóla sem gera þessi skipti möguleg. Fjöldi íslenskra stúdenta frá Háskóla Íslands hefur lagt stund á nám við heimsþekktu erlenda háskóla sem að jafnaði krefjast hárra skólagjalda, en vegna samninga þurfa þeir ekki í öllum tilvikum að greiða skólagjöldin. Auk erlendra skiptistúdenta hafa útlendir námsmenn í auknum mæli komið til náms við Háskóla Íslands, ekki aðeins til að lesa íslensku fyrir útlendinga eða miðaldafræði heldur jafnframt aðrar greinar. Hafa erlendir stúdentar verið sérstaklega hvattir til að hefja framhaldsnám við skólann, enda algengt að bjóða námskeið á ensku. Lagadeild var fyrst til að bjóða upp á nám í heilt misseri á ensku og alþjóðlegt meistaranám á ensku (LL.M. *Latin Legum Magister*) árið 2003, og einnig hefur Jarð- og landfræðiskor boðið upp á heilsársnám á ensku. Haustið 2005 hófst meistaranám á ensku í íslenskri miðaldafræði við Hugvísindadeild.⁶ Samtals voru um 700 erlendir námsmenn skráðir til náms haustið 2009.

⁶ Alhliða háskóli, 71.

Myndrit III.5 Hlutfallsleg fjölgun stúdenta á árunum 1990–2008



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1990–2008.

Í stöku námsgreinum þar sem aðgangur hefur verið takmarkaður fækkaði námsmönnum á þessu tímabili eða fjöldi þeirra stóð í stað. Það átti til dæmis við um tannlækningar og sjúkraþjálfun.

Stúdentum hefur einnig fjölgað í öðrum deildum. Þeir hafa sýnt aukinn áhuga á námi í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, þar sem þeim fjölgaði um 133% á árunum 1990–2008. Í upphafi tímabilsins var einungis boðið upp á BA-próf og fimm ára kandiðatsnám í guðfræði sem lauk með embættisprófi, en í lok þess höfðu bæst við sex nýjar námsleiðir innan deildarinnar. Auk BA- og framhaldsnáms í guðfræði hefur verið boðið upp á djáknanám og almenna trúarbragðafræði. Konur hafa tekið þessari fjölbreytni og fleiri valkostum vel, og fjölgaði þeim um 256% í deildinni á sama tíma og karlmönnum fjölgaði um 41%. Starf presta var um aldir karlastarf. Árið 1996 voru í fyrsta sinn fleiri konur en karlar í Guðfræðideild, og þeim fjölgaði að sama skapi meðal presta landsins. Haustið 2009 voru konur um 43% starfandi presta.⁷

Fjölgun í Læknadeild var 37% á þessum árum, en aðgangur hefur verið takmarkaður í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Vöxturinn skýrist af auknum fjölda námsmanna í framhaldsnámi, auk þess sem tekið var upp nám í geislafræði og lífeindafræði við deildina.

⁷ Tölvupóstur. Ragnhildur Bragadóttir, verkefnisstjóri Biskupsstofu 2.12.2009.

Greinarnar komu úr Tækniháskóla Íslands þegar hann var lagður niður og að öðru leyti sameinaður Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Meistaránám í lýðheilsuvísindum og síðar doktorsnám var sett á laggirnar árið 2006 í samvinnu allra deilda Háskólans. Umsýsla námsins er vistuð í Læknadeild.

Í sjúkraþjálfun var numerus clausus eins og í læknisfræði, og um 1990 voru að jafnaði teknir inn 18 nemendur með hæstu ein-kunn eftir fyrsta misseri. Fjöldinn takmarkast af fjölda kennara og möguleikum stúdenta á að komast í klínískt starfsnám. Þegar tekin voru upp inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun sumarið 2003 var nemendum á fyrsta ári fjölgað upp í 20 og þremur árum síðar í 25 nemendur.

Í lyfjafræði fjölgaði um 90% á umræddu árabili. Í upphafi tíma-bilsins var boðið upp á fimm ára kandídatsnám, en í árslok 2004 var náminu breytt í samræmi við viðmið Bologna-ferlisins í 3+2+3, þ.e. þriggja ára BS-nám, tveggja ára MS-nám og þriggja ára doktorsnám.⁸ Þá tók að fjölga bæði í grunn- og framhaldsnámi lyfjafræðinnar; á sama tíma stækkuðu íslensku lyfjafyrirtækin óðfluga og kölluðu á menntaða lyfjafræðinga.

Fjölgun nemenda í Hjúkrunarfræðideild var tæp 70% á þessu tímabili. Háskólinn á Akureyri stofnaði hjúkrunarfræðideild árið 1987 og hefur því tekið hluta álags af Háskóla Íslands. Haustið 2003 fjölgaði nýnemum stórlega, 190 þreyttu samkeppnispróf inn í greinina, og 75 með hæstu meðaleinkunn fengu að halda áfram námi. Á Akureyri hafa verið teknir inn 50 nemendur á annað misseri, og komast færri að en vilja.⁹ Fjöldi nemenda er að nokkru takmarkaður við framboð sjúkrahúsa og stofnana á starfsþjálfun. Sum ár hafa allir komist á annað misseri, en haustið 2009 var fyrirhugað að taka inn 120 af 230 nemendum fyrsta misseris. Auk þess að vera með stóra nemendahópa til BS- og MS-prófs hefur deildin boðið upp á diplómanám á mörgum sérsviðum hjúkrunarnáms sem skýrir þessa miklu aukningu. Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem lokið höfðu námi í Hjúkrunarskóla Íslands á árunum 1931–86 hefur þannig bætt við sig framhaldsnámi. Hjúkrunarfræðingar fóru þá til framhaldsnáms erlendis, en hin síðari ár hafa þeir í auknum mæli sótt sér það við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Tveggja ára ljósmæðranám á framhaldsstigi var tekið upp í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í ársbyrjun 1996, og liðlega 10 námsmenn eru teknir inn árlega.¹⁰ Til að komast inn í ljósmóðurfræði þarf að hafa lokið

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 116.

⁹ *Víðtal*. Hafdís Skúladóttir, deildarformaður Hjúkrunarfræðideildar Háskólans á Akureyri 25.11.2009.

¹⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 236.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

Úr kennslustund í lyfjafræði í Ármúla 30 haustið 1995. Kennarar eru þeir sem standa, frá vinstri: Jakob Kristinsson, dósent og síðar prófessor, Kristín Ólafsdóttir, síðar dósent, og Þorkell Jóhannesson prófessor.



fjögurra ára BS-prófi í hjúkrunarfræði. Þessi fræðigrein er vel fallin til að vera dæmi um vöxt sérfræðimenntunar síðustu aldirnar. Þegar Bjarni Pálsson landlæknir réði hina dönsku ljósmóður Margrethe Katarine Magnússen til landsins til að sjá um verklega kennslu og bauð upp á námskeið fyrir yfirsetukonur árið 1761 tók námið aðeins einn mánuð.¹¹ Þegar Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli eru 250 ár síðan skipulegt nám hófst í ljósmóðurfræðum. Nú á tímum þarf að leggja að baki 20 ára nám til að verða ljósmóðir, tíu ár í grunnskóla, fjögur í framhaldsskóla og sex í háskóla. Árangurinn er sá að ungbarnadauði á Íslandi hefur farið úr því að vera einhver sá mesti í Evrópu í að verða með því minnsta sem gerist í víðri veröld.

Nemendum í Lagadeild Háskóla Íslands fjölgaði um 42% á þessum 17 árum sem eru til skoðunar. Lengi hefur verið erfitt að ljúka fyrsta árs námskeiðum sökum þess hve margir hafa fallið í fyrstu umferð. Þrír aðrir skólar hófu að kenna lögfræði á háskólastigi á tímabilinu. Í stað þess að bjóða aðeins upp á fimm ára nám til kandiðatsprófs í lögfræði hefur námsframboðið aukist, og er hægt að ljúka BA-, MA- og doktorsprófi, auk þess sem unnt er að ljúka alþjóðlegri lögfræðigráðu, LL.M.

Nemendum í Viðskipta- og hagfræðideild fjölgaði um 89% á árunum 1990–2008, og þó átti deildin í samkeppni við þrjá skóla hér á landi sem hófu að kenna viðskiptagreinar á háskólastigi á sama tíma. Mikill uppgangur var lengst af í viðskiptum á þessu

¹¹ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær*, 116. – *Ljósmæður á Íslandi II*, 325.

tímabili. Atvinnulífið tók nýútskrifuðum viðskiptafræðingum opnum örmum, og skýrir það aukinn áhuga. Námið var orðið mun fjölbreyttara og unnt að velja 18 mismunandi greinar til sérhæfingar. Auk kandídatnáms, BA-/BS-, MA-/MS-, var meðal annars hægt að velja MBA-nám, mannauðsstjórnun, M.Acc. í reikningshaldi og endurskoðun og fleira. Nemendur hafa tekið hinu aukna framboði náms vel, og hefur jafnvel þurft að vísa fólki frá framhaldsnámi, en það á reyndar við í flestum deildum Háskólans.

Fjöldun nemenda við Heimspekideild, sem 1. desember árið 2004 fékk heitið Hugvísindadeild, var 87% frá hausti 1990 til janúarmánaðar 2008. Allar námsgreinar bættu við sig nemendum í grunn- og framhaldsnámi, auk þess sem teknar voru upp nýjar námsgreinar eins og táknafræði, táknafræðistúlkun, sem fjallað verður um sérstaklega hér á eftir, tungutækni, menningarfræði, hagnýt menningarmiðun, fornleifafræði, miðaldafræði, þýðingfræði, japanska, kínverska, listfræði, kvikmyndafræði, rússneska og ritlist. Árið 1999 hófst kennsla í svokölluðum stuttum hagnýtum námsleiðum þar sem kenndar voru 45 einingar til diplómaprófs. Sama ár hófst tilraun með fjarkennslu, og voru nemendur víða um land.¹² Einnig var aukið samstarf við aðrar deildir Háskólans og aðra skóla. Þetta jók námsframboð og fjölda nemenda, auk þess sem erlendir stúdentar sóttu talsvert í deildina.

Fjöldi stúdenta í Tannlæknadeild hefur verið takmarkaður með samkeppnisprófum og teknir inn að jafnaði sex til sjö nemendur á fyrsta námsár. Nenum í Tannlæknadeild hefur fækkað heldur árið 2008 í samanburði við árið 1990, og er það eina deildin þar sem stúdentum beinlínis fækkar á samanburðartímanum, en þar sem svo fáir eru teknir inn munar strax um ef menn heltast úr lestinni. Haustið 2009 hófu fyrstu fimm nemendurnir nám til BS-prófs í tannsmíði. Fjöldi nemenda er takmarkaður eins og í nám tanntækna þar sem teknir hafa verið inn átta til tólf nemendur árlega. Meistara- og doktorsnám í tannlæknisfræði er þegar komið af stað þótt ekki hafi það verið fjölmennt til þessa.

Á tímabilinu 1990 til 2008 fjölgaði stúdentum í Verkfræðideild úr 283 í 900, og var þetta hlutfallslega mesta fjöldun í einni deild á þessum tíma. Skýringarinnar er að hluta til að leita í því að fjölmenn námsgrein, tölvunarfræði, var árið 2000 færð frá Raunvísindadeild yfir til Verkfræðideildar.¹³ Þessi fjöldun í verkfræðigreinum var sögð tímabær því verkfræðingar hafa verið hlutfallslega færri á

¹² *Árbók Háskóla Íslands* 1999, 51.

¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 78.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

Íslandi en gengur og gerist meðal vestrænna þjóða.¹⁴ Árið 1999 höfðu aldrei jafnmargir nýstúdentar skráð sig í verkfræði, og skýring deildar var þessi: „Atvinnulífið hrópar á fólk með verkfræði- og tæknimenntun og auk þess hefur deildin gert sér far um að kynna námið fyrir nýstúdentum.“¹⁵ Skipulagsbreytingar í anda Bologna-viðmiða í þriggja ára BS-nám, tveggja ára MS-nám og þriggja ára doktorsnám hafa verið hvetjandi. Auk þess var greinum fjölgað og valmöguleikar stórlega auknir bæði í grunn- og framhaldsnámi. Erlendum stúdentum hefur einnig fjölgað ár frá ári. Dæmi um greinar sem hafin var kennsla í eru tæknileg verkfræði, efnaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, fjármálaverkfræði, lífverkfræði, verk-efnastjórn, *Master of Project Management* (MPA) og gæðastjórn í samvinnu við Endurmenntun. Á þessum tíma var tekin upp kennsla í verkfræði við Háskólann í Reykjavík sem hefur líklega dregið aðeins úr aðsókn að deildinni. Einnig getur hátt brottfall hafa dregið úr fjölda stúdenta við deildina, „aðeins um 40% þeirra sem innritast í deildina brautskrást þaðan“,¹⁶ var sagt um aldamótin, en við því var brugðist með stuðningskennslu í stærðfræði og eðlisfræði.

Námsmönnum í Félagsvísindadeild fjölgaði á árunum 1990 til 2008 úr 902 í 2.529, eða um 180%. Ef farið væri aftur til ársins 1988 væri fjölgunin ennþá meiri eða um nærri 2.000 stúdenta. Til samanburðar var heildarfjöldi nemenda Háskólans tæplega 2.000 námsárið 1971–72. Fjölgun nemenda í félagsvísindum hefur þannig verið á við heilan háskóla. Nemendur tóku þessari deild strax vel í upphafi, og þegar hún var stofnuð 1976 voru nemendur um 300.¹⁷ Margar skýringar eru á þessari miklu fjölgun í Félagsvísindadeild sem fór fram úr Heimspekideild sem fjölmennasta deild Háskóla Íslands árið 1998. Námsgreinum hefur fjölgað, boðið er upp á margvíslegt styttra viðbótarnám, auk þess sem framhaldsnám hefur verið tekið upp og aukið í öllum greinum. Námsgreinar sem meðal annars voru teknar upp á tímabilinu voru atvinnulífsfræði, borgarfræði, fjölmiðlafræði, opinber stjórnsýsla, kynjafræði, fötlunarfræði, safnafræði, tómstundafræði og öldrunarfræði, auk fleiri greina. Erlendum nemendum fjölgaði, og boðið var upp á fjölda hagnýtra námskeiða til diplómaprófs í mörgum greinum.¹⁸ Þótt nokkrar námsgreinar hafi bæst við var sagt um starf deildarinnar árið 2006: „Meginvöxturinn í félagsvísindadeild síðustu ár hefur verið í meistara- og doktorsnámi.“¹⁹ Fólk með menntun í félagsvísindum á greinilega gott með að fá vinnu við hæfi.

¹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 132.

¹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1999, 71.

¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 78.

¹⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 92.

¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 71.

¹⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 2006, 89.



Sveinbjörn Björnsson, háskólarektor 1991–97. Klukkuna fékk Háskólinn að gjöf í tilefni af vígslu háskólabýggingarinnar frá Jørgensen úrsmíðameistara í Kaupmannahöfn, ættarfyrtæki Jörundar hundadagakonungs.

Fjölgun í Raunvísindadeild á árunum 1990 til 2008 er næst því að vera eins og meðalfjölgun námsmanna við skólann í heild, um 105% eða um 6% að jafnaði á ári. Nemendum fjölgaði úr 477 haustið 1990 í 980 í janúar 2008 og hefðu orðið enn fleiri ef tölvunarfræðin hefði ekki verið flutt yfir í Verkfræðideild eins og áður er sagt. Kennarar Raunvísindaeildar annast jafnframt þjónustukennslu fyrir aðrar deildir, meðal annars í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, og eru þeir nemendur ekki taldir til Raunvísindaeildar. Nýjar námsgreinar sem löðuðu að sér fólk voru meðal annarra næringarfræði, ferðamálafræði, veðurfræði og meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði í samvinnu margra deilda, sem vistað var í Raunvísindadeild. Einnig má segja að sérhæfing í ýmsum greinum sé í raun á við nýjar námsgreinar. Mest var fjölgunin í grunnnámi. Mikil fjölgun var einnig í framhaldsnámi, bæði meistara- og doktorsnámi. Nokkur fjöldi fólks á vinnumarkaði vildi bæta við sig framhaldsnámi auk þess sem yngri námsmenn tóku þessu aukna námsframboði vel. Þá var tekin upp heils árs námsbraut í jarðvísindum á

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

ensku fyrir erlenda stúdenta, og komu að því þrjár greinar, jarðfræði, landfræði og jarðeðlisfræði.²⁰

Allar þessar hlutfallstölur breyttust þegar tekið var upp nýtt stjórnskipulag og 11 deildir urðu að 25 deildum á fimm fræðasviðum hinn 1. júlí 2008.

Konur bera uppi þessa fjölgun í námi við Háskóla Íslands. Þeim fjölgaði um 8% á ári en körlum um 4% á ári á tímabilinu 1990–2008, eins og áður hefur komið fram.

Háskóli Íslands hefur aðeins að litlu leyti reynt að stjórna vali nemenda á námsgreinum. Fjöldatakmörkun er í nokkrum greinum eins og rakið hefur verið. Konur hafa verið hvattar til að sækja í verkfræði og raunvísindi og karlar í hjúkrunarfræði. Í stöku greinum hafa á síðustu árum verið boðnir áhugaverðir námsstyrkir. Ríkisendurskoðun velti því upp árið 2007 hvort æskilegt væri að stjórnvöld ættu í framtíðinni að beita sér fyrir óbeinni stýringu inn í ákveðnar námsgreinar, einkum þar sem talin væri þörf á menntuðu vinnuafli, en slíkt mun vera víða þekkt erlendis.²¹

Þótt vöxtur Háskólans þyki mikill á Íslandi og unnt að spyrja hvort þetta sé eðlileg stækkun þá er því til að svara að nemendur á Íslandi hegða sér með líkum hætti og erlendis. Jón Torfi Jónasson prófessor, sem skoðað hefur þróun skólakerfisins, segir að hún sé „býsna lík í mörgum löndum. Ísland sker sig ekki úr jafnvel þegar litið er til mjög langs tíma.“²² Að baki sambærilegri þróun í mörgum löndum liggja svipaðir þjóðfélagskraftar sem virðast ráða ferðinni. Jón Torfi telur þá krafta vera sókn í prófgráður (e. *credentialism*) og færslu námsgreina af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig, eða svonefnt bóknámsrek (e. *academic drift*).²³ Fólki er einnig að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði vegna aukinnar kröfu atvinnulífs um menntun með því að ná sér í framhaldsnám, eða bara að njóta þess að læra eitthvað nýtt og fylla aukatíma sinn af fróðleik og þekkingu í stað afþreyingar og öðlast þannig dýpri skilning á gangverki lífsins.

Samband virðist vera á milli atvinnustigs og fjölda námsmanna við Háskóla Íslands. Þegar góðæri ríkir og eftirspurn er mikil á vinnumarkaði fjölgar hægt. Í kreppum og þegar samdráttur er í atvinnulífinu sækir fólk í auknum mæli til skólans og býr sig undir frekari störf á vinnumarkaði. Námsárið 1987–88 fækkaði nemendum við Háskóla Íslands lítillega enda var þá skattlaust ár vegna upptöku á staðgreiðslu tekjuskatts. Margir frestuðu þá skólavist og fóru á

²⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 2001, 90.

²¹ *Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu.*

²² *Fyrirlestur.* Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar“, 9.

²³ *Fyrirlestur.* Jón Torfi Jónasson, „Þarf eitthvað að gera við háskólastigið?“ – Gyða Jóhannsdóttir, „Þróun háskólastigs á Íslandi í ljósi norrænnar þróunar æðri menntunar“, 751–63.

skattlausan vinnumarkað. Frá árinu 1988 hefur hins vegar verið stöðug fjölgun nemenda við Háskóla Íslands, og hefur hún verið að jafnaði um 11% á ári fram til 2009.²⁴ Frá aldamótum 2000 var þensla í atvinnulífi landsmanna, en þrátt fyrir það hélt stúdentum áfram að fjölga. Ástæður fyrir hinni miklu fjölgun þá var aukið framboð á framhaldsnámi. Mestu munaði þegar Háskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskóla Íslands hinn 1. júlí 2008, en þá stækkaði hann um fjórðung. Í október 2008 varð verulegur samdráttur í efnahagslífi þjóðarinnar þegar íslenska bankakerfið hrundi með alvarlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið og alla landsmenn. Á nokkrum vikum fór atvinnuleysið úr því að hafa verið óverulegt upp í um 9% af mannafla. Þar á meðal voru margir vel menntaðir sem misstu vinnuna. Fólki sá sér leik á borði og skráði sig í nám við Háskóla Íslands.²⁵ Heppilegt gat talist að halda áfram námi og koma tvíefldur út á vinnumarkaðinn þegar úr rættist í atvinnumálum. Um 10% aukning varð á fjölda nýnema um áramótin 2008–09, og aftur fjölgaði umsóknum að hausti 2009 um 20%. Þá hófu um 5.000 nýnemar nám, 3.700 í grunnnámi, 1.300 í framhaldsnámi, og voru þá samtals um 400 skráðir í doktorsnám. Haustið 2010 fjölgaði umsóknum aftur um 18%. Við fjölgun nemenda tekur skólinn gagngerum breytingum.

Árið 2004 var gerð könnun meðal nýnema á því hvers vegna þeir hefðu valið Háskóla Íslands. Sérfræðipækking skóla eða deildar og gæði kennslu skiptu miklu máli við val stúdenta. Nýnemar töldu Háskóla Íslands jafnframt veita bestu menntun hérlendis í þeirri námsgrein sem viðkomandi valdi.²⁶ Áhugi á „að auka þekkingu, hafa möguleika á hærri tekjum í framtíðinni, aukin tækifæri á vinnumarkaði og áhugi á að efla persónulegan þroska ... [voru] ... atriði sem nýnemar töldu hafa mikil áhrif á þá ákvörðun að fara í háskóla“.²⁷ Nýnemar gáfu hins vegar lítið fyrir þær staðhæfingar að álit félaga þeirra í námi, námskynningar eða heimsent kynningarefni hefðu haft áhrif á val þeirra.²⁸

2. Nýjar námsleiðir

Nemendur vilja eiga þess kost að velja úr fjölbreyttu úrvali námskeiða, námsgreina og námsleiða alla leið til lokaprófs. Því meira val þeim mun betra að mati nemenda. Í svari Stúdentaráðs við fyrirspurn valnefndar háskólaráðs árið 1991, en það var nefnd sem kanna átti hvernig auka mætti valfrelsi stúdenta, kom fram „ein-

²⁴ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 34–35. Árið 1988 voru 4.454 við nám, árið 2009 voru þeir 13.957.

²⁵ *Stúdentablaðið* 2009 3. tbl., 15–16.

²⁶ *HÍ. Málsnúmer: HI07090007/70. Nýnemakönnun í HÍ og KHÍ. – Sjá einnig: Þórhallur Guðlaugsson og Valdimar Sigurðsson, Rannsókn á viðhorfi og væntingum nýnema við Háskóla Íslands haustið 2004.*

²⁷ Þórhallur Örn Guðlaugsson, „Væntingar nýnema við Háskóla Íslands“, 24.

²⁸ Þórhallur Guðlaugsson og Valdimar Sigurðsson, *Rannsókn á viðhorfi og væntingum nýnema við Háskóla Íslands haustið 2004. – HÍ. Málsnúmer: HI07090007/70. Nýnemakönnun í HÍ og KHÍ.*

dregin ósk um aukið valfrelsi innan Háskólans, bæði innan deildar og milli deilda. Lögðu stúdentar áherslu á að hlutverk valfrelsis eigi ekki að vera bundið við að styrkja aðalgrein heldur að veita einstaklingum tækifæri til að auka við þekkingu sína á áhuga-sviðum sínum, veita víðtæka menntun og gefa einstaklingnum þannig færi á að þroskast og dafna.²⁹ Valnefndin varpaði fram ýmsum hugmyndum um hvernig mætti auka val og sveigjanleika í námi, en það voru deildirnar sem ákváðu námsskipun, hver á sínu sviði. Nemendur kalla stöðugt eftir nýjum námskeiðum og fjölbreyttara námsframboði, og kennarar reyna að bregðast við því eftir því sem unnt er. Um 1990 var í nokkrum tilvikum aðeins ein námsgrein í hverri deild, eins og Guðfræðideild, Tannlæknadeild og Lagadeild, og val takmarkað í síðari hluta náms. Í öðrum deildum, eins og Heimspekideild, Félagsvísindadeild og Raunvísindadeild, voru margar námsgreinar. Hverri námsgrein var síðan skipt í námsleiðir. Námsleiðir til BA-/BS-prófs gátu verið aukagrein til 30 eininga, eða aðalgrein til 60 eða 90 eininga, til MA-/MS-prófs og loks doktorsprófs, eða skemmra nám til diplómaprófs. Þannig var unnt að fá sex mismunandi námsleiðir til lokaprófs innan hverrar námsgreinar. Með blöndun við aðrar námsgreinar mátti fá ótrúlegan fjölda möguleika á námsleiðum. Loks var hver námsgrein byggð upp af fjölda námskeiða sem voru á bilinu þrjár til fimm einingar að jafnaði.

Námsárið 1990–91 var við Háskóla Íslands unnt að leggja stund á 42 námsgreinar eftir 99 námsleiðum þar sem 1.512 námskeið voru í boði. Nærri tveimur áratugum síðar, á námsárinu 2008–09, voru 88 námsgreinar með samtals 485 námsleiðir og 4.600 námskeið á boðstólum.³⁰ En þó að eitthvað sé í boði er ekki þar með sagt að það þyki eftirsóknarvert eða sé fjölsótt. Á 128 námsleiðir var enginn nemandi skráður og innan við fimm nemendur á aðrar 117 árið 2008–09.³¹ Önnur námskeið voru fjölsóttari. Námsárið 2008–09 voru tæplega 70 námskeið með fleiri en 200 nemendur og í öðrum 250 námskeiðum voru fleiri en 100 nemendur.³² Á fjölmennustu námsleiðina voru skráðir 606 nemendur; viðskiptafræði til BS-prófs, og tæplega 400 manns voru skráðir í sálfræði til BS-prófs.³³ Aðrar námsgreinar sem höfðu fleiri en 200 námsmenn til BA-/BS-prófs voru enska, 287; félagsráðgjöf, 268; hjúkrunarfræði, 332; grunnskólakennarafræði, 501, þar af um helmingur í fjarnámi; náms- og kennslufræði, 223; lögfræði, 479; sagnfræði, 201 og stjórnmálafræði, 275. Námsárið 2008–09 voru tæplega 200 nem-

²⁹ HÍ. Valnám í Háskóla Íslands, 5.

³⁰ *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1990–91 og 2008–09. – Árbók Háskóla Íslands 2008*, 51.

³¹ *Tölvubréf*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 8.05.2009.

³² *Árbók Háskóla Íslands 2008*, 51.

³³ *Tölvubréf*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 8.05.2009.

endur skráðir í meistaranám í lögfræði, en viðskiptagreinar voru fjölmennastar til meistaraþrófs, og skipaði mannauðsstjórnun efsta sætið með 201 námsmann.

Nýjar námsgreinar eru teknar upp með ýmsum hætti við Háskóla Íslands. Í sumum tilvikum kalla nemendur eftir nýjungum, í öðrum tilvikum vilja deildir og einstakir kennarar koma ferskum hugmyndum á framfæri eða aðilar utan Háskólans, fyrirtæki og fagaðilar, vilja koma upp námsgreinum og mennta sínar fagstéttir. „Rannsóknir sýna að háskólakennarar eru sjaldan meðvitaðir um vald sitt og hlutverk í að skapa námskrá háskólagreina.“³⁴ Hér á eftir eru nefnd nokkur dæmi um námsgreinar sem teknar hafa verið upp á umliðnum áratugum.

Sigmundur Guðbjarnason prófessor byggði upp nám í efnafræði fyrir tilstilli Þorbjörns Sigurgeirssonar, og síðar átti hann frumkvæði að kennslu í matvælafræði við Háskóla Íslands árið 1977. Hann sagði að „[í] raun var konan mín hvatinn að matvælafræðinni við Háskóla Íslands. Hún spurði mig ítrekað hvaða efni væru í matnum. Ég stóð á gati og fór að rannsaka matvælin. Brátt kom í ljós að ástandið var ekki eins gott og það hefði átt að vera. Á pakkningum matvællanna voru stundum þrír miðar um síðasta söludag hver ofan á öðrum. Ég fór að berjast fyrir uppbyggingu á matvælafræði, en það var ekki auðsótt mál.“³⁵ Sigmundur sendi stórum hópi forráðamanna fyrirtækja í matvælaiðnaði bréf á áttunda áratug 20. aldar og spurði um áhuga þeirra á að hafin yrði kennsla í matvælafræði við Háskóla Íslands. Svörin voru jafnan þau að lítil þörf væri á slíku námi. Sigmundur lýsti þessu þannig:

Ég ræddi við marga forráðamenn fyrirtækja í matvælaiðnaði og embættismenn sem gátu haft áhrif á uppbyggingu matvælafræði við Háskólann sem átti að þjóna bæði neytendum og framleiðendum. Viðbrögðin voru yfirleitt neikvæð en tveir menn studdu þessa viðleitni. Það voru þeir Jón Árnason alþingismaður og formaður fjárveitinganefndar, en hann var jafnframt matvælaframleiðandi á Akranesi, og Davíð Sch. Thorsteinsson sem þá var umsvifamikill matvælaframleiðandi. Við byggðum upp matvælafræðina þrátt fyrir andstöðuna enda var mikil þörf fyrir hana þótt þeir sem næstir stóðu gerðu sér ekki grein fyrir því.³⁶

³⁴ Guðrún Geirsdóttir „Að skapa fag úr fræðigreini“, 349.

³⁵ HÍ. Sigmundur Guðbjarnason rektor Háskóla Íslands 1985–91, kvikmyndaviðtal.

³⁶ *Tölvupóstur*. Sigmundur Guðbjarnason 10.09.2009.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

Næringarfræði er gott dæmi um hvernig náms- og fræðigrein þróast út úr öðrum námsgreinum og verður til sem sjálfstæð kennslu- og vísindagrein við Háskóla Íslands. Eftir að nám hófst í matvælafræði þótti mikilvægt að bjóða þar upp á námskeið í næringarfræði, enda ein af undirstöðum hennar og skyldunámskeið. Áður hafði lítið námskeið í næringarfræði verið skyldunámskeið við Námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Inga Þórsdóttir prófessor, sem hafði frá árinu 1989 kennt næringarfræðinámskeið fyrir matvælafræðinga, hafði fundið fyrir mikilli eftirspurn meðal nemenda í líffræði, lífefnafræði, matvælafræði og fleiri greinum eftir auknu námi í næringarfræði. Safnað var saman á landinu sérfræðingum sem gætu tekið að sér að kenna hina margvíslegu þætti næringarfræðinnar. Auk þess sem mikil eftirspurn var frá öflugum nemendum sem vildu hasla sér völl á þessu sviði var vitað um áhuga fagaðila hjá opinberum stofnunum og í atvinnulífinu sem töldu einnig þörf fyrir þessa sérþekkingu hjá þeim. Þannig fór námið smám saman af stað. Þeir sérfræðingar, utan og innan skólans, sem leitað var til töldu heppilegt að hefja nám í næringarfræði sem aðalgrein til BS-prófs, og hófst það haustið 2008. Næringarfræðin náði þannig smám saman fótfestu sem fullburða náms- og fræðigrein við Háskóla Íslands.³⁷

Árið 1972 var flutt þingsályktunartillaga á Alþingi um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að tekið yrði upp þriggja ára BA-nám í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Undirbúningsnefnd háskólaráðs fann málinu ýmislegt til foráttu og taldi að taka yrði „tillit til umkomuleysis Háskóla Íslands á mörgum sviðum“ en lagði til að skipuð yrði nefnd til að gera tillögur um námsefni og námstilhögun, og væri Háskólinn tilbúinn til að skipa fulltrúa í slíka nefnd.³⁸ Umræða um fjölmiðlafræði fór aftur af stað laust fyrir 1990. Svavar Gestsson menntamálaráðherra (1988–91) skipaði nefnd sem huga átti að skipun fjölmiðlakennslu á öllum skólastigum. Hún lagði fram tillögur um kennslu í hagnýtri fjölmiðlun við Háskóla Íslands haustið 1988 en inngangsnámskeið í þessari grein hófst reyndar við Félagsvísindadeild í febrúar 1987.³⁹ Í Dægurmálaútlitum spjölluðu þau Indriði G. Þorsteinsson, ritstjóri Tímans, og Sigrún Stefánsdóttir, forstöðumaður Fræðsluvarps og síðar lektor í fjölmiðlafræði, um hvort nauðsynlegt væri að koma á fót kennslu í blaðamennsku hér á landi. Indriði sagði að ekki væri unnt að kenna blaðamennsku, a.m.k. ekki í skólum. Pröstur Haraldsson blaðamaður andmælti skoðunum Indriða í Nýju helgarblaði þar sem hann segir m.a. að það sama gildi

³⁷ *Viðtal*. Inga Þórsdóttir prófessor 24.08.2009.

³⁸ *Vef*. Alþingi. Tillaga til þingsályktunar um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. – *HÍ*. BA4: 58. Alþingi 1971–74. Greinargerð til háskólaráðs dagsett 7. des. 1972, 2. – *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 7. des. 1972.

³⁹ *Dagur* 21. des. 1988, 3. – *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 148.



Árið 1994 var Ljósmeðra-skóli Íslands lagður niður og ljósmeðranám flutt á háskólastig. Fyrsti hópur ljósmeðra lauk námi á haustmíssi 1997. Þær eru, taldar frá vinstri, Dagný Zoëga, Súsanna S. Jónsdóttir, Jenny Inga Eidsdóttir, Guðlaug Einarsdóttir, Halla Hersteinsdóttir, Valgerður Lísá Sigurðardóttir, Linda Margrét Stefánsdóttir og Kristrún Svala Jónsdóttir.

um blaðamennsku og önnur störf, „að hún krefst ákveðinnar þekkingar og handbragða sem að sjálfsgöðu er hægt að kenna í skóla. Lengi vel hafa blaðamenn tekið þessa þjálfun út í starfinu og mistökin birst öllum lesendum blaðsins sem þeir starfa við.“ Í greininni segist Þróstur treysta starfsmönnum Háskóla Íslands vel til „að kenna verðandi blaðamönnum um íslenskt þjóðfélag og íslenskt mál“.⁴⁰ Gísli J. Ástþórsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, segist vera „blendinn í trúnni“ í þessu máli og að það leggist þannig í sig „að menn séu að verða einum of bráðlátir og að þessi skóli kynni fyrir bragðið að verða hálfpartinn uppá punt“.⁴¹ Í Tímabréfi er þetta mál enn á dagskrá. Þar þykir höfundinum ástæða til að spyrja hvort það sé ekki „hin almenna félagafrekja“ sem sé þarna á ferðinni, og bætir við: „Þessi þróun gæti fljótlega tekið á sig þá mynd, að þeir sem útskrifuðust úr blaðamannaskóla félagsfræðideildar háskólans mættu einir vinna á blöðum og öðrum fjölmiðlum ... Þannig mætti jafnvel gera sér í hugarlund, að hugmyndin um blaðamannaskóla tengdan félagsmáladeild háskólans, væri eins konar lúmsk uppfinning til að koma „reglu“ á fjölmiðlana í framtíðinni, og þá væntanlega í þágu þeirra, sem telja t.d. Moggann of íhaldssinnaðan.“⁴² „Ekki fræðigreinin heldur starfsþjálfun,“ hefur Morgunblaðið eftir Þorbirni Broddasyni, formanni nefndar er menntamálaráðherra skipaði til að koma með tillögu um fjölmiðlakennslu á öllum skólastigum. „Við leggjum til að kennslan verði byggð upp á tveimur námskeiðum í félagsvísindadeild og þremur í heimspekideild“,⁴³ sagði Þorbjörn. DV skýrði frá því í maí 1989 að nefnd sú er skipuð var til að fjalla um fjölmiðlakennslu á öllum skólastigum hefði lagt til að námi í hagnýtri fjölmiðlun yrði komið á fót við Félagsvísinda-

⁴⁰ *Þjóðviljinn* 10. feb. 1989, 30.

⁴¹ *Morgunblaðið* 26. feb. 1989, C20.


⁴² *Tíminn* 11. mars 1989, 9.

⁴³ *Morgunblaðið* 5. mars 1989, C19.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

Námsval nýnema í Háskóla Íslands 1996. Myndrit úr Stúdentablaðinu 1997.



Fjöldi nýnema við H.Í. haustið 1997 samanborið við fjölda þeirra í fyrra. Efri súlan sýnir fjöldann 1996 og sú neðri sýnir nýskráningar haustið 1997. Karlstúdentar fylla bláu súlurnar en kvenstúdentar þær rauðu.

deild Háskóla Íslands þá um haustið. „Gert er ráð fyrir að um eins árs nám verði að ræða og skulu umsækjendur þegar hafa lokið BA- eða BS-prófi eða eiga að baki fimm ára starf við fjölmiðla eða hafa náð 26 ára aldri.“⁴⁴ Þannig varð hagnýt fjölmiðlun að veruleika sem nám á meistarastigi þótt sumir innan stéttarinnar hefðu litla trú á slíku námi.

Vegna takmarkaðra fjárveitinga á fyrri hluta tífunda áratugar 20. aldar þurfti að draga úr kenngæðum og fækka verkefnum til að sinna betur því sem taldist brýnast. Með því að tengja á nýjan hátt saman námskeið sem þegar voru á kennsluskra var þó unnt að opna nýjar námsbrautir. Þannig varð til nám fyrir djákna innan Guðfræðideildar

⁴⁴ DV 21. maí 1989.



haustið 1993 án teljandi útgjalda, þegar aðeins einu námskeiði fyrir djákna var bætt við, en nemendur í djáknafræðum lásu að mestu önnur námskeið í Guðfræðideild. Djáknanevnd þjóðkirkjunnar og kennarar Guðfræðideildar höfðu undirbúið málið og sömdu tillögu að námsskrá.⁴⁵ Í febrúar 1995 útskrifuðust fyrstu djáknarnir sem hafa það hlutverk „að bera umhyggju fyrir náunganum og koma honum til hjálpar“,⁴⁶ en námið var talið geta nýst kennurum og hjúkrunarfræðingum, auk fólks sem starfar innan kirkjunnar. Á prestastefnu árið 2007 var undirritaður samningur milli biskups Íslands og Guðfræðideildar sem fól í sér að biskupsembættið kostaði hluta lektorsstarfs sem meðal annars átti að sinna starfsþjálfun og símenntun djákna.⁴⁷

Í sumum tilvikum hófst kennsla nýrra námsgreina fyrir tilstilli utanaðkomandi aðila. Þannig var hafin kennsla í táknafræði og táknafræðistúlkun við Heimspekideild haustið 1994 í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.⁴⁸ Á þessum árum átti Háskólinn lítið fé til nýmæla og varð að vísa mörgum góðum hugmyndum frá og bíða með rannsóknarnám á öðrum sviðum. En með styrk frá Menntamálaráðuneytinu ákvað Samskiptamiðstöðin að greiða fyrir kennsluna og uppbyggingu námsins til fjögurra ára. Táknafræði var kennd til 30 eða 60 eininga, eða sem aukagrein eða aðalgrein, og táknafræðistúlkun til 30 eininga þar sem aðeins hafa verið teknir inn um 10 nemendur á ári. Námið hófst aftur árið 2001 og þá fyrir reikning Háskólans. Hópur heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi er um 200 manns, og táknafræði er móturmál þeirra. Vegna skorts á tulkum hafa þeir verið mjög einangraðir í íslensku samfélagi og hafa hvorki getað aflað sér nauðsynlegrar starfsmenntunar né nýtt sér þjónustu samfélagsins eða þjóðfélagið starfskrafta þeirra. Hér var það hugsjón þjóðskólans að leysa starfskrafta heyrnarlausra úr læðingi, enda augljóst að þetta nám yrði einungis byggt upp á Íslandi, og Heimspekideild sem fóstaraði íslenskt mál væri kjörinn samastaður þess.⁴⁹

Oft koma fulltrúar fagfélaga á fund rektors og leggja til samstarf um nýjar námsgreinar eða nýjar áherslur í námi. Árið 1975 skilaði nefnd af sér tillögum um að hefja nám í sjúkrapjálfun og iðjubjálfun hér á landi. Nám í sjúkrapjálfun hófst ári síðar, og til stóð að hefja nám í iðjubjálfun fimm til tíu árum eftir það. Ekkert varð úr framkvæmdum, og ný nefnd menntamálaráðherra skilaði af sér tillögum árið 1989 um að hefja kennslu í iðjubjálfun „og að náminu yrði

⁴⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 51, 181, 188, 226.

⁴⁶ *Vef. Magnea Sverrisdóttir*, „Já, ég er djákni ...“ 26.09.2006.

⁴⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 113.

⁴⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 166.

⁴⁹ *Viðtal*. Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra 6.11.2009. – *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 51.

best fyrir komið í Háskóla Íslands“.⁵⁰ Árið 1992 skipaði Sveinbjörn Björnsson rektor nefnd með fulltrúum Iðjuþjálfafélags Íslands sem komu á hans fund, og til varð uppkast að skipulagi fjögurra ára námsbrautar í iðjuþjálfun.⁵¹ Ekki fór námið samt af stað, og samþykkti Alþingi 1994 þingsályktunartillögu frá menntamálanefnd þingsins um kennslu í iðjuþjálfun.⁵² Árið eftir kom Fulbright-gistikennari, Gail H. Maguire, sem vann í þrjá mánuði að undirbúningi málsins með Iðjuþjálfafélaginu og Háskólanum og þjálfaði m.a. fyrirhugaða kennara.⁵³ Á fundi háskólaráðs hinn 9. maí 1996 var samþykkt einróma að hefja kennslu „í iðjuþjálfun til B.S. prófs við Háskóla Íslands haustið 1997 fáið til þess nauðsynleg fjárveiting, húsnæði og aðstaða“.⁵⁴ Í bréfi frá Menntamálaráðuneytinu tveimur vikum síðar kemur fram að það var „reiðubúið til að styðja tillögu til fjárlaga um fjárveitingu til kennslunnar ef Háskólinn er tilbúinn til að forgangsráða þessu viðfangsefni í fjárlagatillögum sínum innan þess ramma sem fjárlög heimila“.⁵⁵ Allt virtist til reiðu nema fjármagn. Rektor sagði í brautskráningarræðu sinni 1. febrúar 1997: „Af nýmælum, sem því miður verða enn að bíða, má nefna meistaranám í tölvunarfræði og nám í iðjuþjálfun, sem Háskólinn teldi mjög æskilegt að geta boðið, en fjármagna þyrfti með nýjum fjárveitingum úr ríkissjóði eða stuðningi frá öðrum aðilum.“⁵⁶ Þegar forráðakonanur Iðjuþjálfafélagsins heyrðu þessar fréttir fóru þær á fund rektors og tilkynntu að samstarf hefði náðst við Háskólann á Akureyri, og því yrði ekki af frekara samstarfi við Háskóla Íslands. Einn fulltrúi Iðjuþjálfafélagsins sagði síðar:

Vissulega skorti fjármagn við HÍ en það skorti þó fyrst og fremst stuðning læknadeildar HÍ á þessum tíma, sem sýndi málinu ekki áhuga og virtist ekki sjá sér hag í að fá iðjuþjálfun þar inn. Þetta kom m.a. fram á fundum með rektor og ráðuneyti. Þótt háskólaráð hafi samþykkt 9. maí 1996 að hefja kennslu í iðjuþjálfun við HÍ var áhuginn í deildinni vægast sagt takmarkaður. Að okkar mati var þáverandi rektor eini aðilinn sem sýndi málinu raunverulegan áhuga á þessum árum, reyndi ítrekað að þoka því áfram en hafði ekki erindi sem erfiði.⁵⁷

Nám í iðjuþjálfun hófst síðan við Háskólann á Akureyri haustið 1997.

Þótt frestað væri upptöku meistaranáms í tölvunarfræði og nám í

⁵⁰ Vef. Alþingi. Þingsályktun um kennslu í iðjuþjálfun 1994–95.

⁵¹ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 29. júní 1995. Fylgiskjal. Greinargerð frá Iðjuþjálfafélagi Íslands vegna tillögu um nám í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands 20. júní 1995.

⁵² Vef. Alþingi. Þingsályktun um kennslu í iðjuþjálfun 1994–95. – *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 323.

⁵³ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 29. júní 1995. Fylgiskjal. Fulbright Fellowship Report. Gail Hills Maguire. 1 June 1995.

⁵⁴ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 9. maí 1996, 6.

⁵⁵ HÍ. BA3: 65. Menntamálaráðuneytisbréf 30. maí 1996.

⁵⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 60.

⁵⁷ *Tölvupóstur*. Snæfríður Þ. Egilson prófessor 9.12.2010.



Haustið 2010 var farið af stað með meistaranám í talmeinafræði í Háskóla Íslands. Námið er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs, Íslensku- og menningar-deildar, Læknadeildar og Sálfræðideildar, en nemendur teljast til Læknadeildar. Myndin er frá gestamóttöku sem efnt var til í Læknagarði þegar námið hófst.

iðjuþjálfun væri enn látið sitja á hakanum var ýmislegt í deiglunni á þessum tíma. Bryddað var upp á námskeiði í íslenskrri menningu fyrir erlenda skiptinema, bætt við námskeiðum í kvennafræði til að unnt væri að nema hana sem aukagrein, og þróað námsefni í tölvunarfræði fyrir nemendur í hug-, félags- og heilbrigðisgreinum svo að hægt yrði að gefa öllum stúdentum skólans kost á að velja tölvunarfræði sem aukagrein. Þannig vildi Háskólinn koma til móts við mikla þörf fyrir starfsfólk með aukabekkingu á tölvu- og hugbúnaðariðnaði. Hins vegar stóð til að hefja meistaranám í viðskiptafræði, því mjög fjölmennir hópar voru að ljúka fyrstu BS-prófum vorið 1997, og augljóst að mikil eftirspurn var eftir framhaldsnámi á því sviði.⁵⁸

Stundum kvikna hugmyndir að nýjum námsgreinum hjá háskólakennurum og námið þróað síðan smám saman á eigin forsendum í samstarfi við aðrar námsgreinar eða jafnvel aðra háskóla. Páll Skúlason háskólarektor átti árið 2000–01 þátt í að komið var á fót námi í nútímafræði við Háskólann á Akureyri. Það var samstarfsverkefni í fjarnámi sem Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands stóðu að sameiginlega, en var þó á forræði norðanmanna. Nokkrir nemendur í Háskóla Íslands luku námi í nútímafræði sem aukagrein á þeim árum, en eftir það tók Háskólinn á Akureyri það alveg yfir og hefur þróað áfram sem fullburða námsgrein.⁵⁹

Byggingarlist og dýralækningar voru meðal þeirra námsgreina sem ekki hefur verið hægt að leggja stund á hér á landi og rætt

⁵⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 60, 235, 294.

⁵⁹ *Viðtal*. Sigurður Kristinnsson, kennari við Háskólann á Akureyri 1.09.2009.

hefur verið um að taka upp við Háskólann. Háskóli Íslands undirbjó um tíma nám í arkitektúr, en að lokum tók Listaháskóli Íslands það upp á sína arma því að Verkfræðideild taldi árið 2002 ekki fjárhagsgrundvöll fyrir náminu við deildina án skólagjalda.⁶⁰ Ítrekað hefur verið til umræðu að hefja kennslu í dýralækningum í tengslum við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Erindið var borið upp af dýralæknum sem komu á fund háskólayfirvalda eftir ályktanir hjá Dýralæknafélaginu.⁶¹ Háskólaректор lagði fram tillögu um málið 1990, og var hún einróma afgreidd. „Háskólaráð samþykkir að taka upp fyrrihlutanám í dýralækningum við Háskóla Íslands ef og þegar stjórnvöld ákveða að veita nauðsynlegt fé til slíkrar kennslu.“⁶² Í þessu máli hafa Íslendingar notið velvildar annars staðar á Norðurlöndum og stundað nám í dýralækningum við háskóla í Danmörku, Noregi og víðar. Við dýralækna Háskólann í Osló voru jafnan teknir inn tveir útlendingar árlega. Í áraraðir var annar þeirra alltaf Íslendingur og stundum báðir. Þetta var ekki ósvipað því þegar erlendir námsmenn í læknisfræði við Háskóla Íslands, utan kvóta, voru árum saman Norðmenn, en fyrir það var tekið þegar læknastúdentar vísuðu í jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Íslenskir stúdentar sem höfðu fengið hærri einkunn og komust ekki inn gerðu athugasemdir við fyrirkomulagið, og á grundvelli jafnræðisreglu var hætt að taka inn tvo útlendinga fram fyrir Íslendinga.

Í sumum tilvikum er heppilegra að sækja nám til annarra landa eins og í þessu tilviki. Dýralæknanám er eitt hið dýrasta sem kennt er í háskólum. Ekki er þörf fyrir marga dýralækna á landinu, sjúkdómar dýra eru færri hér á landi en í nágrannalöndunum, dýrafjöldinn lítill og fáir sérfræðingar til að kenna í slíkum skóla hérlandis. Námsmenn standa sjálfir straum af kostnaði við námið sem þeir sækja til annarra landa með námslánum, auk skattgreiðenda viðkomandi landa. Dýralækna menntaðir erlendis koma síðan með margvíslegan fróðleik til baka, þekkingu sem ekki er fyrir hendi hér á landi.⁶³ Þegar upp var staðið virtist ljóst að heppilegra væri að sækja nám í dýralækningum til annarra landa, hvað sem síðar verður. Eftir undirritun kennslusamnings við Menntamálaráðuneytið 1999, þegar Háskólinn fékk heimild til að taka hverja þá námsgrein á dagskrá sem hann taldi verðugt að kenna, var samt gert ráð fyrir því að hann „skyldi hins vegar ekki hefja nýtt nám með auknum tilkostnaði, svo sem í dýralækningum eða arkitektúr, nema semja um það sérstaklega við ríkisvaldið“.⁶⁴

⁶⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 2002, 123.

⁶¹ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 5. okt. 1989.

⁶² *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 3. maí 1990. – *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 153.

⁶³ *Viðtal*. Helgi Sigurðsson dýralæknir og Brynjólfur Sandholt dýralæknir 11.09.2009.

⁶⁴ *Alhliða háskóli*, 136.

Þótt ríkisvaldið og Háskólinn hafi ekki séð sér fært að bjóða upp á nám í dýralækningum fara fram umfangsmiklar rannsóknir á sjúkdómum íslenskra dýra hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem sett var á stofn árið 1948, eins og fyrr hefur verið rakið. Rannsóknir Björns Sigurðssonar á hæggengum sjúkdómum í sauðfé, eins og mæðiveiki og visnu, urðu til þess að þeim skæðu sjúkdómum var útrýmt úr íslensku sauðfé. Kenningar Björns voru alveg nýjar af nálinni og eru fastur liður í öllum kennslubókum um veirufræði um víða veröld. Þær vöktu athygli á ný þegar eyðniveiran komst í hárnæmi á nýunda áratug 20. aldar, en hún hegðar sér með líkum hætti.⁶⁵ Björn lést langt fyrir aldur fram, en erlendir vísindamenn tóku upp þráð hans, og Carleton Gajdusek fékk nóbelsverðlaun í lífeðlis- og læknisfræði fyrir rannsóknir sínar. „Ef Björn hefði þá verið á lífi er líklegt að verðlaununum hefði verið skipt milli hans og Gajduseks“, sagði Halldór Þormar í yfirlitsgrein um starf Björns.⁶⁶ Að Keldum er framleitt bóluefni gegn ýmsum sjúkdómum sem herja á íslensk húsdýr. Hin síðari ár hafa vísindamenn að Keldum meðal annars rannsakað ónæmi fiska og kláða í hrossum. Þar eru einnig krufnir hvítabirnir sem falla við strendur landsins auk fjölmargra annarra verkefna.

3. *Diplómanám – stuttar hagnýtar leiðir*

Um 1990 voru til umræðu hugmyndir um stutt hagnýtt nám sem nefnt var „sérskólaleiðin“,⁶⁷ en þær áttu ekki upp á pallborðið í Háskólanum. Grunnám til BA-/BS-prófs þótti „í raun stutt hér við Háskólann“.⁶⁸ Í nóvember 1997 skipaði háskólarektor nefnd til að skoða möguleika á auknu námsframboði. Hin mikla eftirspurn eftir námi við Endurmenntun og Háskóla Íslands, mikið brottfall í hefðbundnu námi og reynsla erlendra háskóla af starfstengdum námsleiðum opnaði augu manna við Háskóla Íslands fyrir því að heppilegt gæti verið að bjóða upp á styttri leiðir.⁶⁹ Vorið 1999 voru auglýstar 17 nýjar námsleiðir, en að hausti var ákveðið að bjóða upp á nám á níu leiðum og sóttu 220 námsmenn um. Námið var 45 einingar, helmingi styttra en venjubundið þriggja ára grunnám í háskóla, átti að vera hagnýtt, og því átti að ljúka með sjálfstæðu prófi, diplómaprófi. Jafnframt var þess gætt að námið gæti nýst þeim sem síðar hygðust halda áfram á menntabrotinni og stunda nám til prófgráðu. Fyrirhugað var að leita til íslenskra fyrirtækja og stofnana um fjármögnun hluta námsleiðanna. Auk þess var áætlað að bjóða upp á tíu nýjar

⁶⁵ Halldór Þormar, „Björn Sigurðsson“, 13–40.

⁶⁶ Halldór Þormar, „Björn Sigurðsson“, 39.

⁶⁷ Jón Torfi Jónasson, *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985–2010*.

⁶⁸ *HÍ. Valnám í Háskóla Íslands*, 5.

⁶⁹ *Alhliða háskóli*, 46.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

30 eininga námsleiðir. „Stofnað var til tengsla sjö námsleiðanna við viðkomandi atvinnugreinar og styrkir útvegaðir til að fjármagna ný námskeið en áhersla var lögð á tengsl námsins við atvinnulífið.“⁷⁰

Ferðalög landsmanna og útlendinga um landið hafa aukist jafnt og þétt síðustu áratugi, og smám saman hefur byggst upp fjölbreytt atvinnugrein sem þjónar ferðafólki. Ferðaþjónusta aflaði 17% gjaldeyrstekna þjóðarinnar árið 2008 samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands; aðeins sjávarútvegur og stóriðja skiluðu hærri hlut.⁷¹ Áhugi útlendinga á Íslandi hefur verið viðvarandi, og vísindatímaritið *Science* fjallaði þannig um fræðandi ferðalög árið 1994: „Ferðum sagnfræðinga til Grikklands og listfræðinga til Ítalíu var lýst en lengsta greinin var þó um náttúrufræðilegar ferðir til Íslands.“⁷² Undirgreinar ferðaiðnaðar eru fjölbreyttar eins og hótél- og veitingarekstur, leiðsögn, minjagripaframléiðsla, samgöngur, verslun og fjölmargt fleira. Það var því eðlilegt að ein af hinum stuttu hagnýtu námsleiðum sem boðið var upp á haustið 1998 væri ferðamálafræði.⁷³ Árið 1995 hafði kennslumálanefnd háskólaráðs reyndar fjallað um nám í ferðamálum og umhverfisnám, en ekkert varð úr framkvæmdum á þeim tíma fjármálaaðhalds.⁷⁴ Námið var skipulagt innan jarð- og landfræðiskorar í Raunvísindadeild með stuðningi úr þróunarsjóði háskólarektors, og hluti námskeiða var úr Heimspekideild og Viðskipta- og hagfræðideild. Markmið með náminu var að „útskrifa nemendur með þekkingu á tengslum ferðamennsku og ferðaþjónustu við náttúru, efnahagslíf og menningu, og búa fólk undir stjórnunar- og sérfræðistörf í ferðaþjónustu hjá fyrirtækjum og stofnunum.“⁷⁵ Námið féll strax í góðan jarðveg meðal nemenda. Hluti þess fór fram í fjarkennslu, og gat fjöldi fólks á landsbyggðinni notið þess.⁷⁶ Svo vinsælt varð námið að árið 2001 var ákveðið að bjóða upp á nám til BS-prófs í greininni.⁷⁷ Þetta var í samræmi við kenningar fræðimanna að þær greinar sem fara af stað sem hagnýtar þróast fljótlega í fullburða akademískt nám eða líða undir lok ella.⁷⁸ Annar lektor var ráðinn árið 2002, og sama ár luku fyrstu nemendurnir BS-prófi í ferðamálafræði.⁷⁹ Árið 2005 lauk fyrsti nemandinn MS-prófi í greininni frá Háskóla Íslands, og sama ár veitti Ferðamálasetur Íslands (síðar Rannsóknamiðstöð ferðamála) í fyrsta sinn verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál. Ferðamálasetur Íslands var stofnað haustið 1999 og var samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri þar sem það hefur aðsetur. Komu fern af fimm verðlaunum í hlut nemenda við Háskóla Íslands. Þetta var

⁷⁰ *Alhliða háskóli*, 47.

⁷¹ *Einkaheimild*. Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir, *Þróun meistara- og doktorsnáms í ferðamálafræði við Háskóla Íslands*, 2.

⁷² María Hildur Maack, „Nýjar áherslur í ferðamálum“, 15. Hér tekið úr: Gunnar Karlsson, „Málsvörn mannvísinda“, 11.

⁷³ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 59.

⁷⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 323.

⁷⁵ *Stuttar hagnýtar námsleiðir háskólaárin 1999–2001*, 9.

⁷⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 59.

⁷⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 72.

⁷⁸ *Fyrirlestur*. Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.“

⁷⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 2002, 194.



Fyrsti hópurinn sem stundaði nám í hagnýtri fjölmíðlun útskrifaðist í september 1991. Hér er hann með kennara sínum (lengst til hægri), Sigrínu Stefánsdóttur.

talið bera vott um að Háskólinn væri í leiðandi hlutverki og hefði sterka stöðu á sviði kennslu og rannsókna í ferðamálum á landsvísu, en fleiri skólar höfðu þá tekið upp nám í greininni.⁸⁰ Ferðamálafræðin varð brátt ein vinsælasta námsgreinin innan Raunvísindadeildar og síðar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Frá árinu 2001 til ársloka 2009 hefur 41 lokið diplómaprófi, 212 hafa lokið BS-prófi og þrír MS-prófi í ferðamálafræði. Árið 2009 voru 2,5 stöðugildi kennara í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, auk kennara í tímabundnu starfi. Haustið 2009 voru 195 námsmenn skráðir til náms í greininni, tíu í framhaldsnám, þar af einn í doktorsnám. Rannsóknir á sviði ferðamálafræði hafa einnig aukist umtalsvert.⁸¹ Mikil eftirspurn er meðal nemenda eftir framhaldsnámi ekki síður en meðal fólks í ferðaþjónustu, sem vill ráða til sín menntað fólk með þekkingu á þessu fræðasviði. Þeir sem vinna í greininni finna að mikil þörf er á að efla rannsóknir og auka þannig þekkingu innan greinarinnar.

Ekki tókst jafnvel til með allar námsgreinar sem boðið var upp á til diplómaprófs í Raunvísindadeild. Auk ferðamálafræði var boðið upp á nám í rekstri tölvukerfa og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja – veiðum og vinnslu. Eftir fáein misseri var kennslu hætt í rekstri tölvukerfa. Deildin taldi það ekki samræmast áherslum hennar á framhaldsnám, og tölvunarfræðin hafði ekki nægan mannafla til að sinna diplómanáminu.⁸² Á meðan 13 nemendur brautskráðust með

⁸⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 22; 2007, 165.

⁸¹ *Ritaskrá Háskóla Íslands* 2001, 106–07; 2007, 366–68, 372–77.

⁸² *Árbók Háskóla Íslands* 2002, 123.

diplómapróf í ferðamálafræði árið 2001 útskrifaðist aðeins einn með diplómapróf af námsbrautinni um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.⁸³ Háskólinn á Akureyri hóf að kenna sjávarútvegsfræði, og vildi Háskóli Íslands ekki hefja beina samkeppni með því að bjóða upp á alveg sambærilegt nám. Þess í stað var Jakob Jakobsson, fiskifræðingur og forstjóri Hafrannsóknastofnunar, ráðinn til að byggja upp sjávarútvegsfræði á framhaldsstigi. Árið 1997 brautskráðust fyrstu þrír nemendurnir með MS-próf í sjávarútvegsfræðum. Til haustsins 2009 hefur samtals 21 lokið meistaranámi í sjávarútvegsfræðum frá Háskóla Íslands, sex með MS-próf og 15 með MA-próf.

4. Endurmenntun og símenntun

Á síðari hluta 20. aldar voru breytingar orðnar svo örar í þjóðlífinu að menntun kandiádata þarfnáðist endurnýjunar eftir nokkur ár eða áratugi frá námslokum, allt eftir greinum og sviðum. Augljóst er að sá námsmaður sem lauk námi í tölvunarfræði fyrir 20 árum er lítt kunnugur þeim kerfum sem eru í notkun nú á dögum ef hann heldur ekki við þekkingu sinni. Sá sem hefði lokið prófi í latínu væri ekki eins illa staddur. Dæmi eru um að löggiltir endurskoðendur tapi réttindum sínum ef þeir sækja ekki reglulega ný námskeið á sínu sviði.⁸⁴ Við undirritun læknaeiðs við brautskráningu skylda lækna sig til að halda við þekkingu sinni. Til að bregðast við þessu og hlýða kalli atvinnulífs og einstaklinga um nýja þekkingu var í árslok 1982 gerður samningur milli Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, Bandalags háskólamanna, Tæknifræðingafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Hins íslenska kennarafélags um stofnun endurmenntunarnefndar sem hefði umsjón með endur- og símenntun félagsmanna. Hlutverk endurmenntunarnefndar var að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Stjórn hennar var skipuð af háskólaráði og samstarfsaðilum. Margrét Björnsdóttir félagsfræðingur var í upphafi í forsvari fyrir verkefnið og stjórnaði uppbyggingu málaflokksins í einn og hálfan áratug í samráði við stjórn.

Endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands starfaði frá árinu 1983 til 1991, en var þá gerð að sérstakri stofnun, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, og var rekin með svipuðum hætti og nefndin áður.⁸⁵

Í fyrstu bauð Endurmenntunarnefnd upp á stutt námskeið, frá fjórum upp í 25 klukkustundir að lengd, aðallega fyrir þau félög sem áttu aðild að nefndinni. Haustið 1983 sóttu 63 þátttakendur námskeið á vegum Endurmenntunarnefndar og fjölgaði nemendum

⁸³ *Árbók Háskóla Íslands* 2001, 201.

⁸⁴ *Viðtal*. Kristín Klara Einarsdóttir skrifstofustjóri 17.12.2009.

⁸⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 109.

ár frá ári. Smám saman þróaðist samvinna við opinberar stofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki. Árið 1999 urðu nemendur fjölmennastir eða liðlega 12.400, og námskeiðin urðu flest um 500 á ári. Þannig hafa vel á annað hundrað þúsund einstaklingar sótt sér fræðslu og menntun hjá Endurmenntun þann tíma sem hún hefur starfað. „Veruleg endurnýjun er á hverju ári á námsframboði Endurmenntunarstofnunar, einkum á styttri námskeiðum. Þar eru ný námskeið um 60–70% af framboðinu eða um 250 ný námskeið árlega.“⁸⁶ Eftir að hámarksfjöldi námskeiða og þátttakenda var náð fór þeim fækkandi, enda var áherslum breytt og meiri áhersla lögð á lengra nám, fyrst misserislöng námskeið og síðan nám sem tók fjögur misseri. Árið 1990 var í fyrsta sinn boðið upp á fjögurra missera rekstrar- og viðskiptanáms samhliða starfi.⁸⁷ Ári síðar lagði hópur ráðgjafa úr atvinnulífínu „til að endurmenntun og símenntun verði eflað verulega við Háskólann“.⁸⁸ Í skýrslu þróunarnefndar Háskólans árið 1994 var undirstrikað að endurmenntun „á vegum Háskólans er mikilvægur þáttur í þekkingarmiðlun skólans. Endurmenntun og símenntun verða stöðugt mikilvægari fyrir atvinnulífið. Örar tækniframfarir hafa áhrif á verklag við framleiðslu vöru og þjónustu. Til að fylgja þessum breytingum eftir þarf fólk sífellt að endurmeta hæfni sína og bæta við menntun sína og þekkingu.“⁸⁹ Fólk jafnt utan sem innan Háskólans skynjaði hina miklu eftirspurn sem var eftir nýrri þekkingu, enda voru stórstígar framfarir á mörgum sviðum atvinnulífs, ekki síst í upplýsingatækni. Í upphafi hafði verið boðið upp á margs konar stutt og hagnýtt námskeið, en síðar bættust við í samstarfi við Heimspekideild Háskólans misserislöng kvöldnámskeið. Árið 1998 voru til dæmis námskeið um bókmenntir, heimspeki, siðfræði, sagnfræði, tungumál, listasögu, tónlistarsögu, fornsögur, kvikmyndafræði, trúarbragðafræði, þróun persónulegrar hæfni o.fl., og sóttu 1.520 manns þessi kvöldnámskeið það árið.⁹⁰

Þróun námsleiða sem tóku fleiri misseri átti eftir að verða annað af höfuðverkefnum stofnunarinnar næstu tvo áratugi. Boðið hefur verið upp á um 30 mismunandi námsleiðir í samstarfi við flestar deildir Háskólans og hagsmunaaðila. Námsleiðirnar eru fjölbreyttar og hafa sumar þeirra verið á faglegri ábyrgð deilda Háskólans og að því leyti sambærilegar við það sem kennt er í reglulegu námi í kennsludeildum Háskólans, fyrst í grunnnámi og síðar í meistaranámi. Þannig hefur fólk getað fengið hluta námsins eða jafnvel allt námið

⁸⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 358.

⁸⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 181.

⁸⁸ *Háskóli Íslands. Þróunarnefnd. Ábendingar ráðgjafanefndar um stefnu Háskóla Íslands*, 15–16.

⁸⁹ *Háskóli Íslands. Stefna og framtíðarsýn*, 44.

⁹⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 110.

metið inn í lokapróf frá Háskóla Íslands og útskrifast þaðan. Nokkuð er um að fólk velji þá leið. Aðrar námsleiðir hafa verið sniðnar að þörfum ákveðinna starfsstétta, hannaðar fyrir aðildarfélögin, sveitarfélög og fleiri aðila, og síðan hefur dregið úr eftirspurn eftir slíku námi þegar markaðurinn hefur verið mettaður. Endurmenntun hefur auðveldlega lagað sig að þörfum markaðarins, svo notað sé tungutak fólks úr viðskiptum, lagt niður námskeið þegar eftirspurn dregst saman og snúið sér að nýjum markhópum. Í öðrum tilvikum hafa námsleiðir verið þróaðar innan Endurmenntunar og síðar verið teknar yfir af deildum Háskólans. Sem dæmi má nefna opinbera stjórnun og stjórnsýslu sem kennd var við góða aðsókn hjá Endurmenntun árin 1998–2004 en færðist síðan í heilu lagi sem námsbraut til Stjórn málafræðiskorar. Endurmenntun hefur einnig tekið að sér réttindanámskeið sem hefur verið á hendi ráðuneyta, svo sem lög-gildingun fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, verðbréfavíðskipti, váttryggingamiðlun o.fl. Eitthvað hefur verið um að fólk hefji háskólanám sitt hjá Endurmenntun og haldi síðan áfram með það í deildum Háskólans. Fjölmennari er hins vegar sá hópur háskólamenntaðra sem er að bæta við sig þekkingu.⁹¹ Árið 2001 var stofnað „Félag um lýðheilsu að loknu þverfaglegu námskeiði um stefnumótun á sviði lýðheilsu“ á vegum Endurmenntunar. „Þetta er ekki einsdæmi því fræðslustarfsemi á vegum EHÍ hefur nokkrum sinnum áður leitt til þess að stofnuð hafa verið félög og samtök um sértæk fagmál.“⁹²

Með lögum um Háskóla Íslands frá 1999 var staðfest hlutverk skólans á sviði símenntunar, en þar segir: „Háskóli Íslands skal einnig sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar ...“⁹³

Flestir kennarar sem kennt hafa á vegum Endurmenntunar hafa langa reynslu af kennslu á háskólastigi, og jafnan var reynt að leita til færustu sérfræðinga íslenskra sem erlendra við kennslu á hverjum tíma.⁹⁴ Margir þekktir erlendir háskólakennarar sem taka ríflugar þóknarir í heimalöndum sínum hafa komið til Íslands og miðlað af þekkingu sinni fyrir lítið fé. Samhliða fjölgun námsmanna og verkefna fjölgaði starfsmönnum Endurmenntunar, og voru þeir um 15 talsins eftir aldamótin.

Frá upphafi var mörkuð sú stefna að þátttakendur greiddu fyrir þau námskeið sem þeir sóttu. Samkvæmt lögum nr. 41/1999 fékk Háskóli Íslands víðtækar heimildir til að skipuleggja endurmenntunar-

⁹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 139.

⁹² *Árbók Háskóla Íslands* 2001, 172.

⁹³ *Vef. Alþingi. Lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, 1. gr.*

⁹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2002, 162.



Hér má sjá þá nemendur, sem luku námi, ásamt Valdimar K. Jónssyni prófessor og stjórnarformanni Endurmenntunastofnunar, Sveinbiri Björnssyni rektor H.Í. og Margrét Björnsdóttur endurmenntunarstjóra H.Í.

Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands:

14 nemendur luku prófum

14 hafa lokið prófum við Endurmenntunastofnun H.Í. í rekstrar- og viðskiptagreinum.

Námið tekur þrjú misseri í rekstrar- og viðskiptagreinum fyrir aðra en viðskipta- og hagfræðinga. Hægt er að stunda námið með starfi.

Tekin eru fyrir helstu undirstöðu-

atriði hagfræða og rekstrar og reynt að gera þeim betri skil en hægt er á styttri námskeiðum. Þeir, sem lokið hafa háskólanámi, ganga fyrir um inngöngu, en einnig er tekið inn fólk með stúdentspróf eða sambærilega menntun sem hefur reynslu í rekstri og stjórnun.

Markmið námsins er að þátttakendur öðlist öryggi og getu til þess að takast á við hin ýmsu svið rekstrar og stjórnunar. Einnig er reynt að gefa nemendum fræðilega yfirsýn og þeim kynntar hagnýtar aðferðir, sem reynt hafa vel í rekstri fyrirtekja.

—CKG.

Hópur nemenda sem luku þriggja ára námi í rekstrar- og viðskiptagreinum við Endurmenntunastofnun árið 1995. Fremst sitja Valdimar K. Jónsson, prófessor og stjórnarformaður stofnunarinnar, Sveinbjörn Björnsson rektor og Margrét Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskólans.

nám á sínum vegum, og gekk löggjafinn „út frá því að fjárhagsgrundvöllur þess yrði annar en gilti um hið almenna nám innan skólans“.⁹⁵ Þannig var Endurmenntun heimilt að leggja á skólagjöld sem stæðu undir rekstrarkostnaði við nám sem skipulagt var á hennar vegum. Námskeiðsgjald hefur staðið undir launum kennara og öðrum rekstrarkostnaði. Endurmenntun er ein fárra stofnana Háskólans sem lagt hafa fram verulega fjármuni til byggingar húsnæðis á vegum skólans. Árið 1987 flutti hún í Tækningarð, sem var þá nýbyggður, og fékk þar tvær kennslustofur. Næstu ár á eftir var húsnæðisvandi eitt helsta áhyggjuefni stofnunarinnar, enda voru kennslustofur bókaðar frá kl. 8 til 22 alla virka daga, auk þess sem húsnæði var leigt hjá Háskólanum sjálfum. Í október 1998 flutti Endurmenntunastofnun í nýtt hús við Dunhaga 7. Fyrsta skóflustunga var tekin 30. mars og húsið tekið í notkun sex mánuðum síðar eða 1. október sama ár. Húsið tilheyrir Endurmenntunastofnun og tölvunarfræði Háskóla Íslands að hluta. Árið 1991 voru rekstrartekjur Endurmenntunar 47 milljónir króna og 2% af tekjum Háskólans, en árið 2008 voru þær um 444 milljónir eða 4% af tekj-

⁹⁵ Vef. Hæstiréttur. HRD nr. 310/2002.

um hans. Rekstur Endurmenntunar var þannig orðinn umsvifameiri en Guðfræðideildar, Lagadeildar, Viðskipta- og hagfræðideildar, Lyfjafræðideildar, Tannlæknadeildar og Hjúkrunarfræðideildar, hverrar um sig. Tölur um aðsókn sýna glögggt að mikil þörf var fyrir starfsemi Endurmenntunar Háskóla Íslands og hún orðin eðlilegur hluti af starfsemi allra deilda Háskólans. Ísland fékk líka rós í hnappagatið frá höfundum skýrslu OECD árið 2010 þar sem borin eru saman menntakerfi þróaðra iðnríkja. Þar segir að Finnland, Ísland og Noregur bjóði upp á mesta möguleika á símenntun fyrir fullorðna á framhalds- og háskólastigi.⁹⁶

5. Leiðbeiningarstarf

Menntamálaráðuneytið hafði í áratugi rekið upplýsingaskrifstofu um nám erlendis sem var aðeins opin fáa tíma í viku. Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) miðlaði jafnframt fróðleik um nám erlendis með aðstoð íslenskra stúdenta á erlendri grund. Laust eftir 1981 var farið að hugleiða að flytja skrifstofu ráðuneytisins til Háskólans. Af því varð þó ekki fyrr en Upplýsingastofa um nám erlendis var stofnuð 1988 við Háskóla Íslands með samningi við ráðuneytið og flutti í húsakynni Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut. Upplýsingastofan var rekin af Háskóla Íslands en þjónaði öllu landinu. Aðallega voru það háskólastúdentar og fólk sem var að hugleiða nám erlendis sem nýtti sér þjónustuna. Strax fyrsta starfsárið sóttu á annað þúsund manns þjónustu til Upplýsingastofunnar, og fékk hún brátt aukna aðsókn og fleiri verkefni.⁹⁷

Í byrjun árs 1989 var opnuð Alþjóðaskrifstofa við Háskóla Íslands.⁹⁸ Skrifstofan tók að sér fyrir Norrænu ráðherranefndina að vera landsskrifstofa fyrir Nordplus á Íslandi og hafa umsjón með stúdentaskiptum á þeirra vegum. Ári síðar tók hún að sér að starfrækja Comett-upplýsingastöð á Íslandi, en það er vettvangur til að flytja til atvinnulífsins þekkingu á nýrri tækni.⁹⁹ Alþjóðaskrifstofa Háskólans og Upplýsingastofa um nám erlendis sameinuðust árið 1991 og höfðu aðsetur í aðalbyggingu skólans.¹⁰⁰ Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins var síðan sett á laggirnar árið 1992 samkvæmt sérstökum samningi Háskólans og Menntamálaráðuneytisins, og fór hún með alþjóðleg málefni fyrir Háskóla Íslands og aðra skóla á háskólastigi. Sama ár óskaði Menntamálaráðuneytið eftir því að Alþjóðaskrifstofan tæki að sér Erasmus-samstarfsáætlun háskóla, upplýsingamiðlun og úthlutun styrkja til nemendaskipta, sem nokkrum árum síðar leiddi til enn

⁹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 286; 2008, 91 – *Vef. OECD*.

Education at a Glance 2010, 62. „The most extensive possibilities for later graduation for adults at both the upper secondary and tertiary levels.“

⁹⁷ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 47–48. – *Viðtal*. Karítas Kvaran, framkvæmdastjóri Alþjóðaskrifstofu 21.09.2009.

⁹⁸ *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 46.

⁹⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 28.

¹⁰⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 163.

frekari verkefna.¹⁰¹ Sókrates-menntaáætlun Evrópusambandsins var hleypt af stokkunum árið 1995 og náði til allra skólastiga, frá leikskólum til háskóla, auk fullorðinsfræðslu. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins tók Sókrates undir sinn verndarvæng hér á landi. Verkefnið hlóðust á skrifstofuna eitt af öðru og fengu gjarnan nöfn hugsuða Evrópu; landsskrifstofa fyrir Erasmus, Comenius, Grundtvig, Erasmus Mundus áætlun Evrópusambandsins, et-winning áætlun, upplýsingaskrifstofa fyrir Prúnarsjóð EFTA um samstarf menntastofnana, landskrifstofa fyrir Nordplus á Norðurlöndum, aðalstjórnandi Nordplus sprog-tungumálaáætlunarinnar á Norðurlöndum og ýmislegt fleira. Lengst af hafa fimm til tíu starfsmenn haft umsjón með verkefnum Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og annast alþjóðasamskipti Háskóla Íslands.¹⁰²

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins hefur haft umsjón með Íslandskynningu fyrir alla erlenda stúdenta og starfsmenn íslenskra háskóla og nefnist hún *Introduction to Iceland*. Gefnar hafa verið út veglegar bækur sem kallast *Destination Iceland*, *Handbók um styrki* er endurnýjuð reglulega, vefurinn er hlaðinn fróðleik, og boðið er upp á undirbúningsnámskeið í íslensku í upphafi náms, auk þess sem erlendum stúdentum er boðið upp á þrjá til fimm menningarviðburði á hverju misseri. Háskólasetur Vestfjarða hefur frá árinu 2008 haft umsjón með íslenskunámskeiðum fyrir Alþjóðaskrifstofu.

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands hefur frá stofnun annast samninga fyrir Háskóla Íslands við erlendar menntastofnanir og haft umsjón með stúdenta- og starfsmannaskiptum Háskólans. Í byrjun árs 2011 voru í gildi um 440 Erasmus-samningar við um 290 evrópska háskóla og um 80 samningar við háskóla utan Evrópu, auk umfangsmikils samstarfs á Norðurlöndum. Frá árinu 1997 hefur Háskóli Íslands verið aðili að bandarísku skiptinemasamtökunum ISEP þar sem um 100 bandarískir háskólar bjóða skólavist. Íslenskir stúdentar geta því farið nær hvert sem er í heiminum, tekið hluta af námi sínu þar og fengið það metið inn í nám við Háskóla Íslands.

Þegar fyrstu íslensku skiptistúdentarnir fóru frá Háskóla Íslands námsárið 1992–93 voru þeir liðlega 50 talsins. Helmingi færri erlendir stúdentar sóttu Háskólann heim. Hlutfallið snerist við árið 2000, og námsárið 2009–10 fóru tæplega 200 stúdentar frá Háskólanum til náms erlendis á sama tíma og tæplega 400 erlendir skiptistúdentar komu til náms við Háskóla Íslands. Sú staðreynd að flestar deildir skólans bjóða upp á námskeið á ensku eða öðrum

¹⁰¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 150.

¹⁰² *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 67.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR



Háskóli Íslands verður ælþjóðlegri. Myndin er frá tælskri menningardagskrá í Háskólabíói 9. maí 2009.

erlendum tungumálum fyrir erlenda skiptistúdenta skiptir sköpum í þessu sambandi.

Reynsla þeirra nemenda sem fara til náms erlendis er margbreytileg, en margir sem halda utan upplifa svipað og Ása Helga Hjörleifs-dóttir sem lýsir reynslu sinni eftir nám í París námsárið 2005–06:

Með því að fara til annarrar borgar gefst manni með öðrum orðum tækifæri á að upplifa sig í samhengi við stærri og margbrotnari heim, og á endanum að tilheyra honum. Í endurliti er hægt að spyrja sig hver maður væri án þeirrar reynslu. Þegar maður fer yfir á götuljósnum á boulevardunum og mætir straumi fólks sem kemur úr gagnstæðri átt er maður umkringdur lífi annarra, og maður finnur fyrir smæð sinni en um leið möguleikum. Því hvað sem gerist á einu ári í öðru landi, víkkar maður út sjóndeildarhring sinn og ögrar takmörkum sínum á hátt sem má segja að sé lífsnauðsynlegur fyrir hverja manneskju.¹⁰³

Til að leiðbeina vaxandi fjölda námsmanna við val á námi, upplýsa um regluverk skólans og styðja þá sem stóðu höllum fæti var fyrst ráðinn námsráðgjafi til Háskólans árið 1981, Ásta Kristrún Ragnarsdóttir. Hún byggði upp námsráðgjöfina og naut í fyrstu aðstoðar Carol Pazandak sem var aðstoðarmaður rektors við University of Minnesota í Minneapolis og átti þátt í að efla tengsl milli skólanna. Um tíu árum síðar voru stöðugildi námsráðgjafa tæplega þrjú og í ársbyrjun 2009 voru um tólf störf á skrifstofu námsráðgjafa.¹⁰⁴ Þjónusta Námsráðgjafar hefur vaxið í hlutfalli við fjölgun námsmanna og kröfur um bættu þjónustu við þá. Árið 2007 var heiti skrifstofunnar breytt í Náms- og starfsráðgjöf sem fól í sér ráðgjöf og þjónustu frá upphafi til enda háskólanáms, að brautskráningu og atvinnuleit. Nemendur á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf hafa fengið verklega kennslu og starfsþjálfun á skrifstofunni. Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur verið öðrum skólum landsins fyrirmynd í uppbyggingu námsráðgjafar. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf, fékk alþjóðlega viðurkenningu fyrir framlag sitt til menntunar náms- og starfsráðgjafar og stefnumótunar málaflokksins á Íslandi.¹⁰⁵ Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi var lögverndað í apríl 2009.¹⁰⁶ Náms- og starfsráðgjafar hafa lagt áherslu á að veita persónuleg viðtöl, bjóða upp á margvísleg námskeið í

¹⁰³ *Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins. Ása Helga Hjörleifs-dóttir, Ritgerð úr Erasmus reynslusögukeppni 2007.*

¹⁰⁴ *Námsráðgjöf Háskóla Íslands í 15 ár. – Viðtal. Elísabet Þorsteinsdóttir deildarstjóri 21.09.2009.*

¹⁰⁵ *Árbók Háskóla Íslands 2006, 30.*

¹⁰⁶ *Vef. Alþingi. Lög nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjafa.*



Námsráðgjöf Háskóla Íslands tók til starfa árið 1981 með einn starfsmann. Hér er starfsfólk hennar 30. nóvember 2001. Frá vinstri: Arnfríður Ólafsdóttir, Jónína Ólafsdóttir Kárdal, Hrafnhildur V. Kjartansdóttir, Magnús Stephensen skrifstofustjóri, Auður G. Gunnarsdóttir, Ragna Ólafsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, starfsmaður í móttöku, og María Dóra Björnsdóttir.

námstækni og vörn gegn náms- og prófkvíða, auk áhugasviðsprófa. Skrifstofan hefur haft sérstaka umsjón með nemendum skólans sem hafa þurft á sérstökum stuðningi við nám sitt að halda. Síðustu ár hefur látið nærri að annar hver námsmaður skólans hafi litið inn hjá náms- og starfsráðgjöfum eða sent þangað rafræna fyrirspurn um stöðu sína eða námsmöguleika.¹⁰⁷ Þessi þjónusta hefur einnig verið opin fyrir aðra en nemendur Háskóla Íslands, og hafa fjölmargir leitað eftir henni.

6. Hús eru til alls fyrst

Þótt Sókrates hafi forðum kennt á götum úti í Aþenu gengur það ekki til lengdar í Reykjavík. „Hús eru til alls fyrst“, var rektor Alexander Jóhannessyni tamt að segja.¹⁰⁸ Hann er talinn hafa unnið mjög gott verk í byggingarmálum skólans sem formaður byggingarnefndar aðalbyggingar og Háskólabíós, og mun Jón Helgason prófessor í Kaupmannahöfn hafa sagt að rétt væri að reisa stytta úr skíragulli af Alexander fyrir utan aðalbygginguna.¹⁰⁹ En í ört vaxandi háskóla eru byggingarmálin ekki leyst í eitt skipti fyrir öll, heldur eru þau viðvarandi úrlausnarefni. Þótt stjórnvöld vildu á síðasta áratug 20. aldar færa forræði í fjármálum, starfsmannamálum, launamálum og fleiri málaflokkum til Háskólans var þó eitt starfssvið þar sem Stjórnarráðið vildi hafa hönd í bagga – byggingarframkvæmdir. Auk byggingarnefndar háskólaráðs komu Menntamálaráðuneytið, Fjármálaráðuneytið, Samstarfsnefnd um opin-

¹⁰⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 18; 2009, 66.

¹⁰⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 654.

¹⁰⁹ *Viðtal*. Gunnar Sveinson skjalavörður 1990.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

berar framkvæmdir og Framkvæmdasýsla ríkisins að byggingarframkvæmdum og viðhaldi bygginga Háskólans, enda í samræmi við lög.¹¹⁰ Um byggingarframkvæmdir hafa lengst af verið samráð enda mikilvægt að bjóða kunnáttusamlega út öll verkefni til að halda kostnaði í skefjum, en krafa um útboð jókst verulega eftir að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994.¹¹¹ Aðeins hafa verið skiptar skoðanir um hversu miklu fé skuli varið til hvernar byggingar.

Eins og rakið var í kafla um húsnæðismál fyrir í þessu riti miðaði vel í þeim efnum í rektorstíð Sigmundar Guðbjarnasonar á árunum 1985–91 (II.10.6). Fjármögnun fékkst frá öðrum aðilum fyrir Tæknigarði og Rannsóknarbyggingu að Keldum, Happraðtti Háskólans fékk um tíma viðbótartekjur með skafmiðahappraðtti Happaþrennunnar, og því var unnt að ráðast í fleiri verkefni. Þótt mikið hafi verið byggt í rektorstíð Sigmundar þá átti skólinn nokkuð í land í samjöfnuði við erlenda háskóla.

Á síðustu tveimur áratugum hafa eftirtaldar byggingar bæst við húsakost Háskólans með stuðningi Happraðttis Háskólans:

Háskólabíó, stækkun með fyrirlestrarsölum	1990
Oddi, lokið við síðari hluta	1990
Hagi við Hofsvallagötu, keyptur	1991
VR–III, verkstæði	1992
Nýi garður, keyptur	1995
Neshagi 16, keyptur	1997
Askja, náttúrufræðihús	2003
Háskólatorg, Gimli og Tröð	2007

Árið 1990 var lokið við stækkun á fyrirlestrarsölum við Háskólabíó sem hafist var handa við árið 1987. Þar hefur verið unnt að kenna stórum hópum nemenda sem hefja nám í fjölmönnum námskeiðum á fyrstu námsárum. Salirnir nýtast jafnframt sem bíósalir, og þess á milli eru þeir heppilegir fyrir stærri ráðstefnur og fundi.

Á árunum 1988–90 var lokið við um 1.200 fermetra viðbótarálmu við Odda. Þar var komið fyrir 40 kennaraherbergjum auk rannsóknarrýmis í kjallara. Í þessari álmu Odda fengu inni kennarar Félagsvísindadeildar, Heimspékideildar og Viðskipta- og hagfræðideildar. Eftir því sem kennurum þessara deilda fjölgaði fengu kennarar Heimspékideildar húsaskjól í öðrum byggingum, og ekki leið á löngu þar til hinar deildirnar sprengdu húsið líka utan af sér.

¹¹⁰ Vef. Alþingi. Lög nr. 84/2001 og áður lög nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. – Háskóli Íslands. *Framvinda og framfarir*, 59.

¹¹¹ *Viðtal*. Magnús Pétursson, fv. fjárlaga- og hagsýslustjóri 5.10.2009.

Hannað hafði verið hús fyrir lyfjafræði og lyfjabúð sem til stóð að reisa á háskólalóðinni, en hætt var við framkvæmdir. Þess í stað var Hagi við Hofsvallagötu keyptur árið 1991, gerður upp og stækkaður, og lauk því verki 1993. Vífilfell sem átt hafði Haga gaf Háskólanum 10 milljónir króna á 80 ára afmæli skólans til minningar um Björn Ólafsson, fyrrverandi menntamálaráðherra (1950–53) og forstjóra Vífilfells. Þar með hafði lyfjafræðin fengið framtíðarhúsnæði rétt utan háskólalóðar, en Reykjavíkur Apótek, sem Háskólinn hafði átt og var þá elsta starfandi fyrirtæki landsins, var lagt niður og eign þess í Austurstræti seld.

VR-byggingarnar vestan Suðurgötu voru ætlaðar fyrir verkfræði og raunvísindagreinar eins og áður er rakið. Árið 1991 var hafist handa við VR-III sem átti að hýsa rannsóknar- og verkkenndslusali, auk þjónustumiðstöðvar fyrir Byggingasvið með trésmíðaverkstæði, garðyrkjudeild og ýmsa iðnaðarmenn sem annast viðhald húsa Háskólans. Á árunum 1995–96 var kjallari innréttaður fyrir tilraunastofu í eðlisfræði, og síðar var þar sett upp rannsóknarstofa í nanótækni. Enn er eftir að reisa VR-IV, tengibyggingu sem tengir saman hinar þrjár VR-byggingarnar.

Langþráðu markmiði var náð þegar Þjóðarbókhlaðan var tekin í notkun á fullveldisdaginn 1. desember 1994. Húsakostur á háskólalóð stórbatnaði, ein grein í stöðþjónustu háskólamanna eflidist, og landsmenn fengu nýja glæsilega stofnun til að halda utan um mikilvægan þátt í menningu þjóðarinnar. Við það losnaði húsnæði í aðalbyggingu fyrir stjórnsýslu, og hátíðarsalurinn fékk aftur sitt gamla hlutverk sem salur fyrir doktorsvarnir, stærri fyrirlestra og hátíðarsamkomur eftir að hafa verið lestrarsalur og handbókasafn fyrir Háskólabókasafnið árum saman. Í Þjóðarbókhöfðu fengu stúdentar kærkomið lesrými, og aðstaða starfsmanna og gesta batnaði til mikilla muna.

Háskólinn keypti Nýja garð í árslok 1995 og innréttaði fyrir skrifstofur kennara í Heimspekideild, málver og deildarskrifstofu. Árið 1995 var Neshagi 16 keyptur fyrir skrifstofur kennara og stofnana. Samhliða byggingu nýrra húsa þurfa eldri byggingar kostnaðarsamt viðhald. Þannig var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á burðarsúlum á Árnagarði sumarið 1994 og klæðningu aðalbyggingar ári síðar.

Árið 1995 var settur stjórnumskoðunarturn með spegilsjónauka ofan á þakið á Árnagarði. Það hafði tekið tæpa tvo áratugi að finna honum verðuga staðsetningu, en skiptar skoðanir um breytt útlit

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

hússins töfðu framgang málsins. Fer vel á því að beint fyrir ofan handritin um Stjörnu-Odda, sem geymd eru í skjalageymslum Árnastofnunar, hafi síðar verið komið fyrir stjörnusjónauka. Stjörnu-Oddi var einn af landsins fremstu náttúruvísindamönnum, og eru handritin að rannsóknum hans varðveitt í handritageymslum á fyrstu hæð Árnagarðs.¹¹² Stjörnu-Odda, sem var uppi á 12. öld, er eignað ritið *Oddatala*, sem fjallar um athuganir á sólhvörfum, hækkun sólar í hverri viku, dagrenningu og dagsetri. Þar koma fram atriði sem voru óþekkt í Evrópu á sama tíma. Mun Stjörnu-Oddi, ásamt Bjarna Bergþórssyni tölvísa, hafa lagt grunn að íslensku tímatali og rímfræði.¹¹³ Stjörnusjónaukinn á Árnagarði hefur verið notaður fyrir byrjendakennslu í stjörnufræði allar götur síðan hann var settur upp, og var hann endurnýjaður árið 2000. Sjónaukinn olli byltingu í kennslu í stjörnufræði við skólann.¹¹⁴ Sérfræðingar í stjörnufræði og stjarnæðlisfræði hafa aðra sjónauka til sinna rannsókna eins og síðar verður greint frá.

Askja, hús fyrir náttúrufræðigreinar, reis í Vatnsmýrinni á árunum 1996–2004 eftir teikningu Magga Jónssonar arkitekts. Byggingin er um 8.650 fermetrar að stærð, reist í mýri og kostaði alls 2,4 milljarða króna fullfrágengin með innréttingum og tækjabúnaði til rannsókna. Askja fellur vel að umhverfi sínu á háskólalóð þar sem hluti af nánasta umhverfi hennar hefur verið friðlýstur. Kennsla hófst í húsinu 7. janúar 2004, og voru allir starfsmenn í líffræði, jarð- og landfræði fluttir í bygginguna, auk Norrænu eldfjallastöðvarinnar, þegar Askja var vígð hinn 15. apríl 2004. Þar eru auk þess til húsa ferðamálafræði, jarðeðlisfræði, Líffræðistofnun og rannsóknarstofur í jarðeðlisfræði og jarð- og landfræði. Með tilkomu Öskju komst öll starfsemi Háskólans í eigið eða leigt húsnæði á háskólasvæðinu, sem náði frá Haga við Hofsvallagötu í vestri að Læknagarði, Eirbergi og Skógarhlíð í austri.¹¹⁵ Náttúruvísindi á Íslandi hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu, og var talið að í Öskju gæti rannsóknarstarf eflst og styrkst þar sem fjöldi greina var kominn undir eitt þak og einn glugga með vítt útsýni yfir Tjörnina og Esjuna.

Nýjasta húsið sem Háskólinn hefur byggt frá grunni á háskólalóðinni er Háskólatorg, Gimli og Tröð sem reis á árunum 2006–07 og var opnað við hátíðlega athöfn á fullveldisdaginn 1. desember 2007. Byggingarnefnd sem skipuð var árið 2003 vann kröfu- og þarfalýsingu fyrir alverksútboð í framhaldi af forvali. Byggingarkostnaður var ákveðinn 1.600 milljónir króna, og var alverktaka og

¹¹² Þorsteinn Villhjálmsson, „Hversu nákvæmur var Stjörnu-Oddi?“, 83.

¹¹³ *Íslenska alfræðiorða-bókin* II, 609.

¹¹⁴ *Tölvupóstur*. Einar H. Guðmundsson prófessor 8.12.2010. – *Helgarpósturinn* 19. okt. 1995, 12. – *Morgunpósturinn* 3. nóv. 1994, 8. – *Morgunblaðið* 18. okt. 1995, 52.

¹¹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 55.



Árið 2002 hélt Barnasmíðjan ehf. hönnunarkeppni grunnskólanema í samvinnu við Verkfræðideild Háskóla Íslands. Við lokaathöfn hennar fékk Háskólinn að gjöf líkan úr legókubbum af aðalbyggingu Háskólans. Það hafði verið sett saman í auglýsingadeild legó-verksmiðjunnar í Danmörku en Barnasmíðjan síðan eignast það. Hér hefur háskóla- rektor, Páll Skúlason, tekið við líkaninu og heldur því hátt á lofti. Eða var hann að varpa því frá sér því að hann stefndi að því að skapa Háskólanum nýja miðju í Háskólatorgi?

hönnuðum gert að koma með tillögur á grundvelli þarfalýsingar og kostnaðar. „Var þetta í fyrsta skipti sem þessari útboðsaðferð var beitt á Íslandi við opinbera framkvæmd.“¹¹⁶ Íslenskir aðalverktakar ásamt Hornsteinum arkitektum og Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar sáu um hönnun húsanna. Á byggingartíma var ákveðið að bæta við hæð ofan á Gimli, og varð heildarkostnaður við bygginguna með öllum gjöldum og búnaði um 2,3 milljarðar króna. Byggingin skiptist í þrjá samtengda hluta, Háskólatorgið sem er nyrst, Gimli sem er syðst og á milli þeirra er Tröð. Innangengt er úr þeim í Odda og Lögberg. Í byggingunni, sem er um 10.000 fermetrar, er margvísleg þjónusta við nemendur, starfsmenn og gesti Háskólans. Bóksala, Félagsstofnun, Stúdentaráð, Alþjóðaskrifstofa, Nemendaskrá, Námsráðgjöf og er m.a. þjónustuborð þar til húsa. Auk lesstofa fyrir nemendur í grunn- og framhaldsnámi eru skrifstofur deilda og kennara og rannsóknarstofa í Gimli. Í miðri vinnuviku er setið við hvert borð á opnum svæðum fyrir framan stóra fyrirlestrar-sali þar sem nemendur skeggræða með tölvur á borðum undir myndum frá Listasafni Háskólans. Matstofan Háma er suðupottur þar sem starfsmenn og nemendur úr nálægum byggingum hittast og brjóta vandamál dagsins til mergjar yfir mat og drykk. Á Háskólatorgi er iðandi mannlíf, enda gert ráð fyrir því að þar og í samliggjandi húsum störfuðu daglega allt að 2.000 manns. Reglulega er boðið upp á margvíslega listviðburði á upphækkuðu sviði.

¹¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 14.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3. VÖXTUR



Háskólatorg sem var opnað 1. desember 2007 er síðasta stóra viðbótin við húsnæði Háskóla Íslands og skapar öllu starfi stofnunarinnar nýja, glæsilega miðju.

¹¹⁷ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 445.

¹¹⁸ *HÍ*. Málsnúmer: HI09100005: Húsnæði Háskóla Íslands 1993–2009.

¹¹⁹ *Árbók Háskóla Íslands 1991–94*, 223. – *Vef. Alþingi*. Lög nr. 74/1984 um tóbaksvarnir og reglugerð um tóbaksvarnir á vinnustöðum nr. 487/1985.

¹²⁰ Ingjaldur Hannibalsson, „Þjónustusamningur um kennslu milli stjórnvalda og Háskóla Íslands“, 6.

Veturinn 1987–88 átti Háskóli Íslands 35.686 fermetra í 25 húsum og leigði 5.567 fermetra í nýu húsum til viðbótar. Samtals eru það 41.253 fermetrar eða um 9,6 fermetrar á hvern skráðan stúdent.¹¹⁷ Árið 2009, eftir að Háskólatorg var risið og sameining við Kennaraháskóla Íslands hafði gengið í gegn, átti Háskóli Íslands 94.915 fermetra af húsnæði í 38 húsum, leigði 8.644 fermetra í nýu byggingum og hafði því liðlega 103.559 fermetra húsnæðis til umráða. Á sama tíma hafði nemendum fjölgað í 14.404, og varð því hver og einn stúdent að gera sér um 7,2 fermetra að góðu.¹¹⁸ Þótt Háskólinn hafi á þessum tíma látið reisa tvö ný og glæsileg hús, Öskju og húsasamsteypuna Háskólatorg, Gimli og Tröð, auk fleiri bygginga, þá minnkaði það rými sem var til skiptanna. Inn í þessari tölu er allt húsnæði skólans; kennslustofur, rannsóknarstofur, skrifstofur kennara og stjórnsýslu, gangar, kyndiklefar, íþróttasalir, ræstikompur og fleiri skúmaskot, nema reykherbergi sem var úthýst með banni háskólaráðs sem gekk í gildi hinn 1. janúar 1995.¹¹⁹ Þegar farið var að huga að reiknilíkani Háskólans 1999 var gert ráð fyrir lágmarkshúsnæði á hvern virkan nemanda, og þyrfti hver þeirra í hug- og félagsvísindum að fá 6,6 fermetra en nemandi í tannlækningum 25 fermetra.¹²⁰ Húsnæði skólans var því að meðaltali eins og gert er ráð fyrir að nemendur í námsgreinum í ódýrustu reikniflokkum þyrftu fyrir sig. Þótt fjöldi fermetra á hvern námsmann sé ekki einhlítur mælikvarði á þörf eða stærð húsnæðis í háskólum,



Fjöldmenni í miðrými Háskólators.

sérstaklega þar sem rannsóknarháskólar þurfa mikið af sérhæfðum rannsóknarstofum, gefur það ákveðna vísbendingu.

Laust fyrir 1990 hafði Háskóli Íslands þannig yfir að ráða liðlega 40.000 fermetrum af húsnæði, en hefði samkvæmt erlendum stöðlum þurft að hafa um 60.000 fermetra.¹²¹ Einn af þeim skólum sem Háskóli Íslands vill bera sig saman við er háskólinn í Tromsø í Noregi. Þar voru um 9.000 nemendur árið 2009 og hafði skólinn til umráða 222.000 fermetra eða um 25 fermetra á hvern námsmann.¹²² Þegar verst lætur kemur húsnæðisskortur niður á kennslu eins og nemi í tölvunarfræði lýsti í dagbók sinni árið 2001: „Hafði það af í tölvugrafík, sem betur fer tímanlega því sætaskortur virðist vera krónískt vandamál þessa dagana í þeim kúrsum sem ég er í. Ég veit ekki hvort þetta er stefnan hjá háskólanum til að fá fólk til að mæta snemma í tíma eða hvað en það er ansi pirrandi að þurfa að standa eða sitja á borðshorninu hjá einhverjum í einn og hálfan tíma.“¹²³ Líklega mundi þetta teljast óverjandi ástand á öðrum skólastigum landsins, en nemendur Háskóla Íslands á fyrstu misserum hafa oft þurft að búa við þessi skilyrði.

Háskólinn hefur samhliða byggingu húsa reynt að hafa skólalóðina snyrtilega. Bílastæði voru lögð bundnu slitlagi, aðgangur greiður að húsunum og flokkur unglunga hefur undir stjórn garðyrkjumeistara, Páls Melsted, unnið að fegrun nánasta umhverfis með því að planta sumarblómum í beð og klippa gras og runna. Þjóðminjasafnið var á

¹²¹ Háskóli Íslands. *Stefna og framtíðarsýn*, 22.

¹²² HÍ. Málsnúmer: HI09100005. Húsnæði Háskóla Íslands 1993–2009.

¹²³ *Dagbækur háskóla-stúdentna*, 113.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.3 VÖXTUR

Umsjónarmenn húsa eru meðal lykilstarfsmanna Háskólans. Hér eru þrír þeirra að bera saman bækur sínar í kjallara aðalbyggingar. Frá vinstri: Vilhjálmur Pálmason, Jón Bóasson og Sigurfinnur Arason.



sínum tíma reist á háskólalóðinni en með takmarkaða lóð. Safnið keypti Atvinnudeildarhúsið fyrir stjórnsýslu sína og fékk aukið land frá Háskólanum í tengslum við breytingar á Þjóðminjasafninu árið 2004.

Listasafn Háskóla Íslands var stofnað í apríl 1980 af hjónunum Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Sverri Sigurðssyni sem gáfu Háskólanum á þriðja hundrað málverka, einkum eftir Þorvald Skúlason. Upphaflega var áætlað að safninu skyldi „ætlaður staður í Odda á háskólalóð“ eins og segir í stofnskrá. Vegna takmörkunar á húsnæði til sýninga í Odda hefur verið farin sú leið að setja upp smærri sýningar í stofnunum Háskólans og dreifa verkum í byggingar skólans. Þannig hafa nær allir starfsmenn og nemendur skólans verk Listasafnsins daglega fyrir augum og njóta þeirra.¹²⁴

Til stóð að reisa nýtt hús fyrir Árnastofnun við hlið Þjóðarbókhlöðu, og gerðu fyrstu spár ráð fyrir því að húsið yrði risið á aldarafmæli Háskólans 2011. Verja átti einum milljarði af söluandvirði Landsímans í verkið. Auk þess átti að nýta 18 milljarða af Landsímapeningum til nýbygginga á Landspítalalóð og þar með stórbæta starfsaðstöðu heilbrigðisgreina. Vegna efnahagserfiðleika eftir bankahrunið árið 2008 urðu tafir á verkinu, en unnið hefur verið að hönnun Árnastofnunar og nýbygginga á Landspítalalóð. Vestan Suðurgötu hefur einnig verið unnið að skipulagi á byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, og hefur þegar safnast nokkurt fé til þeirrar framkvæmdar. Á árunum fram til 2008 var

¹²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 401.

III.3.6 HÚS ERU TIL ALLS FYRST



*Árið 1980 gáfu hjónin Ingi-
björg Guðmundsdóttir og
Sverrir Sigurðsson iðnrek-
andi Háskóla Íslands stofn
að listasafni. Safninu hefur
verið haldið við með kaupum
á nýjum verkum síðan og
myndunum dreift um
húsakynni skólans. Fátt
hefur orðið til að fegra um-
hverfi starfsfólks og stúdenta
eins mikið og þessi gjöf.*

jafnframt unnið að undirbúningi að byggingum Vísindagarða í Vatns-
mýrinni, og fær það verkefni einnig að bíða til betri tíma. Þannig er
margt á teikniborðinu þegar Háskólinn lítur fram á aðra öld.

4. Háskóli meðal háskóla

1. Námsmenn erlendis

Fjöldi íslenskra námsmanna sem leggur stund á nám erlendis er einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á fjölda stúdenta við Háskóla Íslands. Kjósi námsmenn að fara til náms erlendis léttir það þrýstingi af Háskólanum. Ef óheppilegt er að stunda nám við erlenda skóla, til dæmis vegna óhagstæðs gengis gjaldmiðla eða vegna hárra skólagjalda, er líklegra að nemendur leggi stund á háskólanám hér á landi. Nemendur hafa í flestum tilvikum það val að hefja nám við erlenda skóla í stað þess að fara í skóla á Íslandi. Frá skólaárinu 1992–93 hætti Lánasjóður íslenskra námsmanna þó að lána fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis, og hóf jafnframt að greiða námslánin út eftir hvert misseri í stað þess að greiða þau út fyrirfram. Námsárið 2007–08 tók Lánasjóðurinn aftur að veita almenn lán fyrir skólagjöldum í grunnháskólanámi erlendis eftir mikla hvatningu frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis sem eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins. Var vísað til þess að stúdentar fengju lán fyrir skólagjöldum í einkaskólum á Íslandi. Háskóli Íslands tekur hins vegar á móti öllum sem uppfylla formleg inntökuskilyrði nema í greinum þar sem aðgangur er takmarkaður. Hluti námsmanna sem eiga ekki kost á að hefja nám við Háskólann hefur einmitt kosið að fara utan til náms. Það eru þeir sem hyggja á nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á við skóla á Íslandi og þeir sem komast ekki í þau takmörkuðu námssæti sem í boði eru í tilteknum greinum hér á landi. Að afloknu fyrsta háskólaprófi velja margir námsmenn þann kost að fara í framhaldsnám erlendis, meðal annars til að víkka sjóndeildarhringinn.

Námsframboð á Íslandi hefur aukist stórlega síðastliðinn áratug, og þótt stúdentar hafi þurft að borga fyrir hluta af því sérstaklega hefur það líklega dregið úr aðsókn að námi erlendis. Einkaskólar á háskólastigi, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og ýmsir smærri sérskólar sem ekki eru taldir á háskólastigi, svo sem Kvikmyndaskólinn, Snyrti-Akademían, flugskólar og fleiri, innheimta skólagjöld sem standa undir hluta af rekstrarkostnaði við námið. Lán sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur veitt nemendum þessara skóla fyrir skólagjöldum hafa smáhækkað síðustu ár, enda



III.4.1 NÁMSMENN ERLENDIS

Nám við erlenda háskóla - Raunhæfur möguleiki



Á hverjum degi fylgja möguleikum stúdenta til að taka hluta af námi við erlenda háskóla og fá það metið til eininga við háskólann heima á Íslandi. Nemendur við Háskóla Íslands geta mið valið um á þrjú hundruð háskóla um allan heim.

Regluleg stúdentaskipti hófust árið 1989 en Háskóli Íslands gerðist aðili að NordPlus. Þar með gátu íslenskir stúdentar tekið hluta námsins við marga háskóla á Norðurlöndum. Árið 1992 hófust samskipti Erasmus – stúdentaskiptasamtökum Evrópu-sambandslanda og árið 1997 hófust stúdentaskipti í gegnum ESEF, bandaríska stúdentaskiptasamtökun. Auk þessa eru í gildi hátt í hundruð tvíhúlað samningar við háskóla víða um heim. Þessir samningar felja í sér gegngæmsa stuðningi á skólagjöfum og skiptir það oft sköpum sérstaklega við skóla þar sem skólagjöldin nema milljónum króna á ári. Nýjasti tvíhúlað samningurinn sem Háskóli Íslands undirritaði var gerður við Háskólann í Ósaka í Japan og geta nemandur m.a. úr viðskipta- og hagfræðideild, félagsvísindadeild og heimspeki deild sótt námskeið á ensku.

Stúdentar við Háskólann Íslands hafa farið víða um heim. Til dæmis hafa nemandur í viðskiptafræði, ferðamálafræði og jarðfræði tekið hluta námsins í Austrii og nemandur í lögfræði, ferðamálafræði og umhverfisfræði hafa haldið til Nýja-Sýslands og Kanada. Nær allar deildir Háskóla Íslands hafa tekið þátt í stúdentaskiptum.

Á síðasta árinu hefur nemandur í framhaldsnámi fjölgað við Háskólann Íslands. Nú þurfa þeir sem ætla sér í framhaldsnám ekki endilega að sækja það til tilfanda en Háskólinn íveitur þó framhaldsnema sína til þess að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla og nýta sér þau tekið sem stúdentaskiptasamningar bjóða upp á því það kemur án efa hæð Háskóla Íslands og stúdentunum til góða.

„Nú geta nemandur m.a. úr viðskipta- og hagfræðideild, félagsvísindadeild og heimspeki deild sótt námskeið við Háskólann í Ósaka á ensku“

Fjöldi skiptistúdenta frá HÍ (2001-2) eftir löndum



Fjöldi skiptistúdenta frá HÍ (2001-2) eftir deildum



	Heimsp.d.	Viðskipta- og hagfr.d.	Félagsv.d.	Verkfr.d.	Raunv.d.	Lagadeild	Læknad.	Lyfjafr.d.	Guðfr.d.	Læknad.
Annað	3	3	2	2	8	3				1
NordPlus	7	2	11	7	4	6	9	0	2	0
Erasmus	36	25	15	11	6	8	0	4	0	0

Undir lok 20. aldar fór mjög í vöxt að háskólanemar tækju hluta af námi sínu í öðru landi sem skiptistúdentar. Myndin er úr Stúdentablaðinu 2003.

námshæfni og námsmönnum stórlega að fjölga í þessum skólum. Í myndriti III.6 má sjá lán til námsmanna á Íslandi fyrir skólagjöldum á árunum 1996–2009; samtals 6,2 milljarða króna á verðlagi hvers árs.¹

Þegar Háskóli Íslands hóf að bjóða skipulegt doktorsnám í Heimspeki deild um 1990 var gert ráð fyrir því að nemandur stunduðu hluta af námi sínu erlendis. Þannig átti áfram að nýta góða reynslu af því að nema við erlenda háskóla. Á þetta hafði verið bent áður. Þannig sagði Jón Ófeigsson menntaskólakennari árið 1922: „Í þessu sambandi virðist ekki ástæðulaust að minnst á, hve mikinn þátt utanfarir mentamanna hafa átt í andlegri þróun og framförum þessa lands frá upphafi.“ „... tel jeg það mikla afturför, að utanförum mentamanna hnignar“.²


Þegar uppbygging meistara- og doktorsnáms var komin á skrið á tíunda áratug 20. aldar buðust námsmönnum miklu fleiri námskostir við Háskóla Íslands en áður. Auk þess fjölgaði skólum á háskólastigi. Hinu aukna námsframboði hefur verið vel tekið því að margir

¹ Tölvupóstur. Hlöðver Bergmundsson, deildarstjóri lánadeildar LÍN 6.01.2011.

² Fyrirlestur. Jón Torfi Jónsson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar“, 14. – Jón Ófeigsson, „Utanfarir“, 107–08.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA


Myndrit III.6 Veitt lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fyrir skólagjöldum á Íslandi 1996–2009

Heimild: *Lánasjóður íslenskra námsmanna*. Hlökkver Bergmundsson, deildarstjóri lánadeildar. Upphæðir eru í milljónum króna.

Íslenskir námsmenn kjósa að nema við skóla á Íslandi, og aðrir eiga þess ekki kost að fara utan til náms. Háskóli Íslands takmarkar þó ekki ferðir íslenskra námsmanna til útlanda. Þvert á móti hefur hann tekið þátt í margs konar alþjóðlegum verkefnum sem hvetja námsmenn til að stunda hluta af námi sínu við erlenda skóla og fá það metið inn í nám sitt við Háskóla Íslands. Auk þess hefur Háskólinn frá árinu 1988 rekið Upplýsingaskrifstofu um nám erlendis og þannig hjálpað öllum þeim sem vilja upp á eigin spýtur hefja nám erlendis, hvort sem það er strax að loknu stúdentsprófi eða að loknu prófi frá Háskóla Íslands, eins og rakið er í kafla um Alþjóðaskrifstofu (III.3.5).

Þótt Háskóli Íslands hafi boðið framhaldsnám á fleiri sviðum á síðustu árum halda námsmenn áfram að fara utan til náms. Fjöldi lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna var nokkuð stöðugur á níunda áratug 20. aldar, bæði hópurinn sem sótti nám hér á landi og sá sem sótti það til útlanda. Frá námsárinu 1999–2000 til 2007–08 fjölgaði hins vegar lánþegum í námi á Íslandi um 233% eða að jafnaði um 25% á ári, en stúdentum sem þáðu lán til náms erlendis fjölgaði um 42% eða um 5% að jafnaði á ári, eins og sjá má á myndriti III.7. Ekki er um það að ræða að lánin hafi orðið hagstæðari og

Myndrit III.7 Fjöldi lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1993–2008



Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna. Hliðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar.

sókn í þau aukist þess vegna. Á umræddu tímabili fjölgaði möguleikum til náms á Íslandi, og greinilegt að námsmenn nýttu sér hið aukna námsframboð, auk þess sem nokkur fjöldi heldur áfram að fara til náms í útlöndum þó að boðið sé upp á framhaldsnám á fleiri sviðum við Háskóla Íslands og síðustu ár við fleiri skóla.

2. Háskólastigið verður til

Háskóli Íslands var lengi eini háskóli landsins. Til aðgangs að honum þurfti stúdentspróf sem fékkst við lok fjögurra ára náms í framhaldsskóla. Til hliðar við menntaskóla voru starfræktir sérskólar á framhaldsskólastigi sem menntuðu nemendur til ýmissa starfsréttinda, og voru þeir í beinu framhaldi af gagnfræðaskólum eða landsprófi. Þetta voru iðnskólar, bændaskólar, myndlistarskólar, Kennaraskólinn, Hjúkrunarskólinn, og smám saman bættust fleiri sérskólar í hópinn þar sem að jafnaði var unnt að leggja stund á nám í þrjú til fjögur ár.

Á síðustu áratugum 20. aldar tóku þessir skólar að færast af framhaldsskóla- og starfsmenntunarstigi upp á háskólastig. Þótt ekki hafi verið gerð krafa um stúdentspróf fjölgaði stúdentum smám saman meðal umsækjenda. Skólarnir tóku aðeins inn ákveðinn fjölda nemenda og völdu að jafnaði þá sem best voru undirbúnir,

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

ólíkt Háskóla Íslands sem veitir öllum með stúdentspróf aðgang að grunnnámi. Að skólar færast hægt og bítandi af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig hefur verið kallað bóknámsrek, kerfisskrið eða stofnanarek (e. *academic drift / institutional drift*) og einkennist af því að skólar næst fyrir neðan háskóla sækjast eftir „einkennum háskóla svo sem að námi ljúki með háskólagráðu, að kennarar stundi akademískar rannsóknir og kennarar með æðstu háskólagráðu séu ráðnir á kostnað annarra hæfra kennara“.³ Skólar þróast þannig til hærri metorða og bjóða stöðugt upp á meiri kennslu um leið og inntökuskilyrði eru hert, en með því eru þeir að bregðast við óskum nemenda um frekari þekkingu og við kalli samfélagsins á menntaðra vinnuafl. Síðar er eins og verði stökkbreyting, og skóli sem í áratugi hefur verið á stigi sérskóla (*post secondary school*) er með einni lagabreytingu gerður að háskóla. Lánasjóður íslenskra námsmanna hjálpaði til við þessa þróun með því að veita nemendum lán til náms í sérskólum á svokallaðri 20 ára reglu, að nemendur sem voru orðnir tvítugir gátu fengið námslán á meðan 19 ára bekkjarfélagar þeirra fengu það ekki. Þar með komu eldri og þroskaðri námsmenn að skólunum.

Um árið 1990 var talið að 14 skólar á Íslandi hafi boðið nám að hluta eða öllu leyti á háskólastigi: Háskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Bændaskólinn á Hvanneyri, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri, Fósturskóli Íslands, Proskapjálfaskóli Íslands, Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Söngskólinn í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskólinn, Myndlistaskólinn á Akureyri og Leiklistarskóli Íslands.⁴ Prófgráður úr sumum þessara skóla höfðu ekki verið viðurkenndar sem háskólagráður, en þar sem nemendur úr mörgum þeirra fengu nám sitt metið inn í annað nám við háskóla erlendis hefur verið talið að námið hafi að hluta til verið á háskólastigi. Auk þess var stúdentspróf í raun að verða inntökuskilyrði í marga þeirra. Sumir af þessum skólum voru svo fluttir með einu pennastriki yfir á háskólastig meðan nám í öðrum þróaðist þangað hægt og bítandi. Með lögum um háskóla frá 1997 átti Menntamálaráðuneytið að „gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra“.⁵

Víða erlendis er háskólastigið tvískipt. Auk hefðbundinna háskóla með áherslu á rannsóknir hefur verið komið upp fagháskólum þar sem er „kennsla án mikilla rannsókna“.⁶ Til hagræðingar hefur hugmyndin um rannsóknarháskóla verið kennd við Wilhelm von

³ Gyða Jóhannsdóttir, „Hvað einkennir þróun háskóla?“, 719. – Gyða Jóhannsdóttir, „Þróun háskólastigsins á Íslandi“, 750–51. – Gyða Jóhannsdóttir, „Bóknámsrek í þróun háskólastigs í Finnlandi og Danmörku“, 725–36.

⁴ Vef. Hagstofa Íslands. Skráðir nemendur í skólum á háskólastigi eftir kyni og kennsluformi 2001–2008.

⁵ Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla.

⁶ Gyða Jóhannsdóttir, „Þróun háskólastigs á Íslandi“, 751.

Humboldt sem átti þátt í að þróa upp háskóla í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar þar sem lögð var áhersla á að kennsla og rannsóknir héldust í hendur. Á sama tíma þróaðist í Frakklandi háskólakerfi sem byggðist á því að landið eignaðist embættismenn og menntað starfslíð á öllum sviðum, og því var lögð áhersla á að byggja upp fagháskóla; sem stundum voru aðeins nefndir fagskólar.⁷

Sveinbjörn Björnsson háskólarektor velti upp þeirri hugmynd í brautskráningarræðu í júní 1993 að komið yrði upp slíkum fagháskólum. Þar var hann að bregðast við þeirri staðreynd að stúdentum færi fjölgandi, námsframboð væri takmarkað í öðrum skólum á háskólastigi og því stefndi allt í að stöðugt stærri hluti stúdenta mundi sækja í Háskóla Íslands, jafnvel stúdentar sem sæktust í raun eftir öðru námi en þar væri á boðstólum. Ári síðar kallaði háskólarektor enn eftir því að yfirvöld menntamála hugleiddu stofnun héraðsskóla og fagháskóla, en þá var unnið að því að koma fleiri sérskólum inn í formlega háskóla. Sveinbjörn kallaði jafnframt eftir löggjöf þar sem skilgreindar væru kröfur sem gerðar væru til háskóla og greint á milli þeirra og fagháskóla.⁸ Löggjöf um háskóla kom árið 1997 en var án ákvæða um fagháskóla, og ákvæði um rannsóknir átti að setja í reglur um hvern skóla fyrir sig. Laust eftir aldamótin 2000 lögðu margir orð í belg um þróun háskólastigsins, og bent var á þann möguleika að þróa upp fagháskóla við hlið fræðasetra svo að ekki væru allir skólar steyptr í sama mót.⁹ Í lögum frá árinu 2006 var síðan kveðið á um að allir háskólar ættu að stunda rannsóknir.¹⁰

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands á námi á háskólastigi voru 8.100 nemendur við háskólanám í 16 skólum árið 1997. Þar af voru um 5.550 við nám í Háskóla Íslands eða 69%. Árið 2008 voru liðlega 17.100 nemendur skráðir til háskólanáms, þar af 69% við Háskóla Íslands (sbr. tafla III.1 og myndrit III.8). Skólinn hélt þannig óbreyttu hlutfalli með því að sameinast Kennaraháskóla Íslands. Á þessu tímabili fjölgaði mjög skólum sem töldu sig bjóða nám á háskólastigi, og reyndust tólf skólar bjóða upp á háskólanám í tónlist og söng. Myndlistarskólinn á Akureyri og Söngskólinn í Reykjavík voru á tímabilinu með á þriðja eða fjórða tug nemenda, á meðan Flugmálastjórn hefur haldið uppi kennslu sem talin er vera á háskólastigi og er aðeins fyrir fáeina stúdenta.

Loks hafa einstakar deildir Háskólans boðið upp á meistaranám sem fram fer á vettvangi Endurmenntunar Háskóla Íslands. Einnig

⁷ Páll Skúlason, „Tvær hugmyndir um mótun háskóla“, 391–407.

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 49, 64.


⁹ Páll Skúlason, „Tvær hugmyndir um mótun háskóla“, 391–407. – *Fyrirlestur*. Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar“. – *Fyrirlestur*. Rúnar Vilhjálmsson, „Skipulag háskólastigsins og sérstaða Háskólans – Nauðsyn nýrrar stefnu“. – Rúnar Vilhjálmsson, „Gæðavandi íslenskra háskóla“, 141–50.

¹⁰ *Vef*. Alþingi. Lög nr. 136/1997 og lög nr. 63/2006 um háskóla.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

Óhætt mun að segja að Háskólanum á Akureyri hafi verið tekið vel í Háskóla Íslands, og fljótt var tekið að hyggja að samstarfi milli skólanna. Hér eru fyrirsagnir úr Stúdentablaðinu 1988 og Fréttabréfi Háskóla Íslands 1996.



Heimsókn í Háskólann á Akureyri

Tilraun sem tekst

Í septembertölublaði Stúdentablaðsins var frá því skýrt að Háskólinn á Akureyri hefði verið settur í fyrsta sinn og kennsla hafin. Okkur þótti við hæfi nú - 4 mánuðum síðar - að sækja skólann heim og kanna ástand mála.

Frá því er skemmt að segja að enn er þar flest á undirbúningsstigi.

en annars hefði verið hægt. Flest kennarar brautarinnar eru þó búsettir á Akureyri og munar þá mest um læknana.

Kennsla á hjúkrunarbraut fram í Þróttahöllinni og á sjúkrahúsi.

Fréttabréf Háskóla Íslands

Samstarfssamningur Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands

Rektorar Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands undirrituðu samstarfssamning milli háskólanna 8. nóvember sl. Jafnframt voru undirritaðir tveir aðrir samningar, annar um gagnkvæman aðgang að námskeiðum og hinn um útgáfumál.

Áð sögn Þorsteins Gunnarssonar, rektors H.A., hefur samningurinn mikla þýðingu fyrir starfsemi Háskólans á Akureyri. Hann er

arútsvegs- og matvælarannsóknir með Haf-rannsóknarstofnun og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og samvinnu um kennslu er-



hefur verið samstarf við einkaskóla sem hafa skipulagt nám á háskólastigi. Á Akureyri var á árunum 2006–11 starfræktur einkaskólinn RES-Orkuskóli (*The School for Renewable Energy Science*) sem grundvallaður var á skólagjöldum og styrkjum. Þar var boðið upp á meistaranám á ensku með faglegri ábyrgð Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem sameiginlega veittu MS-gráðu í endurnýjanlegum orkufræðum.¹¹ Í febrúar 2011 höfðu um 115 stúdentar verið brautskráðir, en Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við rekstur RES, og varð hann gjaldþrota í ársbyrjun 2011.¹²


Árið 2008 hófst alþjóðlegt meistaranám á vettvangi Orkuskólans REYST hf. (*Reykjavík Energy Graduate School of Sustainable Systems*) sem er samstarfsverkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík á faglegri ábyrgð Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.¹³ Í MS-náminu er kennt á ensku, og er því skipt í þrjú námssvið með áherslu á jarðhitafræði. Stúdentar greiða skólagjöld fyrir þriggja anna nám (120 ECTS-einingar) sem fer fram í húsakynnum háskólanna beggja. Fyrstu stúdentarnir brautskráðust í janúar 2010 með sameiginlega prófgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.¹⁴

Vorið 2007 var stofnað hlutafélagið Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem staðsett er í húsakynnum fyrrum herstöðvar bandaríska hersins í Reykjaneshæ. Háskóli Íslands á eignarhlut í skólanum og fulltrúa í stjórn hans. Keilir starfrækir námsbrautir bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi. „Allt nám Keilis á háskólastigi skal vottað af Háskóla Íslands, stærsta hluthafanum í Keili.“¹⁵

Frá því um 1970 hafa orðið miklar breytingar á atvinnumálum á Íslandi og víða erlendis. Fólki fækkar í frumvinnslugreinum en fjölgar í iðnaði og þjónustu ýmiss konar. Landbúnaður og fiskveiðar á Íslandi gátu ekki staðið undir vaxandi mannfjölda með sambærileg eða betri lífskjör en landsmenn höfðu búið við. Fiski í sjónum við Ísland og fé á fjalli hefur fækkað á umliðnum áratugum og því ekki á vísan að róa í hinum hefðbundnu atvinnugreinum. Viðbótartekjur þjóðarinnar verða að byggjast á betri nýtingu náttúruauðlinda og sköpun nýrra verðmæta með þekkingu og hugviti. Til að byggja upp ný atvinnutækifæri, nýjar iðngreinar og standast samkeppni í frjálsum viðskiptum þarf vel menntað fólk og möguleika á símenntun. Þannig mun samkeppnishæfni þjóða ráðast af hæfni þeirra til að hagnýta þekkingu sér til framdráttar. Forráðamenn háskólanna hafa gert sér grein fyrir því að þeir verða að veita þessa menntun

- ¹¹ HÍ. Málsnúmer: HI07090109. Samstarfsfyrirlysing RES og Háskóla Íslands.
- ¹² *Viðtal*. Jóhann Örlygsson kennari 2.12.2010 og Björn Gunnarsson, rektor RES 3.12.2010. – *Vef*. RÚV Fréttir kl. 18 18.01.2011.
- ¹³ HÍ. Málsnúmer: HI07120060. REYST – Orkuskóli Orkuveitu Reykjavíkur.
- ¹⁴ *Viðtal*. Edda Lilja Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri REYST 3.12.2010.
- ¹⁵ HÍ. Málsnúmer: HI09030068. Samstarfssamningur um háskólanám.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

Myndrit III.8 Fjöldi stúdenta við nám á háskólastigi eftir skólum 1997–2010

um leið og nemendur kalla stöðugt eftir nýrri þekkingu og tækni. Þessi staðreynd er ein allsherjar ögrun við þróun háskólastigsins, og því hefur námsgreinum og skólum fjölgað og þeir eflst. Til að upplýsa stjórnvöld og almenning um mikilvægi Háskóla Íslands í þessari þróun var meðal annars stofnuð kynningarnefnd á vegum háskólaráðs 1985, upplýsingadeild við skólann árið 1990 og ráðinn kynningarfulltrúi í hlutastarf árið 1993. Á fundi háskólaráðs árið 1994 var hlutverk „kynningarfulltrúa ... rætt ítarlega og kom fram, að starf hans væri mjög mikilvægt fyrir Háskólann“.¹⁶ Síðan hefur kynningarstarfi Háskólans vaxið fiskur um hrygg, og við núverandi Markaðs- og samskiptasvið vinnur hópur starfsmanna að því að kynna Háskólann og efla orðspor hans. Þær deildir Háskólans sem áttu í hvað harðastri samkeppni við einkaskóla á háskólastigi, eins og Viðskipta- og hagfræðideild og Verkfræðideild, komu sér einnig upp kynningarfulltrúum til að miðla upplýsingum til almennings og hagsmunaaðila, og síðar tóku fræðasviðin þessi verksvið upp á sína arma.

¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 178.

Þessu tengist Vísindavefur Háskóla Íslands sem settur var á laggirnar 29. janúar árið 2000. Hann var hugsaður sem framlag Háskólans til átaksins Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000, og hefur Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor lengst af verið ritstjóri hans. Áhugi almennings á vísindum reyndist svo mikill að ákveðið var að halda áfram með verkefnið. Á Vísindavefnum er fjallað á skýran og einfaldan hátt um allar greinar vísinda, og getur fólk fengið svör við margvíslegum spurningum um vísindi og fræði.

3. Í blómagarði fræðanna

Bændaskólinn á Hvanneyri var fyrstur á eftir Háskóla Íslands til að bjóða nám á háskólastigi árið 1947 þegar stofnuð var framhaldsdeild, síðar nefnd búvísindadeild.¹⁷ Búnaðarþing tók nokkrum sinnum til umræðu og atkvæðagreiðslu hvort flytja ætti námið og setja sem deild í Háskóla Íslands, en það var jafnan fellt. Talið er að búfræðikandídatar sem menntaðir eru í framhaldsdeildinni „hafi myndað nýja stétt innan landbúnaðar á síðustu áratugum, héraðsráðunauta, og það var mikil þörf fyrir þá starfsmenn einmitt þegar Framhaldsdeildin hóf störf um miðja þessa öld“.¹⁸ Þannig hefur menntað vinnuafli á öllum sviðum jafnan fundið sér farveg og fært atvinnulíf og mannlíf á hærra stig. Háskólar á landsbyggðinni skipta líka sköpum fyrir sína heimabyggð. Í viðtali við rektora Samstarfsnefndar háskólastigsins árið 2005 nefndi einn þeirra að „fjórðung allra starfa í Borgarfirði mætti tengja með einum eða öðrum hætti þeirri háskólastarfsemi sem þar færi fram. Mikilvægi samspils háskólastarfsemi og samfélags birtist hér í sinni skýrustu mynd“.¹⁹ Landbúnaðarháskóli Íslands varð síðan til árið 2005 og tók við öllum eignum og skuldbindingum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.²⁰ Þar með var skotið styrkari stoðum undir rannsóknir við skólann, og fyrsti doktorinn brautskráðist árið 2010.

Árið 1971 var Kennaraskólanum breytt með lögum í Kennaraháskóla Íslands, og þriggja ára kennaranám flutt á háskólastig, enda inntökukrafa í skólann í raun orðin stúdentspróf. Skólinn fékk heimild til að brautskrá kandídata með B.Ed.-gráðu árið 1974 og kennarar gátu fengið framgang frá árinu 1981.²¹ Ýmsar hugmyndir voru um frekari sameiningu eins og fram kom hjá Kristínu S. Kvaran á Alþingi árið 1986: „[L]angar mig til að geta þess að ég hafði hugsað mér að hreyfa því máli á þessu þingi að leggja til að Fóstur-

¹⁷ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 26.

¹⁸ Guðmundur Jónsson, *Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára*, 313–14.

¹⁹ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 66.

²⁰ Vef. Alþingi. Lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu.

²¹ Gyða Jóhannsdóttir, „Hvað einkennir þróun háskóla?“, 727–28.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

skóli Íslands yrði sameinaður Kennaraháskóla Íslands.²² Þá fannst þingheimi meira aðkallandi að stofna háskóla norður á Akureyri, og frekari sameiningar fengu að bíða í áratug eða þar til farið var að vinna að rammalögum um háskólastigið. Árið 1997 voru aðrar menntastofnanir uppeldisstétta sameinaðar Kennaraháskólanum:²³ Fósturskóli Íslands,²⁴ Íþróttakennaraskóli Íslands á Laugarvatni og Þroskaþjálfaskóli Íslands sem allir voru komnir á háskólastig.²⁵ Menntun framhaldsskólakennara var þó áfram hjá Háskóla Íslands. Með þessari sameiningu var „talið auðveldara að efla og samhæfa menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta og tengja hana betur rannsóknum auk þess sem gefst betri kostur á hagkvæmari rekstri“.²⁶ Talið var að þær stofnanir sem ekki væru á háskólastigi væru of smáar til að komast þangað af eigin rammleik, en með „sameiningunni færast menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða á til betri og markvissari starfsmenntunar en ella. ... Af þessum stofnunum hefur Kennaraháskóli Íslands verið eina háskólastofnunin, hinir skólarnir þrír hafa verið á „gráu svæði“ milli framhaldsskóla og háskóla þar sem stúdentspróf hefur í reynd verið inn-tökuskilyrði.“²⁷

Það var þó ekki fyrr en á síðustu árum 20. aldar og í upphafi þeirrar 21. að umtalsverðar breytingar urðu á háskólastiginu. Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, sem einnig byggir á aldargömlum bændaskóla, fékk heimild árið 2003 til að veita bakkalárgráðu. Nokkrum árum áður hófst þar diplómanám í ferðamálafræði sem fékkst metið sem hluti af háskólanámi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Árið 2005 voru nemendur í háskólanámi við Hólaskóla – Háskólann á Hólum fleiri en nemendur í framhaldsskólanámi þar.²⁸ Hólaskóli fékk lagalega stöðu háskóla árið 2007. Þannig hafa báðir búnaðarskólarnir haslað sér völl á háskólastigi. Þeir heyra undir Landbúnaðarráðuneyti en ekki Menntamálaráðuneyti eins og aðrir skólar á háskólastigi, en fjárveitingar til þeirra koma þó gegnum Menntamálaráðuneytið.²⁹ Háskóli Íslands hefur á margan hátt stutt uppbyggingu háskólanáms við Hólaskóla, og undirritaðir hafa verið samningar um samstarf milli skólanna. Þá skipar háskólaráð Háskóla Íslands einn fulltrúa í háskólaráð skólanna á Hvanneyri og Hólum.³⁰

Tækniskóli Íslands var stofnaður árið 1964 og brúaði bilið fyrir iðnmenntað fólk til frekara náms á háskólastigi. Hluti námsins var

²² Vef. Alþingi. Kristín S. Kvaran í umræðu á Alþingi.

²³ Vef. Alþingi. Lög nr. 137/1997.

²⁴ Vef. Alþingi. Lög nr. 10/1973.

²⁵ *Aldarspejill. Kennaraháskóli Íslands / Kennaraháskóli Íslands 1908–2008*, 38–39.

²⁶ Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla.

²⁷ *Alþingistíðindi 1997–98 A*, 1074.

²⁸ *Víðtal*. Ásta M. Urbanic, deildarstjóri mennta- og menningardeildar Hagstofu Íslands 4.12.2009.

²⁹ Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 2006.

³⁰ Vef. Alþingi. Lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu, gr. 23.



Fyrsti votturinn af háskólanámi utan Háskóla Íslands, eftir að hann var stofnaður, fór fram í Hvanneyrar-skólanum. Þar voru þá komnar myndarlegar byggingar eins og sést á þessari mynd frá því skömmu fyrir 1940.

á framhaldsskólastigi; nám í Frumgreina- og raungreinadeild var aðfaranám fyrir tæknifræði.³¹ Árið 1969 fékkst heimild til að ljúka þriggja ára tæknifræðinámi hér á landi, og árið 1973 brautskráðust fyrstu byggingartæknifræðingarnir frá skólanum með BS-gráðu. Nemar sem lögðu stund á raf- eða véltæknifræði urðu að ljúka fullnaðarprófi við tækniskóla í Danmörku, og brautskráðist stór hópur Íslendinga frá dönskum tækniskólum í Óðinsvéum, Álaborg, Árósum og fleiri borgum eftir að hafa tekið fyrri hluta náms hér á landi. Þetta fyrirkomulag var í gildi til 1994, þegar tæknifræðinámið var alfarið flutt til Íslands. Skipulagið var ekki ólíkt því kerfi sem verið hafði í verkfræði við Háskóla Íslands fyrst eftir að sú kennsla hófst, námið miðaðist við að ljúka fullnaðarprófi í Danmörku. Árið 1966 hófst tveggja ára nám fyrir meinatækna í Tækniskólanum, og árið 1982 færðist það á BS-stig, og brautskráðust fyrstu meinatæknarnir með BS-próf tveimur árum síðar.³² Nám röntgentækna fór af stað við Tækniskólann árið 1986 og var frá upphafi skipulagt sem fullgilt BS-nám. Áður höfðu röntgentæknar verið menntaðir á Landspítalanum. Árið 1971 var Sveinbjörn Björnsson, síðar háskólarektor, í forsvari fyrir nefnd sem lagði til að Tækniskólinn sameinaðist Verkfræðideild Háskóla Íslands.³³ Andstaða var þá við hugmyndina meðal tæknifræðinga. Um áramótin 1996–97 skilaði önnur nefnd af sér skýrslu, og voru nefndarmenn ekki á einu máli um að sameina Tækniskóla Íslands Háskólanum.³⁴ Tækniskólinn fékk heitið Tækniháskóli árið

³¹ Vef. Alþingi. Lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands.

³² Lbs. Hildur Rögnvaldsdóttir, *Próun meinatæknináms á Íslandi*.

³³ Vef. Alþingi. Lög nr. 66/1972 um Tækniskóla Íslands.

³⁴ *Víðtal*. Guðbrandur Steinþórsson fv. rektor Tækniskólans 2.12. 2009.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

2002,³⁵ og ári síðar voru fjölmargir samningar um samstarf undirritaðir milli Háskóla Íslands og Tækniháskólans.³⁶ Tækniháskólinn sameinaðist síðan Háskólanum í Reykjavík árið 2005.³⁷ Ekki voru þó allir sáttir við hvernig að því var staðið, og sagði einn þingmaður í umræðum á Alþingi: „Sameiningin felur í sér afnám efnahagslegs jafnréttis til náms á háskólastigi á Íslandi því með henni verður nám í ákveðnum tæknigreinum ekki lengur í boði í landinu nema gegn greiðslu hárra skólagjalda.“³⁸

Upp úr 1980 var til umræðu að stofna til náms í hjúkrunarfræði á Akureyri vegna langvarandi skorts á hjúkrunarfræðingum á landsbyggðinni, ekki síst á Norðurlandi.³⁹ Ingvar Gíslason menntamálaráðherra (1980–83) skipaði árið 1982 Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, Guðmund Magnússon, rektor Háskólans, og Tryggva Gíslason, skólameistara á Akureyri, í nefnd til þess að gera tillögur um hvernig vinna mætti að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Eftir tveggja ára starf var það „álit nefndarmanna að nám á háskólastigi á Akureyri eigi að vera hluti af námi í Háskóla Íslands og skipulagt af honum. Óraunhæft með öllu er að gera ráð fyrir sérstökum háskóla á Akureyri.“⁴⁰ Skiptar skoðanir voru um stofnun háskóla á Akureyri þegar það kom til tals á Alþingi árið 1986. Eiður Guðnason endurspegladi viðhorf sem reglulega skjóta upp kollinum: „Ég hef vissar efasemdir um það að 250 000 manna þjóð eigi að vera með mjög marga háskóla.“⁴¹ Jón Baldvin Hannibalsson var jafnframt í vafa: „Ég fyrir mína parta á eftir að sjá og heyra einhver sérstök rök fyrir einhverjum sérstökum háskóla norður á Akureyri eða á Egilsstöðum eða þá vestur á Ísafirði.“⁴² Hjörleifur Guttormsson var fylgjandi stofnun háskóla utan Reykjavíkur og sagði af því tilefni á Alþingi: „Ég geri ráð fyrir að það megi auðveldlega reikna út að það sé óhagkvæmara að dreifa fræðslu á háskólastigi þannig á fleiri staði á landinu, en ég tel hins vegar auðsætt að aðrir þættir vinnast í leiðinni. Ég er mikill talsmaður þess að færa ákveðna þætti í okkar menntakerfi og stjórnsýslu út á land.“⁴³ Fyrstu hugmyndum um stofnun Háskóla á Akureyri var tekið fálaga í Háskóla Íslands. Háskólaráð samþykkti ályktun hinn 16. janúar 1986 þar sem sagði: „Því þykir óráðlegt að stefna að því að taka upp kennslu á Akureyri á næstu árum í þeim greinum sem nú eru kenndar við Háskóla Íslands.“⁴⁴ Alþingi lét sér fátt um finnast, og Háskólinn á Akureyri var stofnaður 1987. Var hann fyrsti háskólinn sem stofnsettur var frá grunni án þess að byggja á

³⁵ Vef. Alþingi. Lög nr. 53/2002 og nr. 11/2005 um Tækniháskóla Íslands.

³⁶ HÍ. Málsnúmer: HI04100066. Samningur Tækniháskóla Íslands.

³⁷ Vef. Alþingi. Lög nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands.

³⁸ Vef. Alþingi. Kolbrún Halldórsdóttir.

³⁹ *Árbók Háskólans á Akureyri* 1987–92, 16.


⁴⁰ HÍ. BA4: 77. Álit nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 27. maí 1982, 39.

⁴¹ Vef. Alþingi. Eiður Guðnason.

⁴² Vef. Alþingi. Jón Baldvin Hannibalsson.

⁴³ Vef. Alþingi. Hjörleifur Guttormsson.

⁴⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 142.



Fleiri en Háskóli Íslands byrjuðu smátt. Fyrsta skólaárið starfaði Háskólinn á Akureyri í tveimur kennslustofum í þróttahúsi bæjarins, en starfsmenn höfðu aðsetur í húsinu nr. 23 við Þingvallastræti sem hér er á mynd. Síðan hefur verið byggt upp myndarlegt háskólahverfi á Akureyri.

eldri fyrirrennara. Stöku starfsmenn Háskóla Íslands fundu að því að fjárveitingar til Háskólans á Akureyri voru hærri á hvern nemanda en til Háskóla Íslands þótt um sambærilegt nám væri að ræða, enda sjálfsagt dýrara að byggja upp frá grunni en bæta við það sem fyrir er. Forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Árni Bragason, var einn þeirra sem töldu óheppilegt að dreifa kröftunum:

Stofnun háskóla á Akureyri tel ég vanhugsaða. Kennslan er miklu dýrari og stofnun Háskólans á Akureyri hefur dregið fé frá Háskóla Íslands. Við erum 250 þúsund sálir og verðum að vinna út frá þeirri staðreynd. Ég er Íslendingur og ég vil hafa Háskóla á Íslandi en ekki einhverjar sveltastofnanir sem við köllum háskóla, dreifðar út um land. Við erum að reka bændaskóla á Hvanneyri og útskrifa þar fólk með B.S. gráðu í búvísindum. Verið er að kenna sama grunn og kenndur er við líffræðiskor Háskóla Íslands. Við erum einnig að útskrifa líffræðinga sem vita ósköp lítið um búfé og því síður hvernig helstu nytjaplöntur mannkyns líta út. Ég sé til dæmis þessa kennslu fyrir mér sem sameiginlega fyrstu tvö árin og sérhæfingu á því þriðja.⁴⁵

Það voru einnig kennarar innan Háskóla Íslands sem álitu óheppilegt að starfrækja tvo sjálfstæða háskóla, einn í Reykjavík og annan

⁴⁵ Árni Bragason, „Vil Háskóla en ekki sveltastofnanir, dreifðar um allt land“, 4.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

á Akureyri.⁴⁶ Þegar frá leið jókst þó samvinna og samstarf milli háskólanna, og undirritaðir voru margir samningar um það. Augu margra opnuðust fyrir því að stofnun háskóla á Akureyri varð til að styrkja byggð á Norðurlandi, og reyndist þetta mun öflugra verkefni á því sviði en stuðningur við margvísleg verkefni til atvinnuuppbyggingar sem áður höfðu verið reynd. Nemendur vilja læra í heimabyggð og telja að nám á landsbyggðinni sé til þess fallið að efla atvinnu.⁴⁷ Sveinbjörn Björnsson háskólaþingmaður sagði við brautskráningu árið 1992: „Ef horft er til lengri tíma, mun fátt verða byggð á Norðurlandi heilladrýgra en rekstur háskóla þar.“⁴⁸ Sennilegt má telja að hin góða reynsla Háskólans á Akureyri hafi opnað augu stjórnámálanna fyrir því að háskólar væru vel til þess fallnir að styrkja byggð um allt land, byggja upp nýjar atvinnugreinar og styrkja þær sem fyrir væru. Í byggðaaætlun 1994–97 er nánast ekkert minnst á menntamál eða þau athuguð sem forsenda vaxtar í atvinnulífi. Í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 hafa augu þingmanna opnast, og rætt er um að efla rannsóknir á landsbyggðinni og koma upp kennslu á háskólastigi á Austurlandi og Vestfjörðum. Það er dæmi um skilning á að menntamál hafa mikil áhrif á byggðamál að Páll Skúlason, þáverandi rektor Háskóla Íslands, var skipaður formaður verkefnisstjórnar til að vinna að byggðastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2002–05. Í tillögu til þingsályktunar var lögð áhersla á uppbyggingu menntastofnana sem þýðingarmikinn hluta byggðastefnu stjórnvalda.⁴⁹ Ekki voru þó allir hrifnir af því að háskólar hefðu sprottið upp „eins og gorkúlur“ um allt land til „að bjarga byggð og byggðasjónarmið verið sett ofar metnaðarfullri hugmynd um háskóla.“⁵⁰ Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, sagði árið 2004: „Hættan sem fólgin er í byggðum umræðunni um háskóla er sú að farið verði að líta á háskólastarfsemi sem tæki til að ná markmiðum óskyldum eiginlegu háskólastarfi og þar með gleymist hvers eðlis háskólastarfið er og hvaða forsendur verða að vera fyrir hendi til að rétt sé staðið að því.“⁵¹

Háskóli Íslands átti síðar eftir að feta inn á þá braut að byggja upp starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins. Á árunum 1994–2009 voru sett upp tíu rannsóknar- og fræðasetur víða um land í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.⁵² Markmið þeirra var að efla vísindi og færni á landsbyggðinni í samstarfi við heimamenn. Þannig sýndi Háskóli Íslands að hann

⁴⁶ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Við höfum ekki efni á því að vera án öflugs Háskóla.“ Viðtalið“, 9.

⁴⁷ Vef. HÍ. Bókasafn Menntavísindasviðs. Nína Þóra Rafnsdóttir, *Menntun til sóknar á háskólastigi á Norðurlandi vestra*, 3.

⁴⁸ *Árbók Háskóla Íslands 1991–94*, 33, 36.

⁴⁹ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 48–49.

⁵⁰ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 48.

⁵¹ Guðni Einarsson, „Ólík musteri menntunar. Viðtal við dr. Rúnar Vilhjálmsson“, 12.

⁵² *Alhliða háskóli*, 75. Höfn stofnað 2001, Suðurland 2008, Suðurnes 2004, Snæfellsnes 2006, Bolungarvík 2007, Skagaströnd 2009, Húsavík 2007, Austurland 2008, Hveragerði starfrækt 2000–09 og Vestmannaeyjar starfrækt 1994–2008.



Háskóli Íslands hefur leitast við að halda þjóðskóla mynd sinni, meðal annars með því að stofna fræðasetur í byggðum landsins. Nýjasta fræðasetrið hefur aðsetur á Skagaströnd og fæst við sagnfræði. Það var opnað formlega 23. apríl 2010, og þar tóku þau tal saman Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra (snýr baki að ljósmyndara), Skúli Skúla-son, rektor Hólaskóla og Lára Magnúsdóttir, forstöðumaður setursins.


væri þjóðskóli sem þjónaði öllu landinu þó að höfuðstöðvar hans og meginstarfsemi væri í Reykjavík. Til að halda utan um ört fjölgandi fræðasetur víðsvegar um landið setti háskólaráð árið 2003 á fót Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands. „Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.“⁵³ Fræðasetrin nutu góðs af því að margir komu að samstarfinu, og ríkisvaldið veitti fé í setrin á byggðaáætlun og vegna samdráttar í þorskveiðum árið 2008. Líklega hefur sérstaða Háskólans á Akureyri sem sérstaks landsbyggðarskóla minnkað með tilkomu hinna fjölmörgu rannsóknar- og fræðasetra.

Í ársbyrjun 1988 tók Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands (TVÍ) til starfa. Heiti hins nýja skóla var borið undir rektor Háskóla Íslands, en hann virðist ekki hafa gert athugasemd. Í TVÍ var í fyrstu boðið upp á þriggja ána nám í tölvufræði, og í bréfi frá Stærðfræðiskor Háskóla Íslands sagði: „Nám það sem Verzlunarskóli Íslands ætlar að bjóða upp á í tölvufræðum fyllir tómarúm sem verið hefur hér á landi.“⁵⁴ Síðar var unnt að fá námið metið að hluta inn í nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Eftir gerjun í heilan áratug ákvað Verzlunarskólinn að stofna Viðskiptaháskólann í Reykjavík sem hóf kennslu haustið 1998 með þriggja ára BS-námi í viðskiptagreinum og tölvufræði, og gekk Tölvuháskólinn í heilu lagi inn í skólann. Nafni skólans var breytt í Háskólinn í Reykjavík árið

⁵³ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 251.

⁵⁴ Lýður Björnsson og Sigrún Sigurðardóttir, *Vor unga stétt*, 229.

Myndrit III.9 Fjárveitingar til kennslu á hvern nemanda í Háskóla Íslands 1988–2010 í þúsundum króna á verðlagi 2010



Heimild: Tölur frá innri endurskoðanda Háskóla Íslands.

2000, enda þótti eðlilegt að nafnið hefði víðari skírskotun en í eina námsgrein.⁵⁵ Hinn 1. júlí 2005 sameinaðist Tækniháskóli Íslands Háskólanum í Reykjavík. Einkavæðing Tækniháskólans og sameining við Háskólann í Reykjavík var verk menntamálaráðherra sem vann að því án samráðs við stjórnarandstöðuna á Alþingi.⁵⁶ Þegar Tækniháskólinn var lagður niður fluttist, eins og fyrr sagði, geislafræði, sem áður nefndist röntgentækni, og lífeindafræði, sem áður kallaðist meinatækni, yfir í Læknadeild Háskóla Íslands í samræmi við samkomulag stjórnvalda og Háskólans.

Háskólinn í Reykjavík var starfræktur sem sjálfseignarstofnun með fulltrúa frá samtökum fyrirtækja í háskólaráði sínu, og markaði það ákveðin tímamót. Á árunum 1998–2005 voru smám saman settar á fót fimm deildir við skólann: Viðskiptafræðideild, Tölvunarfræðideild, Tækni- og verkfræðideild, Lagadeild og Kennslufræði- og lýðheilsudeild. Meirihluti námsins var þannig á sömu fræðasviðum og kennd voru í Háskóla Íslands. Þegar forráðamaður Lagadeildar Háskólans í Reykjavík rifjaði upp stofnun deildarinnar varð honum á orði: „forsvarsmenn lagadeildar Háskóla Íslands fundu ýmislegt að þessari hugmynd og töldu að ekki væri forsenda fyrir nýrri lagadeild. Þeir lögðu vissulega stein í götu okkar til að

⁵⁵ Lýður Björnsson og Sigrún Sigurðardóttir, *Vor unga stétt*, 250–51.

⁵⁶ *Vef*. Alþingi. Kolbrún Halldórsdóttir. – *Vef*. Alþingi. Björgvin G. Sigurðsson.

byrja með.⁵⁷ Í upphafi kom upp smávægilegur núningur milli Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík vegna nafnsins. Forráðamenn Háskóla Íslands töldu að þeirra skóli hefði oft verið nefndur Háskólinn í Reykjavík eða *University of Reykjavík*, enda fjöldi háskóla í heiminum kenndur við borgina sem þeir eru staðsettir í. Olli nafngiftin dálitlum misskilningi í póstsendingum fyrstu misserin eftir stofnun skólans þar sem hluti af pósti Háskólans í Reykjavík kom til Háskóla Íslands. Núningurinn átti þó eftir að verða meiri milli einstaklinga vegna skólagjalda sem Háskólinn í Reykjavík hafði heimild til að leggja á nemendur en Háskóli Íslands ekki. Þegar frá leið jókst þó samvinna milli einstakra kennara skólanna.

Hugmyndin með stofnun einkaskóla á háskólastigi var að efla þjónustugreinar við viðskiptalífíð. Stefna stjórnvalda í málefnum háskólastigsins var gagnrýnd meðal annars í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2004. Þar var talið að stefna stjórnvalda væri ekki nægilega skýr og bent á að hér á landi væri ekkert virkt gæðaeftirlit sem stjórnaði því hvaða námsbrautir væri unnt að starfrækja, líkt og tíðkaðist í samanburðarlöndunum Noregi, Bretlandi og Hollandi.⁵⁸ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra (2003–09) taldi gagnrýnina byggða á misskilningi því stefna í málefnum háskólastigsins væri frelsi.⁵⁹ Ákvæði um virkt gæðaeftirlit Menntamálaráðuneytisins með háskólunum var síðan tekið upp með lögum um háskóla 2006.

Samvinnuskólinn var stofnaður í Reykjavík 1918 og fluttist í Norðurárdalinn í Borgarfirði árið 1955. Skólinn varð sérskóli á háskólastigi árið 1988, og þá var nafni hans breytt í Samvinnuháskólinn á Bifröst. Árið 1990 hætti skólinn að vera deild í Sambandi íslenskra samvinnufélaga og varð sjálfseignarstofnun. Árið 2000 fékk hann heitið Viðskiptaháskólinn á Bifröst og loks árið 2004 Háskólinn á Bifröst. Árið 2009 voru deildir skólans þrjár, Viðskiptadeild, Lagadeild og Félagsvísindadeild.⁶⁰

Háskólamenntun í listum var nafn á skýrslu sem Menntamálaráðuneytið lét taka saman árið 1992.⁶¹ Þar var lagt til að Leiklistarskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands og Tónlistarskólinn í Reykjavík væru settir á háskólastig og sameinaðir í sjálfstæða rannsóknar- og kennslustofnun innan vébanda Háskóla Íslands. Millifundanefnd háskólaráðs vildi mæla með „því við menntamálaráðuneytið að velja fremur þann kost en að setja á laggirnar sjálf-

⁵⁷ *Morgunblaðið* 31. des. 2010, 18.

⁵⁸ *Háskólamenntun. Námsframboð og nemendafjöldi*, 6–7.

⁵⁹ *Morgunblaðið* 11. júlí 2004, 2; 13. júlí 2004, 21.

⁶⁰ *Vef. Háskólinn á Bifröst. Ágríp af sögu.*

⁶¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 220–21.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

stæðan listaháskóla“.⁶² Á fundi háskólaráðs komu „fram efasemdir um það að rétt væri að tengja þennan skóla Háskólanum m.a. með tilliti til erfiðrar fjárhagsstöðu Háskólans, sem hefur fengið aukin verkefni á undanförunum árum án þess að fá auknar fjárveitingar“.⁶³ Málið var þó ekki afgreitt fyrr en á fundi 21. maí 1992 þegar samþykkt var „að listnám verði flutt á háskólastig og að stofnaður verði fjárhagslega sjálfstæður listaháskóli“.⁶⁴ Háskólinn virtist þó reiðubúinn að taka þátt í nefndum til að kanna málið frekar, meðal annars samvinnu listaháskóla við Háskóla Íslands, en vegna fjárhagserfiðleika lét hann málið frá sér fara.⁶⁵ Listaháskóli Íslands var settur á laggirnar sem sjálfseignarstofnun haustið 1998, og greiðir ríkissjóður rekstrarkostnað á grundvelli laga um háskóla frá 1997.⁶⁶ Kennsla hófst þar í myndlist haustið 1999, í leiklist haustið 2000 og í tónlist árið 2001. Tveir þessara skóla gengu inn í Listaháskólann, en Tónlistarskólinn í Reykjavík var skilinn frá við sameininguna.⁶⁷ Myndlista- og handíðaskóli Íslands og Tónlistarskólinn höfðu um árabíl brautskráð nemendur með háskólapróf sem fengu nám sitt metið inn í háskóla erlendis, og nemendur allra skólanna höfðu átt rétt á námslánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Síðan hafa fleiri greinar bæst við. Haustið 2009 voru starfandi fimm deildir við Listaháskólann, sumar þeirra með margar brautir: Myndlistardeild, Hönnunar- og arkitektúrdeild, Leiklistardeild, Listkennsludeild og Tónlistardeild. Listaháskólinn býður upp á nám til fyrstu háskólagráðu úr öllum deildum, auk þess er í boði meistaranám í tónsmíðum og listkennslu, og stefnt er að meistaranámi á öllum fræðasviðum á næstu árum.⁶⁸

Á löggjafarþinginu 1985–86 lögðu þingmenn Alþýðuflokks fram tillögu til þingsályktunar um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Flytjendur töldu óhagræði að því að tvær stofnanir sinntu kennaramenntun á háskólastigi hjá ekki fjölmennari þjóð. Í greinargerð með tillögunni sagði:⁶⁹

Þegar Kennaraskóli Íslands var framhaldsskóli neðan háskólastigs fór framhaldsmenntun kennara á háskólastigi fram í Háskóla Íslands. Eftir að stúdentspróf eða ígildi þess var gert að inntökuskilyrði í Kennaraskólann og Kennaraskóla Íslands hafði verið breytt í Kennaraháskóla Íslands fór kennaramenntun á háskólastigi fram í tveim háskólastofnunum þótt e.t.v. hefði mátt telja eðlilegast að Kennaraháskólinn

⁶² HÍ. Fundargerð háskólaráðs 13. og 21. maí 1992. Tillaga að umsögn háskólaráðs um skýrslu menntamálaráðuneytisins „Háskólamenntun í listum“.

⁶³ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 13. maí 1992, liður 10.

⁶⁴ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 21. maí 1992, liður 6.

⁶⁵ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 21. maí 1992. Tillaga að umsögn háskólaráðs um skýrslu menntamálaráðuneytisins „Háskólamenntun í listum“, liður 5.

⁶⁶ Vef. Listaháskóli Íslands. Samningur um stofnun skólans.

⁶⁷ Guðmundur Hafsteinson, „Fjarri sanni“, 29.

⁶⁸ Viðtal. Álfrún Guðríður Guðrúnardóttir, kynningarfulltrúi Listaháskóla Íslands 1.12.2009.

⁶⁹ Vef. Alþingi. Tillaga til þingsályktunar um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

annaðist alla þá menntun um leið og almennri kennaramenntun var lyft á háskólastig.

Upp úr aldamótum fór aftur af stað umræða um sameiningu og hagræðingu á háskólastiginu. Háskólinn og Kennaraháskólinn stóðu árið 2002 saman að athugun á nánara samstarfi eða sameiningu og höfðu til hliðsjónar að víða erlendis höfðu kennaraháskólar sameinast almennum háskólum. Ein af niðurstöðum nefndarinnar var að sameiginlegur háskóli „yrði betur í stakk búinn til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, byggja upp ný rannsóknarsvið, nýjar námsleiðir og bæta stöðþjónustu“.⁷⁰ Þessi skýrsla var lögð til grundvallar nefnd sem menntamálaráðherra skipaði um málið árið 2006. Hugmyndin varð loks að veruleika 1. júlí 2008 þegar þessar tvær stofnanir sameinuðust undir nafni Háskóla Íslands, og Menntavísindasvið varð til sem eitt af fimm fræðasviðum Háskólans.⁷¹

4. Samstarfsnefnd háskólastigsins

Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, setti á laggirnar Samstarfsnefnd háskólastigsins árið 1987. Hann brást þannig við kalli forráðamanna háskólanna sem allir töldu að samráðsnefnd hefði miklu hlutverki að gegna.⁷² Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Menntamálaráðuneytis og skóla á háskólastigi, en smám saman dró ráðuneytið sig út úr samstarfinu. Ákvæði um Samstarfsnefnd háskólastigsins var síðan sett í lög um háskóla árið 1997 þar sem segir í 24. grein: „Háskólar skulu hafa með sér samráð og samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni skulu háskólar m.a. setja reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta.“⁷³ Samkvæmt lögnum áttu rektorar að vera í nefndinni. Nefndin fjallar reglulega um málefni háskóla, auk þess sem hún veitir umsögn um mál sem ráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað. Málefni sem nefndin hefur unnið að eru meðal annars umfjöllun um námsskipun til stúdentsprófs, einingamat, gæðamál, hlutverk háskóla og staða þeirra í samfélaginu, málefni Alþjóðskrifstofu háskólastigsins, samræmt skráningarkerfi nemenda, stuðningur við Þjóðarboðhlöðu og bóka-skráningarkerfið Gegni til afnota fyrir alla háskóla, gerð samnings háskólanna við Fjölís 2008 um stafræna eintakagerð íslenskra verka sem njóta verndar höfundarréttar og notuð eru við kennslu í háskólum, aðkoma að samningu háskólafrumvarpsins 1997 og stuðningur við

⁷⁰ HÍ. Málsnúmer: HI02120007. Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands, 34.

⁷¹ Vef. Alþingi. Lög nr. 37/2007 um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

⁷² Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 45.

⁷³ Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla.

þátttöku Íslendinga í samstarfi á sviði rannsókna, tækniþróunar og starfsmenntunar sem Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands hafði umsjón með. Starfsemin var skipulögð þannig að hún gagnaðist háskólastiginu öllu.⁷⁴

Hinn 15. júní 2005 kom nefndin saman í hátíðarsal Háskóla Íslands til að undirrita sameiginlega yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla.⁷⁵ Þar sagði meðal annars:

Undanfarin ár hafa háskólar í Evrópu átt aukið samstarf í því skyni að byggja upp háskólakerfi sem standi fyllilega jafnfætis því norður-ameríska. Þessi sókn felur í sér samræmingu námseininga, skipulegt gæðamat, eflingu rannsóknarsjóða og síðast en ekki síst sameiginlegan skilning á háskólastarfi og þeim skuldbindingum sem í því felast. Ein mikilvægasta skuldbinding háskóla er sú að standa vörð um akademískt frelsi. Það er forsendan fyrir því að háskólastarf þróist áfram og sagan sýnir að þar sem akademískt frelsi hefur verið brotið niður hefur það þýtt hnignun þjóðfélaga.⁷⁶

Einn háskólarektor sem átti sæti í nefndinni taldi jafnvel að þessi sameiginlega stefnuyfirlýsing Samstarfsnefndarinnar væri nokkurs konar stjórnarskrá háskólasamfélagsins. „Þar væru forsendur þess og frelsi undirstrikuð ásamt vilja til að vera í fararbroddi framfara og þróunar og leiðandi í umræðunni um uppbyggingu þjóðfélagsins.“⁷⁷ Páll Skúlason háskólarektor reifaði í fyrirlestri í Kennaraháskólanum árið 2003 hugmynd um verkaskiptingu minni skóla á háskólastigi. Sumir rektorar töldu að það þrengdi að umsvifum annarra háskóla og nýsköpun þeirra, og með því væri Háskóli Íslands að eigna sér bestu bitana. Að mati ónefnds rektors átti þetta að lýsa „yfirgangi og forræðishyggju“.⁷⁸ Samstarf um ýmis verkefni hefur hins vegar aukist á umliðnum misserum.

5. Kerfisskrið og stofnanarek

Eins og áður sagði (III.4.2) er háskólum víða skipt upp í fagháskóla og rannsóknarháskóla. Háskóli Íslands hefur gert tilkall til að vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, en hin síðari ár bendir margt til þess að allir skólar á háskólastigi vilji verða rannsóknarháskólar.⁷⁹ Háskólar halda áfram að þróast til hærri metorða eftir að þeir eru komnir af framhaldsskólastigi á háskólastig.

⁷⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 482.

⁷⁵ *Alhliða háskóli*, 79.

⁷⁶ *Véf*. Lbs. Rektorar allra háskóla landsins undirrita sameiginlega yfirlýsingu (15.06.2005). – Sjá einnig: *Véf*. Lbs. Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla (16.06.2005).

⁷⁷ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 57.

⁷⁸ Lbs. Svandís Ingi-mundardóttir, *Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 61.

⁷⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 63.



Verkefnisstjórn um stefnu og samstarf opinberra háskóla á fundi 25. nóvember 2010. Frá vinstri: Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektror Háskóla Íslands, Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, Skúli Skúla-son, rektor Hólaskóla, Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskólans, Ásta Bjarnadóttir, starfsmaður verkefnisins, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri Háskóla Íslands.

Í fyrstu bjóða háskólarnir upp á nám til BA-/BS-gráðu, síðan meistara-gráðu og loks doktorsprófs. Kennarar sem áður sinntu einungis kennslu fá einnig það hlutverk að rannsaka, að skapa nýja þekkingu, enda eru rannsóknir eitt af einkennum háskóla. Lögð er sérstök áhersla á að ráða hæfa kennara, fólk sem getur bæði rannsakað og kennt. Settar eru á stofn dómnefndir sem fá það verkefni að meta hæfustu umsækjendurna. Þegar rannsóknarskylda er komin í hús hefst samanburður milli deilda innan skóla eða við aðra háskóla um gæði rannsókna. Í tilviki Háskóla Íslands báru kennarar sig oftast saman við erlenda háskóla, ef frá eru talin síðustu ár þegar nokkrar námsgreinar hafa fengið samkeppni frá öðrum íslenskum háskólum. Árið 1995, þegar Háskólinn var að feta sig í þröngri fjárhagsstöðu á braut framhaldsnáms í fleiri deildum, sáu menn ekki fyrir að fleiri háskólar fylgdu í kjölfarið. Þannig sagði Helgi Valdimarsson, prófessor og formaður vísindanefndar háskólaráðs: „Það gefur auga leið að íslenska þjóðin getur ekki byggt upp og rekið nema einn rannsóknarháskóla sem stenst alþjóðlegar kröfur. ... Hann [Háskóli Íslands] á að vera eini rannsóknarháskóli þjóðarinnar og þarf sem slíkur að fá verulega auknar fjárveitingar til þess að hægt sé að byggja upp aðstöðu til rannsókna sem standast ýtrustu kröfur.“⁸⁰ Annað kom á daginn, fleiri skólar tóku að stunda rannsóknir og gera tilkall til að fá sæmdarheitið rannsóknarháskólar. Vöxtur framhaldsnáms, meistara- og doktorsnáms, við Háskóla Íslands, sem fjallað er um í kafla III.5, er gott dæmi um kerfisskrið innan

⁸⁰ Helgi Valdimarsson, „Um hlutverk Háskóla Íslands og starfsmanna hans“, 13–14.

Háskólans. Hann hafði starfað í tæp 80 ár þegar tekið var upp meistaranám, að frátöldu framhaldsnámi í Heimspekideild sem frá upphafi Háskólans hafði verið á meistarastigi. Um 1990 var jafnframt farið að bjóða upp á skipulagt doktorsnám í tveimur deildum af nýu.

Hugsanlega hefur Háskóli Íslands verið fyrirmynd margra þeirra skóla á Íslandi sem hafa verið að færa sig inn á háskólastig. Háskólinn í Reykjavík setti sér það markmið að fjölga kennurum með doktorspróf, fá fleiri fræðigreinar birtar í ritrýndum tímaritum og auka sókn í rannsóknarfé úr samkeppnissjóðum.⁸¹ Öll slík markmið efla skólann. Gyða Jóhannsdóttir dósent hefur rannsakað kerfisskrið í íslenskum háskólum og varpað ljósi á hve hratt skólarnir hafa forframast hin síðari ár.⁸² Hún taldi að árið 2001 hafi verið stundaðar rannsóknir í fjórum af átta skólum á háskólastigi. Nám til BA-/BS-gráðu var í boði í öllum skólunum, meistaranám var í boði í þremur skólum og nám til doktorsprófs í tveimur. Árið 2008 voru stundaðar rannsóknir við alla háskólana, og sjö skólar buðu upp á meistaranám. Einungis Háskóli Íslands hafði árið 2010 heimild til að bjóða doktorsnám á öllum sínum fræðasviðum. Landbúnaðarháskólinn hefur takmarkaða heimild, og honum ber að vinna með Háskóla Íslands. Háskólinn í Reykjavík hafði aðeins heimild til að bjóða doktorsnám í einni grein, en á vormisseri 2011 bauð hann upp á doktorsnám í fjórum deildum.⁸³ Og eitt er víst, að ofanefndar tölur eru allar breyttar þegar þessar línur eru lesnar, enda á háskólastigið að vera í stöðugri þróun.

6. Samkeppni og samvinna

Einkavæðing ríkisfyrirtækja var meginstef í efnahagsstefnu Vesturlanda í lok 20. aldar og upphafi 21. aldar. Á árunum 1992–2006 voru 33 fyrirtæki á vegum íslenska ríkisins einkavædd, og var söluandvirðið meðal annars nýtt til að greiða niður skuldir ríkisins sem fóru frá 34% niður í 7% af þjóðarframleiðslu.⁸⁴ Á sama tíma var hugað að auknum einkarekstri á sviði háskólakennslu, og virtist sem sömu lögmál ættu að gilda þar og í efnahagslífinu. Þannig var talið að samkeppni milli skóla mundi bæta kennslu og þjónustu við nemendur. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (2003–09), var ekki í vafa um það. „Nýir háskólar hafa fest sig í sessi og veitt þeim sem fyrir eru mikilvæga samkeppni um nemendur og akademískan árangur. Ég fullyrði að fátt hafi hleypt meira lífi í háskólaumhverfið en einmitt þessi samkeppni.“⁸⁵ Gagnstætt sjónarmið

⁸¹ Vef. Háskólinn í Reykjavík 2008. Stefna Háskólans í Reykjavík.

⁸² Gyða Jóhannsdóttir, „Hvað einkennir þróun háskóla?“, 719–30.

⁸³ Gyða Jóhannsdóttir, „Hvað einkennir þróun háskóla?“, 728. – *Fréttatíminn* 15.–17. apríl 2011, 39.

⁸⁴ Þróstur Olaf Sigurjónsson, „The Icelandic Privatization“, 531.

⁸⁵ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, „Áfram samkeppni?“, 22.

kom líka fram um hina meintu samkeppni, og telja sumir jafnvel að hún hafi leitt til þess að slakað hafi verið á gæðakröfum. Þannig sagði Eiríkur Bergmann dósent við Háskólann á Bifröst:

Samkeppni átti í orði kveðnu að auka gæði og fjölbreytni í háskólastarfi. En jafnvel þótt slíku sé haldið fram í hátíðarræðum hygg ég að flestir sem hafa starfað við háskólakennslu á Íslandi lengur en áratug viti mætavel að námskröfur hafa stöðugt minnkað eftir því sem kló samkeppninnar hefur gripið þéttar. ... Eins og á við um mörg önnur svið samfélagsins urðu háskólarnir viðskiptavæðingu samfélagsins að bráð. Í stað þess að einbeita okkur að því grundvallarverkefni að skapa og miðla þekkingu fór starfsemin í auknum mæli að snúast um markaðssetningu. ... Háskólarnir voru seldir athafnamönnum á kostakjörum.⁸⁶

Höfundur leiðara Fréttablaðsins benti á að hafa mætti samkeppni í heiðri þó ekki væri fjölgað skólum á Íslandi: „Samkeppni til að viðhalda metnaði og gæðum eru meðal raka sem notuð eru með þessu fyrirkomulagi. Hins vegar er það svo að hér í okkar litla landi er leikvöllurinn einfaldlega ekki nægilega stór til þess að sú samkeppni fari fram milli háskóla innanlands. ... Íslenskir háskólar eiga því eins og kostur er að keppa við erlenda háskóla og eru þeir síst óverðugri keppinautar.“⁸⁷ Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, hafði þetta að segja þegar titið var yfir háskóla landsins árið 2010: „Fjölgun háskólanna var tilraun sem ég tel að hafi mistekist.“⁸⁸

Svanhildur Hólm Valsdóttir, fyrrverandi nemandi í lagadeild Háskóla Íslands, taldi að samkeppni hafi bætt kennslu deildarinnar. „Samkeppni er af hinu góða, eins og ég komst að þegar ég fór aftur í Háskóla Íslands eftir nokkurt hlé. Það má ábyggilega þakka samkeppni á háskólastigi það að vinnubrögð og kennsluaðferðir höfðu gerbreyst til hins betra á örfáum árum.“⁸⁹ Samkeppni hefur verið mjög pólitískt hlaðið orð; ekki síst um aldamótin 2000 þegar unnið var að því að stofna nýja háskóla eða styðja háskóla í einkarekstri. Þegar þessi ummæli voru borin undir Pál Sigurðsson, prófessor í Lagadeild, sem hafði kennt við deildina í 37 ár, sagði hann m.a.:

Það er ljóst, að á þessu tímaskeiði hafa kennsluaðferðir breyst allnokkuð frá því sem var t.d. þegar ég var nemandi í

⁸⁶ Eiríkur Bergmann, „Háskólinn“, 14.

⁸⁷ Steinunn Stefánsdóttir, „Fækkun háskóla blasir við“, 14.

⁸⁸ *Fréttablaðið* 18. maí 2010, 1.

⁸⁹ *Morgunblaðið* 12. sept. 2009, 25.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

deildinni og eins á mínum allra fyrstu kennsluárum. Kennsluformið er áreiðanlega orðið frjálstlegra en áður var og samskipti nemenda og kennara óþvingaðri. Þetta hygg ég að hafi fylgt að einhverju leyti almennri þróun í þá veru innan H.Í. Ég tel ekki með neinum hætti augljóst mál, að svokölluð samkeppni H.Í. við aðra háskóla á síðari árum hafi hér haft nein teljandi áhrif. Breytingar í lagadeild voru að stofni til komnar til sögu áður en nýju háskólarnir komust á legg. Sú þróun hefur síðan haldið áfram, en ólíklegt er að þar gæti beinna áhrifa frá hinum háskólunum, enda held ég, þvert á móti, að kennslan í lagadeild H.Í. hafi haft áhrif á hina háskólana, enda er það líklegt en hitt. Vafalaust er rétt hjá Svanhildi að hún hafi tekið eftir einhverjum breytingum en ástæða þeirra er líklega ekki alveg rétt hjá henni. Ég hef aldrei orðið var við neina sérstaka samkeppni við aðrar lagadeildir, enda er allt yfirfullt hjá okkur, og þeir taka ekki nemendur frá okkur, það er öruggt! Allar umtalsverðar rannsóknir, sem á annað borð eru stundaðar í íslenskri lögfræði, hafa fram til þessa farið fram innan lagadeildar H.Í.⁹⁰

Talið er að almenn tæknivæðing, betri húsakostur, fjöldi ungra og metnaðarfullra kennara eftir framhaldsnám við bestu háskóla í heimi og aukið gæðastarf innan deildarinnar hafi vegið þungt í breytingum á Lagadeild hin síðari ár.⁹¹ Á þessum árum var kandídatsnáminu skipt í þriggja ára BA-nám og tveggja ára MA-nám ofan á grunnnámið. Þá breytingu má rekja til áhrifa frá Bologna-ferlinu, auk þess sem reiknilíkan Háskóla Íslands gerði ráð fyrir sérstakri greiðslu til þeirra deilda sem brautskrá nemendur með MA-próf og einnig fyrir brautskráða doktora, en slíkar greiðslur fengust ekki fyrir nemendur sem luku kandídatsprófi. Hins vegar er vitað að með fjölgun háskóla verða kennarar hreyfanlegri. Háskóli Íslands fellur undir stjórnsýslulög og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Einkareknir háskólar þurfa ekki að hlíta þeim lögum, geta ráðið og rekið fólk að vild, greitt laun óháð samningum ríkisins og yfirborgað í launum með skólagjöldum sem nemendur greiða. Þeir eru hins vegar á framfæri skattborgara landsins að stærstum hluta. Nokkrir kennarar hafa flutt sig frá Háskóla Íslands til starfa við einkaskólana og sumir jafnvel fyrirvaralaust eða eftir að hafa hætt vegna aldurs hjá Háskólanum.⁹²

⁹⁰ *Tölvupóstur*. Páll Sigurðsson 14.09.2009.

⁹¹ *Tölvupóstur*. Björg Thorarensen 14.09.2009.

⁹² *Vef*. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 224.





Háskólarnir hafa oftast verið fúsir til samstarfs. Hér eru rektor Háskólans á Bifröst, Ágúst Einarsson (til vinstri), Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, að undirrita samning um samstarf háskólanna 22. mars 2010.

Guðmundur Sigurðsson, forseti Lagadeildar Háskólans í Reykjavík, lagði orð í belg um kennslu í lögfræði haustið 2010: „Sú þróun að fjölga skólum sem kenna lögfræði hefur leitt til þess að laganám í dag er betra en það var. Það þori ég að fullyrða með hönd á hjarta. Laganemar sem útskrifast nú eru betur í stakk búnir til að takast á við þau störf sem bíða þeirra en ég var á sínum tíma [1991]. Ég tel heldur ekki ástæðu til að taka einn skóla út úr og hygla honum á kostnað annarra. Skólinn skiptir vissulega máli en þegar öllu er á botninn hvolft er það nemandinn sem þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru, bæði í námi og eftir að hann lýkur því.“⁹³ Lögfræðingar þurfa að taka próf á vegum Lögmannafélags Íslands til að hljóta málflytningarréttindi fyrir héraðsdómi. Á árunum 2005–09 komu laganemar úr Háskóla Íslands langbest út úr þeim prófum í samanburði við aðrar lagadeildir, en á það hefur verið bent að prófin byggist mest á þeirra reynslu.⁹⁴ Árið 2005 bar Rúnar Vilhjálmsson prófessor saman átta mælistikur á gæði háskóla landsins, og var niðurstaða hans að „[a]lmennt ber Háskóli Íslands höfuð og herðar yfir aðra háskóla í landinu.“⁹⁵ Þótt þarna hafi verið brugðið upp alþjóðlega viðurkenndri mælistiku á gæði háskólastarfs var hún kannski ekki fyllilega réttmæt því margir hinna skólanna höfðu nýlega tekið til starfa og voru rétt að koma ár sinni fyrir borð í ólgusjó akademískra fræða.

Háskóli Íslands er metinn eftir menntun nemenda sem frá honum koma, hvort sem það er til starfa í þjóðfélaginu eða framhaldsnáms í öðrum háskóla. Oft hefur verið sagt að Háskóli Íslands sé í samkeppni

⁹³ Guðmundur Sigurðsson, „Er keppnismaður í eðli sínu“, 20.

⁹⁴ Tölvupóstur. Alma Möller deildarstjóri 15.12.2010. Bréf Lögmannafélags Íslands til Lagadeildar 17. des. 2009.


⁹⁵ Rúnar Vilhjálmsson, „Gæðavandi á háskólastíginu“, 452.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

við erlenda háskóla, og ef slæmt orð fer af tiltekinni námsgrein við Háskólann geta nemendur stundað það nám við erlenda skóla. Reyndar hætti Lánasjóðurinn í 15 ár frá 1992 að lána fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis eins og sagt hefur verið frá (III.4.1). En sá möguleiki að hefja nám erlendis hefur verið opinn um áratugaskeið. Hitt hefur ekki síður verið mikilvægt að Háskóli Íslands hefur notið trausts meðal fjölmargra þekktustu háskóla heims, meðal annars vegna þess að nemendur frá Háskólanum hafa getið sér gott orð í framhaldsnámi við erlenda háskóla og átt þar greiða leið til náms.⁹⁶ Háskóli Íslands hefur gert samninga við marga erlenda skóla sem krefjast hárra skólagjalda, og þangað hafa nemendur úr Háskólanum átt kost á að sækja hluta af námi sínu. Þannig hefur Háskólinn náð að stækka íslenska menntakerfið án kostnaðarauka og veita nemendum innsýn í nokkra af fremstu rannsóknarháskólum víða um heim.

Á myndriti III.10 má sjá hlutfallslega skiptingu lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna eftir skólastigum; nám í sérskólum, grunnnám í háskólum og framhaldsnám í háskólum. Námsárið 1998–99 fækkar snögglega lánþegum í sérskólum og þeim fjölgar að sama skapi í grunnnámi í háskólum. Það var árið sem sérskólar í

Myndrit III.10 Hlutfallsleg skipting lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna eftir námsstigi 1992–2008



Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna. Hlöðver Bergmundsson, deildarstjóri lánadeildar.

⁹⁶ *Tölvupóstur*. Sveinbjörn Björnsson 13.11.2010. – *Víðtal*. Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og tæknisviðs HÍ 26.11.2010. – *Tölvupóstur*. Sigmundur Guðbjarnason 18.01.2011. – Kristín Ingólfssdóttir, „Hvers virði er öflugur háskóli?“, 21.

uppeldisgreinum sameinuðust Kennaraháskóla Íslands, og þar með fór námið á háskólastig. Einnig sjáum við hvernig lánnum til framhaldsnáms fjölgar árið 2003, úr um 10% í um 20% af öllum námslánnum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Reynsla og þekking frá Háskóla Íslands hefur verið flutt til annarra skóla á háskólastigi með því að reyndir kennarar hafa tekið til starfa í hinum nýju skólum, bæði sem stjórnendur og kennarar, og hjálpað til við uppbyggingu þeirra. Lektor úr Félagsvísindadeild Háskóla Íslands átti til dæmis þátt í að skipuleggja nám við Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands árið 1988. Prófessor úr Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tók að sér að veita Háskólanum á Bifröst forstöðu árið 2007. Þegar hann lét af störfum árið 2010 kom forstöðumaður frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í hans stað. Lektor úr Viðskipta- og hagfræðideild tók við rektorsembætti í Háskólanum í Reykjavík árið 2007, prófessor úr Læknadeild varð rektor Háskólans á Akureyri árið 2009, og loks varð prófessor í uppeldisfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands forseti Menntavísindasviðs þegar Kennaraháskóli Íslands sameinaðist Háskóla Íslands árið 2008. Einnig sat fyrrverandi rektor Háskóla Íslands í vísindaráði Háskólans á Akureyri í fjögur ár, svo aðeins nokkur dæmi séu rakin.⁹⁷

Meira fer oft fyrir hnútukasti og ritdeilum í fjölmiðlum en velheppnuðu samstarfi sem Háskóli Íslands hefur átt við alla skóla á háskólastigi. Síðastliðin ár hefur Háskóli Íslands undirritað tugi samninga um samstarf við aðra háskóla landsins, enda í samræmi við lög um háskóla að efla samstarf.⁹⁸ Stundum eru samningarnir tvíhliða, milli Háskóla Íslands og einstakra skóla. Einnig eru dæmi um verkefni sem margir háskólar og jafnvel fleiri hafa átt aðild að. Samningar hafa verið rammameningar, samstarf um fjarnám, einstök rannsóknarverkefni, kennara- og nemendaskipti, útgáfa fræðilegra tímarita og margt fleira. Háskólaútgáfan hefur þannig veitt fleiri skólum en Háskóla Íslands aðstoð við útgáfu, og Bóksala stúdenta opnaði verslun í Háskólanum í Reykjavík árið 2010.

7. Hversu margir háskólar verða á Íslandi?

Haustið 2009 voru í landinu sjö háskólar sem brautskrá nemendur með háskólapróf: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Ritstjóra

⁹⁷ Vef. HÍ. Reglur um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands, nr. 1096/2008.

⁹⁸ Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla gr. 24 og lög nr. 63/2006 gr. 26.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.4 HÁSKÓLI MEDAL HÁSKÓLA

Fréttablaðsins þótti þetta vel í lagt: „Það blasir við að samfélag sem telur liðlega 300.000 sálir getur ekki staðið undir rekstri sjö háskóla. Slíkur rekstur á háskólakerfi var í raun aldrei skynsamlegur og hefði ekki átt að verða.“⁹⁹ Kári Stefánsson hjá Íslenskri erfðagreiningu tók í sama streng og sagði að óskynsamlegt væri að „reisa alþýðuhallir í austur-þýskum stíl“ meðal annars tónlistarhús um allt land, þess í stað ætti að nota peningana í háskólakennslu. Hann talaði jafnframt tæpitungulaust um fjölda háskóla í landinu:

Menn hafa búið til háskóla í hverju krummaskuði á Íslandi og allt í einu hafa háskólar orðið tæki til að stuðla að auknu jafnvægi í byggð landsins. Við erum 320 þúsund manna samfélag og höfum ekki efni á nema einum háskóla. Þeir eru meira að segja til, sem halda fram að við séum of lítið samfélag til að halda uppi góðum skóla, en því er ég að vísu gjör-samlega ósammála. En það er ekki hægt að vera með meira en einn háskóla á Íslandi og ekkert vit í öðru en að sameina Háskólann í Reykjavík Háskóla Íslands, það er ekkert vit í því að vera með skóla út um allt land og ætlast til að þeir séu reknir á háskólastigi. Þetta er bara bull og vitleysa og ég óttast að menn hafi ekki hugsað til enda þá hugsun: hvað er háskóli?¹⁰⁰

Vorið 2009 skilaði nefnd erlendra sérfræðinga skýrslu og kom með nokkur heilræði til íslenskra stjórnvalda um framtíð háskólastigsins á Íslandi. Nefndin lagði til aukið samstarf, og jafnvel að aðeins tveir háskólar yrðu starfræktir í landinu.¹⁰¹ Í áliti ráðgjafarnefndarinnar sagði meðal annars:

Nauðsynlegt er að endurskipuleggja háskólakerfið eins fljótt og auðið er með nýrri sýn á hvernig megi hámarka hugsanleg samlegðaráhrif og hagræðingu. Þó við höfum ekki að markmiði að leggja til hversu margir háskólar eigi að vera í sjálfu sér þá er ljóst að samnýta verður kraftana. Við erum fylgjandi fjölbreytni í námi og samkeppni (þó hún eigi fyrst og fremst að vera við útlönd) en samstarf og samlegð eru jafn mikilvæg. Þrátt fyrir það teljum við að tveggja háskóla kerfi sé líklegast til að tryggja langtíma árangur. Einn háskóli byggður á Háskólanum í Reykjavík, með Listaháskóla Íslands og Háskól-

⁹⁹ Steinunn Stefánsdóttir, „Fækkun háskóla blasir við“, 14.

¹⁰⁰ *Morgunblaðið* 16. jan. 2011, 19.

¹⁰¹ *Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnastjórn vísinda og háskólamála.*

anum á Bifröst, og annar háskóli byggður á Háskóla Íslands með öllum ríkisháskólunum. Til skamms tíma þýðir það að hér verði einn einkaháskóli og einn ríkisháskóli en þegar til lengri tíma er litið leggjum við til að þessi munur verði afmáður. Háskólarnir tveir ættu að halda í landsbyggðaútibúin sem nauðsynlegan hluta starfseminnar.¹⁰²

Eftir að nefnd hinna erlendu ráðgjafa skilaði álitni var skipaður starfshópur sem fékk það verkefni að huga að nýju stjórnskipulagi fyrir háskólastigið.¹⁰³ Stefna mennta- og menningarmálaráðherra var að standa vörð um hina opinberu háskóla og stofna samstarfsnet þeirra með hugsanlega sameiningu í huga. Markmiðið var: „Í fyrsta lagi að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best. Í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu.“¹⁰⁴ Mikil gerjun er á háskólastigi landsins þegar Háskóli Íslands hefur nú starfað í eina öld og forráðamenn menntamála og háskólanna líta til framtíðar um eflingu háskólastarfs til heilla fyrir íslenskt samfélag.



Hvað er gert í háskóla þegar háskólum tekur að fjölga? Fjölgunin er rannsökuð. Í Háskóla Íslands var stofnuð Rannsóknastofa um háskóla undir formennsku Páls Skúlasonar, fyrrverandi rektors. Myndin er frá kynningarfundum stofnunar 2. september 2010. Í stólnum stendur Gyða Jóhannsdóttir dósent sem stjórnaði pallborðsumræðum á fundinum.

¹⁰² Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun. Sjá einnig: Verkefnastjórn vísinda og háskólamála.

¹⁰³ HÍ. Málsnúmer: HI10020136. Starfshópur um stoðþjónustu og stjórnsýslu háskólanna.

¹⁰⁴ Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefna um opinbera háskóla, 9. ágúst 2010.

5. Vöxtur rannsóknarnámsins

1. Mikilvægi framhaldsnáms

Forráðamenn háskóla hafa löngum bent á að stuðningur stjórnvalda við störf þeirra hefði áhrif á vaxtarmöguleika samfélagsins til framtíðar litið. Kristín Ingólfssdóttir rektor orðaði málið þannig í brautskráningarræðu árið 2007: „Allar Evrópuþjóðir eru að vakna upp við það að framtíðarhagvöxtur þeirra byggir á því að þær efli rannsóknartengt háskólanám.“¹ Philippe Aghion, prófessor við Harvard-háskóla, mun hafa bent á að lítinn hagvöxt í Evrópu síðustu 30 ár mætti tengja við slakan árangur þessara ríkja í rannsóknum á háskólastigi á sama tíma. Stjórnámamenn heyrta væntanlega sambærilegar hvatningarræður frá fleiri starfsstéttum. En staðan breyttist. Ísland eyddi hlutfallslega mestu allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) til menntamála, eftir því sem fram kemur í greinargerð sem stofnunin sendi frá sér haustið 2009.

Kennsla í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hófst árið 1973 eins og áður er getið (II.6.6). Það tók nokkur ár að byggja upp rannsóknir í greininni. Á 75 ára afmæli Háskólans árið 1986 fannst prófstjóra skólans ástæða til að benda á að rannsóknir væru litlar í hjúkrunarfræði, „og ræður því sennilega m.a. mikið kennsluálag á föstum kennurum námsbrautarinnar undanfarin ár og hversu skammt er síðan greinin varð skólagrein“.²

Staðhæfingin hefði einnig getað átt við fleiri greinar því mikil samkeppni var við vinnumarkaðinn á tífunda áratug 20. aldar. Erfitt reyndist að ráða kennara til starfa, fáir höfðu lokið doktorsnámi, kennsluálag var mikið á þeim sem fyrir voru, og þáðu þeir laun langt undir viðmiðunarhópum.³ Þessi staða í hjúkrunarfræði átti þó eftir að gjörbreytast nokkrum árum síðar þegar kennarar gátu tekið rannsóknir föstum tókum, 22 af 25 föstum kennurum deildarinnar höfðu lokið doktorsprófi og hafa byggt upp með skipulegum hætti rannsóknir og rannsóknarnám við deildina. Á liðnum árum hefur hjúkrunarfræðin því staðið ágætlega borið saman við aðrar deildir Háskólans þegar litið er til árangurs í rannsóknum á þeim mælikvörðum sem notaðir eru. Eftir umfangsmikla úttekt samþykkti háskólaráð einróma hinn 25. maí 2000 að stofna tvær nýjar deildir: Hjúkrunarfræðideild og Lyfjafræðideild, en lyfjafræði hafði verið

¹ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 257.

² Þórður Kristinnson, *Innsýn í deildir og stofnanir Háskóla Íslands*, 18.

³ *Morgunblaðið* 25. apríl 1996, 72. – *Fréttabréf Háskóla Íslands* XIX:6, 11.



Páll Skúlason háskóla­rektor við brautskráningu. Í rektorstíð hans jókst fram­haldsnám í Háskólanum verulega. Að baki Páli situr Dagný Kristjánsdóttir prófessor sem var kyn­nir á samkomunni.

kennd við Háskóla Íslands frá 1957.⁴ Úttektin staðfesti að kennsla og rannsóknir í þessum námsgreinum stæðu undir því að þær væru gerðar að sérstökum háskóladeildum.

Sá sem einna best þekkti til fjárveitinga til almennra rannsókna á Íslandi á þeim tíma var formaður Vísindaráðs, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri: „Íslendingar verja að minnsta kosti helmingi minna fé til rannsóknarstarfsemi en æskilegt væri.“ Þessi ummæli voru höfð eftir honum á ársfundi Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins árið 1988, en það hefur lengi verið hlutverk Seðlabankans að fjármagna Vísindasjóð.⁵ „Dr. Jóhannes Nordal sagði að mikill skortur hefði verið á nauðsynlegu fjármagni til þess að sinna sívaxandi þörfum rannsóknarstarfsemi hér á landi, sem bæði væri vaxandi að umfangi og yrði sífellt dýrari með aukinni tækni og nýjum og flóknari rannsóknaraðferðum.“⁶ Skilningur á mikilvægi rannsókna sem forsendu fyrir framþróun og uppbyggingu nýrra atvinnugreina og eflingu þeirra sem fyrir eru hefur átt erfitt uppdráttar í samfélaginu, og skýrir það að nokkru fjárskort við vinnslu slíkra verkefna.

Þar til laust fyrir 1990 var aðeins boðið upp á framhaldsnám í Heimspekideild þar sem unnt var að leggja stund á tveggja ára cand.mag.-nám (MA-nám) í íslenskum bókmenntum, íslenskri málfræði, sagnfræði, ensku og dönsku að afloknu BA-prófi. Nám í læknisfræði og tannlækningum tók þá sex ár, guðfræði og lögfræði fimm ár, verkfræði, viðskiptafræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun og

⁴ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 25. maí 2000.

⁵ *Vef*. Alþingi. Lög frá 24. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.

⁶ *Morgunblaðið* 26. nóv. 1988, 28.



lyfjafræði fjögur ár. Jafnframt var unnt að ljúka doktorsprófi frá Háskóla Íslands, en það gerðu aðeins þeir sem komu með tilbúna doktorsritgerð og óskuðu eftir að fá að verja hana við skólann; að jafnaði einn á ári. Þó eru einhverjir til viðbótar sem barið hafa að dyrum með doktorsritgerðir í höndum, en beiðnum um doktorsvörn hefur verið sýnað enda gerðar miklar kröfur til doktorsritgerða.

Vorið 1970 var kjörin nefnd til að undirbúa tillögur um framhaldsnám í náttúrufræðigreinum, en BS-nám í Raunvísindadeild hófst árið 1968.⁷ Frá 1972 hafði verið boðið upp á svonefnt fjórða árs verkefni í Raunvísindadeild, en það var eins árs rannsóknarnám til viðbótar BS-prófi, og lauk fyrsti fimm manna hópurinn námi haustið 1973. Góð reynsla af fjórða árs verkefnum hraðaði upptöku framhaldsnámsins, og hafa líffræðingar verið fjölmennir meðal brautskráðra fjórða árs nema og meistaranema. Fjórða árs námið flýtti jafnframt fyrir nemendum sem fóru í doktorsnám til útlanda og fengu það metið sem MS-nám eða BS-honours nám. Alls luku um 200 manns fjórða árs námi í Raunvísindadeild á árunum 1973–2010.⁸

⁷ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs V, 30. apríl 1970, 219.

⁸ *Tölupóstur*. Gísli Már Gíslason prófessor 20.01.2010. – *Viðtal*. Pálmi Jóhannesson, gæðastjóri á Verkfræði- og náttúruvísindasviði 12.11.2010.

⁹ *Véf*. Raunvísindadeild. Fundargerð 14. fundar 5. maí 1988. – *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 19. maí 1988, gr. 13, og 2. júní 1988, gr. 7.

¹⁰ *Véf*. Raunvísindadeild. Fundargerð 47. fundar deildarráðs 12. okt. 1988.

¹¹ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 2. júní 1988, gr. 7.

¹² *Véf*. Verkfræðideild. Fundargerð 15. fundar 19. apríl 1998, gr. 6. – *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 27. apríl 1989, gr. 17.

¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 297.

2. Meistaránám í æ fleiri greinum

Sumarið 1988 hafði háskólaráð samþykkt breytingar á reglugerð sem heimilaði Raunvísindadeild að hefja framhaldsnám til MS-prófs.⁹ Skiptar skoðanir voru innan deildarinnar um hvort hefja ætti MS-nám „fyrir en fjárveiting hefði fengist til þess á fjárlögum. Töldu sumir að það myndi setja þrýsting á stjórnvöld en aðrir töldu þá leið varasama.“¹⁰ Í háskólaráði var ályktað að gæta ætti lágmarks-samræmis milli deilda um skipulag framhaldsnáms og prófgráða, og var kennslumálanefnd falið að huga að slíkri samræmingu.¹¹ Framhaldsnám Raunvísindadeildar fór af stað, og Freysteinn Sigmundsson jarðeðlisfræðingur var fyrsti meistarinn sem brautskráðist frá Raunvísindadeild í júní 1990. Ári síðar brautskráðist Helgi Þór Ingason með meistarapróf frá Verkfræðideild.¹² Báðir urðu síðar starfsmenn Háskólans. Hjól framhaldsnámsins voru farin að snúast í verkfræði og raunvísindum.

Uppbygging rannsóknarnáms gekk í fyrstu hægar en hugur stóð til. Rætt var um að hún mundi „hafa forgang, jafnskjótt og fjárhagsvandi almennrar kennslu er leystur“.¹³ Haustið 1991 var rannsóknarnám til umræðu í háskólaráði. Þá vildi háskólarektor að gerðar yrðu samræmdar kröfur til deilda skólans þegar þær stofnuðu til



framhaldsnáms, svo og til nemenda sem hygðu á slíkt nám. Málinu var vísað til vísindanefndar til skoðunar. Þrátt fyrir fjárskort var áfram unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, og hinn 13. maí 1992 lagði Helgi Valdimarsson, formaður vísindanefndar, fram í háskólaráði tillögu nefndarinnar að reglum um rannsóknartengt framhaldsnám. Reglurnar tóku til náms sem fól í sér a.m.k. 15 eininga rannsóknarverkefni og lauk með MA-, MS- eða doktorsprófi.¹⁴ Til að nýta vel hugmyndir og takmarkað fjármagn var einnig mælt með vali á námskeiðum milli námsgreina eða deilda. Þannig sagði um MS-nám í Raunvísindadeild í Kennsluskrá fyrir árið 1989–90: „Markmið M.S.-námsins er að efla kennslu og rannsóknir í raunvísindum við Háskóla Íslands, m.a. á sviðum sem byggja á samvali greina er heyra til mismunandi skora eða jafnvel deilda.“¹⁵ Og í reglum um MS-nám í Raunvísindadeild sem samþykktar voru veturinn 1991 segir að „námið geti að hluta til farið fram við aðrar deildir“.¹⁶ Deildin bauð einnig upp á töluverðan sveigjanleika þegar sagt var í Kennsluskrá: „Kandidatar geta innritast til M.S.-náms á öðru sviði en því sem þeir eru brautskráðir af með B.S.-prófi.“¹⁷ Þannig var brugðist við takmörkuðu fé með auknu vali og sveigjanleika.

Á sama tíma og unnið var að reglum innan Háskólans um skipulag og kröfur í rannsóknartengdu framhaldsnámi var leitað eftir fjárveitingum til að styrkja slíkt nám. Menntamálaráðherra beitti sér í samráði við Háskóla Íslands fyrir stofnun Rannsóknarnáms sjóðs til styrktar framhaldsnámi til meistara- og doktorsprófs og hafði á árinu 1993 tryggt sjóðnum 8 milljóna króna framlag og 25 milljóna framlag ári síðar.¹⁸ Sjóðurinn var í fyrstu á vegum Menntamálaráðuneytisins og aðeins fyrir nemendur í Háskóla Íslands enda framhaldsnám ekki í boði í öðrum háskólum á Íslandi.¹⁹ Árið 1996 var sjóðurinn færður til Rannís og opnaður fyrir nemendur í öllum skólum á háskólastigi sem voru í rannsóknartengdu framhaldsnámi, jafnt á Íslandi sem erlendis. Í skýrslu Vísindasviðs Háskólans frá 1997 sagði: „Ekki er nokkur vafi á því, að sjóðurinn hefur skipt sköpum fyrir uppbyggingu rannsóknarnáms við Háskóla Íslands.“²⁰ Á árunum 2003–10 hefur verið úthlutað um 590 milljónum króna til 290 stúdenta í meistara- og doktorsnámi úr Rannsóknarnámssjóði, mest til doktorsnema við Háskóla Íslands.²¹ Að jafnaði hefur verið unnt að liðsinna um 20% umsækjenda í doktorsnámi, og sjö sinnum hærrí upphæð hefði þurft í sjóðinn ef fullnægja hefði átt öllum óskum

¹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 189.

¹⁵ *Háskóli Íslands. Kennsluskrá* 1989–90, 314.

¹⁶ *HÍ. Valnám í Háskóla Íslands*, 17.

¹⁷ *Háskóli Íslands. Kennsluskrá* 1989–90, 314.

¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 208.

¹⁹ *Fréttabréf Háskóla Íslands* XVI:3, 6–10.

²⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 343.

²¹ *Vef. Rannís. Sjóðir Rannís.* „Árin 1993–1999 hafa alls verið veittir 188 styrkir að upphæð um 166 m.kr. úr sjóðnum. Á sama tímabili hafa 381 umsókn að upphæð um 630 m.kr. borist sjóðnum.“

umsækjenda. Háskólinn ákvað jafnframt að byggja upp eigin fjárveitingar til framhaldsnema eins og síðar mun getið. Einnig var boðið upp á sérstaka styrki í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki.²²

Í greinargerðum með tillögum um upptöku doktorsnáms við Háskóla Íslands og í fyrstu reglugerðum var gert ráð fyrir því að hluti námsins færi fram við erlenda háskóla. Doktorsnemar kæmust í nýtt rannsóknarumhverfi við marga fremstu háskóla í heimi og kynntust þannig ferskum straumum og stefnum á erlendri grund. Þannig segir í skýrslu þróunarnefndar frá 1994: „Lögð verði áhersla á framhaldsmenntun til meistaraþrófs eftir BA- eða BS-próf, og nám til doktorsþrófs í deildum sem geta boðið þjálfun til sjálfstæðra rannsókna. Til að tryggja alþjóðlega viðmiðun ætti hluti meistara- og doktorsnámsins að fara fram við erlenda samstarfsskóla og stofnanir.“²³ Sveinbjörn Björnsson háskólarektor tók í sama streng árið 1997: „Hvort tveggja, meistaranámið og doktorsnámið, yrði að vera í nánnum tengslum við erlenda háskóla, svo að ekki tapaðist sú alþjóðlega reynsla, sem námsmenn hafa borið með sér heim að loknu framhaldsnámi og störfum erlendis.“²⁴ Sigurður Steinþórsson prófessor miðlaði í Fréttabréfi Háskóla Íslands 1995 af reynslu sinni af samstarfi evrópskra háskóla þar sem margfalt stærri þjóðir sameinuðu krafta sína: „Og verði Ph.D.-nám tekið upp, ætti Háskóli Íslands fortakslaust að stofna til samvinnu við erlendar háskóla-deildir um námskeið fyrir framhaldsnema.“²⁵ Í viðmiðunarreglum um doktorsnám sem samþykktar voru á háskólafundi 21. maí 2004 var ekki gert ráð fyrir námsdvöl erlendis. Í umræðum á fundinum kom hins vegar fram að í þessu litla fræðasamfélagi á Íslandi kæmi fyrir að nemendur ynnu „árum saman við sama háskóla undir handleiðslu sömu kennara“.²⁶ Ábending kom fram um að deildir ættu að gera kröfu til doktorsnema um tímabundna dvöl erlendis. Í stefnumörkun Háskólans frá 2006 er hins vegar hvatt til samstarfs við erlenda skóla um sameiginlegt framhaldsnám. Síðar var tekið upp sameiginlegt doktorsnám (*Joint Degree*) þar sem fleiri skólar báru ábyrgð á doktorsnáminu. Fyrsti stúdentinn til að ljúka sameiginlegu doktorsþrófi frá Háskóla Íslands og háskóla erlendis var Mathieu Fauvel verkfræðingur sem jafnframt lauk námi frá *Grenoble Institute of Technology* (INPG) í Frakklandi og brautskráðist í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 28. nóvember 2007.

Um 1990 var Háskóli Íslands ein umsvifamesta rannsóknarstofnun þjóðarinnar. Aðrir skólar á háskólastigi buðu ekki upp á

²² *Rannís-blaðið* 1:1, 4.

²³ *Háskóli Íslands. Stefna og framtíðarsýn*, 1.

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 283–84.

²⁵ Sigurður Steinþórsson, „Doktorsnám“, 50.

²⁶ *HÍ. Háskólafundur* 21. maí 2004.



Frá framhaldsnámssýningu í Háskóla Íslands 25. mars 2010. Fremst á myndinni eru Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, og Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.

framhaldsnám þó að kennarar, sérstaklega við Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og víðar, hafi jafnframt sinnt rannsóknnum samhliða kennslu. Upplýsingar um það má meðal annars lesa úr úthlutunum Vísindasjóðs. Við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna voru einnig stundaðar rannsóknir á tilteknum sviðum. Árið 1996 luku fyrstu kandiðatarnir rannsóknartengdu framhaldsnámi til meistaraáráðu frá Kennaraháskóla Íslands. Í rúmlega áratug eða þar til Kennaraháskóli Íslands hætti starfsemi 2008 hafði hann brautskráð liðlega 150 nemendur með meistaraþróf og þrjá með doktorsþróf.²⁷ Innan Kennaraháskólans hafði rannsóknarnám því komist á góðan rekspól þegar hann sameinaðist Háskóla Íslands.

3. 400 meistaranemar

Svo virðist sem yfirvöld Háskólans hafi skömmu eftir að meistaranámið hófst stórlega vanmetið áhuga landa sinna á framhaldsnámi. Reynslan hafði reyndar sýnt að telja mátti á fingrum annarrar handar þá sem árlega luku cand. mag.-námi í Heimspekideild fyrir 1990, og fjölgun fór hægt af stað fyrstu árin í verkfræði og raunvísindum. Áætlað var að um 400 manns mundu leggja stund á framhaldsnám við Háskóla Íslands. Sveinbjörn Björnsson háskólarektor segir haustið 1997: „Rannsóknarnám er nú hafið í mörgum deildum, og áhugi stúdenta er mikill. Haustið 1997 voru um 180 nemendur skráðir í meistaranám, þar af um þriðjungur í heimspekideild, þar

²⁷ *Aldarspeggill. Kennaraháskóli Íslands / Kennaraháskóli Íslands 1908–2008*, 34, 39. Með lögum nr. 42/1999 um KHÍ fékk hann heimild til að setja reglur um doktorsnám.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

sem námið stendur á gömlum merg, en markmið Háskólans er, að þeir geti orðið um 400, þegar námið er komið á skrið í öllum deildum.²⁸ Svo virðist sem talan 400 hafi verið notuð þegar áætlaður var kostnaður við framhaldsnámið.²⁹ Blekið var varla þornað á þessari áætlun þegar mun fleiri stúdentar höfðu skráð sig í rannsóknarnám við Háskólann. Árið 2000 var tekin saman skýrsla í stjórnslu skólans um framhaldsnámið og áætluð fjölgun stúdenta til 2005. Þar sagði meðal annars: „Framhaldsnemar við Háskóla Íslands voru sem fyrr greinir um 500 á seinasta háskólaári (1999–2000), en Háskólinn setur sér það markmið að stækka þennan hóp í 1000 manns á næstu árum, uns *fjöldi nema* í framhaldsnámi verður 15–20% af heildar nemendafjölda við skólann.“³⁰ Á háskólafundi hinn 21. maí 2004 var sama stefna ítrekuð og samþykkt „að hlutfall stúdenta í framhaldsnámi af heildarfjölda stúdenta við skólann verði að jafnaði um 20%“.³¹ Árið 2008 voru framhaldsnemarnir hins vegar orðnir 2.551 og um 25% af fjölda nemenda við skólann. Fjölgunin var þannig mun meiri meðal framhaldsnema og áhugi landsmanna á rannsóknarnámi víðtækari en yfirvöld Háskólans höfðu áætlað.³² Í stefnu Háskóla Íslands árið 2006 var sett það markmið að hafa fjölgað innrituðum doktorsnemunum í 350 í ársbyrjun 2009, þeir urðu 318.³³ Í árslok 2010 voru skráðir doktorsnemar orðnir liðlega 500.³⁴

Það var fyrst og fremst eftirspurn stúdenta eftir meiri menntun sem fjölgaði nemendum við Háskólann. En sjálfsagt hefði hún ekki verið eins mikil og raun bar vitni ef allar deildir skólans hefðu ekki brugðist hratt og vel við, komið til móts við áhuga stúdenta á frekara námi og aukið framboð sitt á nýjum námskeiðum og námsleiðum. Páll Skúlason háskólarektor kallaði þessa þróun menntaþynging:

Um þessar mundir gengur yfir veröldina menntaþynging sem á sér engin fordæmi í mannkynssögunni og mun tæplega eiga sér hliðstæðu í framtíðinni. Þynging þessi fer ótrúlega hljótt sé haft í huga hve víðtæk, áhrifamikil og djúpstæð hún er. Hún er að gerast í öllum heimsálfum og snertir allar stéttir þjóðfélagsins, raunar hvert mannsbarn á jörðinni. Og hún á sér djúpar rætur í hugsun og menningu heimsins og hefur átt sér langan aðdraganda, ef ekki tvö þúsund ár, þá að minnsta kosti tvær síðustu aldirnar.³⁵

²⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 300.

²⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 319.

³⁰ *HÍ*. Framhaldsnám við Háskóla Íslands. Áætlun til ársins 2005.

³¹ *HÍ*. Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. Samþykkt á 13. háskóla-fundi 21. maí 2004.

³² Aukningin er í raun ekki alveg svo mikil. Lagadeild var með fimm ára nám til cand. jur.-prófs en þegar því var skipt upp í BA- og MA-próf fluttist hluti námsins yfir í framhaldsnám. Viðskiptafræðin hafði verið með fjögurra ára cand. oecon.-nám þegar því var skipt upp í þriggja ára grunnnám og tveggja ára framhaldsnám; þurfti í raun aðeins að bæta við einu námsári. Sama átti við um nám í verkfræði sem verið hafði fjögur ár en varð þrjú plús tvö.

³³ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 13.

³⁴ *Vef*. *HÍ*. Skráðir framhaldsnemar frá 2000. – *Tölvupóstur*. Pétur Ástvaldsson, verkefnisstjóri Miðstöðvar framhaldsnáms 22.12.2010.

³⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 233. – Anna Ólafsdóttir, „Læra háskólanemar „list hinnar fræðilegu hugsunar“?“, 13.



Kristín Ingólfssdóttir rektor lagði áherslu á þátt atvinnulífsins þegar hún sagði í brautskráningarræðu hinn 24. febrúar 2007: „Undanfarin ár hefur atvinnulífið – framleiðslufyrirtæki, fjármálafyrirtæki, þjónustufyrirtæki, rannsóknar- og nýsköpunarfyrirtæki – gert vaxandi kröfur og því er mikil áhersla á uppbyggingu doktorsnáms við háskóla um allan heim.“³⁶ Könnun sem gerð var meðal nemenda í MA-/MS-námi við Háskóla Íslands vormisserið 2007 sýndi að áhugi nemenda á hagnýtingu rannsóknarverkefna var jafnframt mismunandi eftir deildum: „Megin niðurstaðan er því sú að svo virðist sem nemendur sem stunda framhaldsnám í deildum sem bjóða upp á hagnýtt nám (viðskipta- og hagfræðideild, lagadeild og verkfræðideild) leggi minni áherslu á þátttöku í rannsóknum en nemendur annarra deilda en leggi að sama skapi meiri áherslu á að fá tækifæri til að vinna raunverkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir en nemendur annarra deilda.“³⁷

Tafla III.2 sýnir fjölda skráðra og brautskráðra meistaranema og doktorsnema eftir deildum á árunum 1990–2008.

4. Doktorsnám

Háskóladeildir höfðu frá upphafi Háskóla Íslands rétt til að veita doktorsnafnbót að undangenginni doktorsvörn. Þær settu framlagðar ritgerðir í hendur dómnefnda sem sagði á þeim kost og löst, og síðan ákvað deildarfundur hvort ritgerð væri tæk til varnar.³⁸ Allir sem vörðu doktorsritgerðir við Háskóla Íslands til ársins 1997 höfðu unnið að rannsóknum sínum og ritsmíðum á eigin vegum, sumir þó á síðari árum í nánnum tengslum við Háskóla Íslands, og snúid sér síðan til skólans með beiðni um að fá að verja ritgerðina.

Páll Eggert Ólason lögfræðingur var fyrstur til að verja doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Árið 1919 varði hann við Heimspekideild bók sína um Jón biskup Arason.³⁹ Frá upphafi til ársloka 1989 höfðu 66 manns lokið doktorsprófi frá skólanum, eða innan við einn maður á ári. Þar af var aðeins ein kona, Selma Jónsdóttir listfræðingur, sem varði árið 1960 ritgerð um tréskurðarmynd norðan úr Skagafirði.⁴⁰ Meirihluti þeirra sem óskuðu eftir að fá að verja ritgerð við skólann lagði fram ritgerð við Heimspekideild (27) og Læknadeild (26). Til ársins 1990 höfðu verið varin við skólann sex rit á sviði lögfræði og þrjú á sviði guðfræði, en færri voru úr öðrum deildum. Það lætur nærri að einn lögfræðingur hafi varið doktorsrit á áratug og um 25 ár hafi liðið á milli þess sem guðfræðingur vörðu

³⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 252.

³⁷ Þórhallur Guðlaugsson, „Hafa nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi áhuga á rannsóknum?“, 528.

³⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 53.

³⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og mennir síðskiptaaldarinnar á Íslandi I*.

⁴⁰ Selma Jónsdóttir, *Byzönsk dómsdagsmynd í Flataungu*.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

Tafla III.2 Stúdentar í meistara- og doktorsnámi 1990–2008 eftir deildum

Ár	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Guðfræðideild	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Læknadeild	0	2	1	5	8	15	21	25	49
Lagadeild	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskipta- og hagfræðideild	0	0	0	0	10	9	13	27	47
Heimspedeild	12	24	29	49	116	98	86	109	113
Tannlæknadeild	0	0	0	0	0	1	1	1	1
Verkfræðideild	0	5	6	4	7	7	4	9	13
Raunvísindadeild	4	2	5	10	23	34	32	59	78
Félagsvísindadeild	0	0	0	0	4	6	17	42	49
Lyfjafræðideild*	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hjúkrunarfræðideild	0	0	0	0	0	0	0	0	8
Sjávarútvegsfræði**	0	0	0	0	0	8	7	7	7
Umhverfisfræði**	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls skráðir	16	33	41	68	168	178	181	280	366

* Lyfjafræði taldist til læknadeildar.

** Eru ýmist skráðir í Félagsvísindadeild, Viðskipta- og hagfræðideild, Raunvísindadeild eða Verkfræðideild.
Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1990–2008 og Nemendaskrá.

Tafla III.3 Brautskráðir úr meistara- og doktorsnámi 1990–2008 eftir deildum

Ár	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Guðfræðideild	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Læknadeild	0	0	0	0	1	0	2	7	2
Lagadeild	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskipta- og hagfræðideild	0	0	0	0	1	5	2	6	7
Heimspedeild	7	10	10	7	14	11	21	10	12
Tannlæknadeild	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Verkfræðideild	0	1	0	1	4	5	7	6	2
Raunvísindadeild	1	1	3	0	8	3	16	15	14
Félagsvísindadeild	0	0	0	0	0	1	3	2	3
Lyfjafræðideild*	0	0	0	0	0	0	0	1	0
Hjúkrunarfræðideild	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sjávarútvegsfræði**	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Alls brautskráðir	8	11	13	8	28	25	51	49	40

* Lyfjafræði taldist til Læknadeildar.

** Eru ýmist skráðir í Félagsvísindadeild, Viðskipta- og hagfræðideild, Raunvísindadeild eða Verkfræðideild.
Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1990–2008 og Nemendaskrá.

1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
3	6	9	10	14	13	16	19	18	15
60	55	64	74	82	92	97	100	148	167
0	0	2	1	5	8	36	114	178	221
77	119	137	274	316	323	460	478	635	811
121	120	133	189	216	235	249	310	362	372
1	3	2	2	3	4	3	1	2	1
32	58	84	100	117	148	140	205	246	257
96	93	95	109	132	167	174	216	250	279
59	81	142	164	288	393	553	555	564	692
0	3	4	8	10	8	9	6	61	62
14	17	30	53	56	57	63	61	87	65
9									
24									
496	550	702	984	1239	1448	1800	2065	2551	2942

1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	0	2	0	1	1	2	5	1
9	9	7	7	10	18	15	21	17	23
0	0	0	1	0	1	5	2	23	48
10	12	17	69	33	102	50	107	124	126
19	15	16	21	25	39	34	32	39	51
1	0	0	0	0	0	2	1	0	0
5	13	12	22	17	20	40	26	59	58
17	26	20	21	28	26	32	28	42	47
9	10	20	34	32	34	66	93	90	110
0	1	0	0	1	4	1	6	15	21
0	3	4	15	15	14	18	19	13	7
2	0	0	0						
72	89	96	192	161	259	264	337	427	492

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

doktorsritgerðir. Frá upphafi til loka árs 2009 höfðu 214 einstaklingar varið doktorsritgerðir við skólann eða 148 frá því fyrstu reglugerðirnar um námsdoktora voru staðfestar.

Skömmu fyrir 1990 var alvarlega farið að ræða þörfina fyrir að koma upp skipulögðu doktorsnámi við Háskóla Íslands, enda grundvallareining í starfi rannsóknarháskóla.⁴¹ Ef efla ætti rannsóknir við skólann lá beint við að koma á doktorsnámi og styrkja það í hvívetna. Í lok apríl 1989 var haldin ráðstefna ungra fræðimanna um íslenskar fornbókmenntir. Að henni lokinni sagði einn ráðstefnugesta: „Með ráðstefnunni vekjum við einnig athygli á aðstöðuleysi þessa fólks. Það er ekki hægt að ljúka doktorsnámi hér í þessum fræðum.“⁴² Í leiðara í Nýju helgarblaði var tekið í sama streng: „Það gefur auga leið að hvergi á að vera hægt að stunda íslensk fræði eins vel og hér á Íslandi. Þau eiga að vera kjarni Háskólans og senda frá sér öldur áhrifa í allar áttir.“⁴³ Heimspekideild samþykkti hinn 19. maí 1989 breytingar á reglugerð um doktorsnám, og hinn 22. júní 1989 lagði Læknadeild fram tillögu í háskólaráði til breytingar á reglugerð sem heimilaði doktorsnám.⁴⁴ Háskólaráð samþykkti hinn 8. febrúar 1990 breytingar á reglugerð sem heimilaði skipulagt doktorsnám. Þar segir: „Háskóladeild er heimilt að skipuleggja doktorsnám í einstökum kennslugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari um nám í viðkomandi deild. Doktorsnámi lýkur með doktorsprófi.“⁴⁵ Með þessu var frekari forsendum skotið undir rannsóknarnám og rannsóknir við Háskóla Íslands.

Fyrstur til að verja doktorsritgerð við Verkfræðideild Háskólans var Páll Valdimarsson, síðar prófessor, árið 1993. Páll rannsaði hegðun hitaveitna og gerð hermílkana af þeim í samvinnu við Hitaveitu Akureyrar með styrk frá Rannsóknaráði og Vísindasjóði og í nánú samráði við Verkfræðideild Háskólans.⁴⁶ Samvinna doktorsnema og aðila utan skólans átti síðar eftir að verða algengari.

Fyrst til að ljúka skipulögðu doktorsnámi frá Háskóla Íslands undir handleiðslu leiðbeinanda skólans, eftirliti doktorsnefndar og samkvæmt nýjum reglum skólans um doktorsnám var Hafrún Friðriksdóttir sem lauk námi í lyfjafræði 8. febrúar 1997. Hún innritaði sig um leið og boðið var upp á skipulagt doktorsnám í lyfjafræði veturinn 1994–95. Hafrún var jafnframt önnur konan til að verja doktorsritgerð við skólann, en árið 1997 léku konur aðalhlutverkið á sviði doktorsvarna því þá brautskráðust fjórar konur með

⁴¹ Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon, „Háskólarannsóknir á tímum kreppu og doktorsnám á Íslandi“, 22.

⁴² *DV* 28. apríl 1989. Viðtal við Gísla Sigurðsson bókmenntafræðing.

⁴³ *Þjóðviljinn* 28. apríl 1989, 10.

⁴⁴ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 22. júní 1989. – Höskuldur Þráinsson, „Um nýskipan íslensku-náms í Háskólanum“, 12.

⁴⁵ *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 8. feb. 1990. Sjá Tillögur um breytingar á reglugerð vegna nýskipunar náms í íslensku, sagnfræði o.fl. samþykktar á fundi heimspekideildar 19.05.1989.

⁴⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 575.

doktorspróf en enginn karlmaður. Tímar kvenna í doktorsvörnum voru að renna upp. Ólína Þorvarðardóttir var fyrst til að ljúka doktorsprófi samkvæmt fyrirkomulagi námsdoktora í Heimspekideild þar sem nemandi fór í gegnum skipulagt nám og skrifaði ritgerð undir handleiðslu leiðbeinanda og doktorsnefndar. Ólína varði ritgerð sína, *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum*, 28. apríl 2000. Félagsvísindadeild útskrifaði sinn fyrsta doktor árið 2001 þegar Árelía Eydís Guðmundsdóttir varði ritgerð um íslenskan vinnumarkað á umbrotatímum, og Helga Kristjánsdóttir varð fyrst til að brautskrást með doktorspróf frá Viðskipta- og hagfræðideild árið 2004 þegar hún varði ritgerðina *Gangráðar útlutnings og beinnar erlendar fjárfestingar í smáu, opnu hagkerfi*. Frá árinu 2002 átti Raunvísindadeild eftir að veita öðrum deildum harða samkeppni um fjölda brautskráðra doktora.⁴⁷ Skipulagt doktorsnám hófst við Lagadeild árið 2004 og brautskráðist Færeyingurinn Kári á Rógvi fimm árum síðar. Fjöldi brautskráðra doktora var á bilinu enginn til fjórir á ári allt til ársins 2000 þegar fimm doktorar vorðu ritgerðir við skólann. Eftir það hefur doktorum fjölgað jafnt og þétt, og brautskráðust 36 doktorar árið 2010 frá skólanum. Eitt af því sem talið er einkenna rannsóknarháskóla er að hann brautskrái árlega að minnsta kosti tíu doktora að lágmarki af þremur fræðasviðum.⁴⁸ Háskóli Íslands útskrifaði níu doktora úr fjórum deildum árið 2003, og árið 2004 voru brautskráðir tíu doktorar úr fjórum deildum.

5. Ástæður fyrir fjölgun doktora

Margar ástæður voru fyrir eflingu doktorsnáms við Háskóla Íslands í lok níunda áratugar 20. aldar. Brautskráðum nemendum skólans fjölgaði almennt. Samkeppni á vinnumarkaði hér á landi og erlendis hjá þeim sem þegar voru með háskólamenntun jókst. Fleiri fræðigreinar voru að ná þeim þroska og þeim fjölda vísindamanna að það kallaði á aukna virkni og meiri sérhæfingu. Kennsla í læknisfræði miðaðist til dæmis í fyrstu eingöngu við að mennta kandi til að sinna almennum lækningum í héraði og heimilislækningum. Síðar tók námið að miða æ meira að því að búa menn undir framhaldsnám til sérfræðistarfa, sem oftast fór fram erlendis.⁴⁹ Merkja mátti vaxandi ásókn í styrki úr Vísindasjóði Íslands og Rannsóknasjóði Háskólans til vísindalegra rannsóknarverkefna. Skólagjöld voru lögð á erlenda námsmenn í Bretlandi árið 1979, og þau fóru almennt hækkandi í Bandaríkjunum. Þótt Lánasjóður íslenskra




Doktorsvörn í lyfjafræði 8. febrúar 1997. Hafrún Friðriksdóttir ver ritgerð sína, Polymer Enhancement of Cyclodextrin Complexation: in vivo and in vitro observations.

⁴⁷ Magnús Guðmundsson, „Doktorspróf í hraðri sókn“, 4–5.

⁴⁸ HÍ. Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. „Samkvæmt skilgreiningu Carnegie-stofnunarinnar í Bandaríkjunum er rannsóknarháskóli (*university*) háskóli sem útskrifar a.m.k. 10 doktora á a.m.k. þremur fræðasviðum á ári.“

⁴⁹ Þórður Kristinsson, *Innsýn í deildir og stofnanir Háskóla Íslands*, 14.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS



Fjöldi doktora frá Háskóla Íslands frá upphafi til 2005. Mynd úr Háskólafréttum 2005.

námsmanna hafi lánað fyrir skólagjöldum í framhaldsnámi erlendis hafa margir námsmenn hikað við að taka há lán til margra ára fyrir skólagjöldum án þess að vita hvort slík fjárfesting skilaði sér til baka í hærri launum eða tryggari störfum síðar á lífsleiðinni. Fjöldi Íslendinga hefur þegið námsstyrki til doktorsnáms við erlenda skóla, en ekki var sjálfgefið að íslenskir námsmenn hefðu aðgang að doktorsstyrkjum í löndum þar sem þeir stunduðu nám. Við erlenda háskóla var samkeppni um doktorsstyrki, en þó hafa um 54 Íslendingar lokið doktorsnámi árlega við erlenda skóla sl. 20 ár.⁵⁰

Ein helsta ástæðan fyrir eflingu doktorsnáms við Háskólann var vissa fræðimanna við skólann um að slíkt nám og rannsóknir sem því fylgja yrðu lyftistöng fyrir skólann sjálfan og samfélagið allt. Þarna var einnig verið að svara kalli efnilegra stúdenta sem vildu halda áfram námi hér á landi. Þetta kemur ekki síst fram síðar þegar farið er að reka áróður fyrir eflingu doktorsnámsins.

Háskóli Íslands er þó enn töluvert á eftir meðaltali norrænna háskóla. Árið 2005 brautskráðust 14 doktorar frá Háskóla Íslands en að jafnaði 64 frá öðrum norrænum háskólum.⁵¹ Sett var stefna á

⁵⁰ Vef: Lbs. Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga.

⁵¹ Háskóli Íslands. Stjórn-sýsluúttekt, 5.

að brautskrá að minnsta kosti 65 doktora frá Háskóla Íslands á aldarafmæli hans árið 2011. Rík hefð hefur verið fyrir því meðal Íslendinga að taka doktorspróf erlendis, sbr. tölur um það í töflu III.4. Ef fjöldi þeirra sem ljúka doktorsprófi erlendis og á Íslandi er hins vegar lagður saman fæst tala sem er nálægt meðaltali fjölda doktora í öðrum löndum.⁵²

Íslendingar sem lokið hafa doktorsnámi erlendis hafa ýmist lokið fyrrihlutanámi við háskóla á Íslandi eða lagt stund á háskólanám sitt alfarið í útlöndum og eru brautskráðir þaðan. Stöku útlendingar eru inni í tölum um brautskráða doktora frá Háskóla Íslands, og hefur þeim farið fjölgandi síðastliðin ár enda kapp lagt á að fá góða erlenda námsmenn til framhaldsnáms við skólann. Af 511 doktorsnemunum sem voru skráðir til náms í árslok 2010 voru 105 erlendir námsmenn frá 36 löndum.⁵³ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áætlaði þörf fyrir brautskráða doktora í Evrópu á árunum 2003–10 um 700.000 til að standast samkeppni við Bandaríkin og Asíu. „Miðað við höfðatölu þyrfti íslenskt atvinnulíf og íslenskt þekkingarsamfélag á 550 útskrifuðum doktorum að halda á sama tímabili, frá íslenskum og erlendum háskólum.“⁵⁴ Á átta ára tímabili, á árunum 2000–07 brautskráðust um 540 íslenskir doktorar frá íslenskum og erlendum háskólum, sem var nálægt markinu, ef áætlað er að Íslendingar sem ljúka námi erlendis komi til starfa á Íslandi að námi loknu eins og oft hefur verið raunin.⁵⁵

Úr hópi þeirra Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi við erlenda háskóla kemur stór hluti kennara við Háskóla Íslands. Nokkuð er mismunandi eftir deildum hversu margir kennarar hafa lokið doktorsprófi, en flestir hafa á umliðnum áratugum lokið námi erlendis. Það hefur jafnan verið talinn kostur við Háskóla Íslands hversu víða kennararnir hafa numið og starfað.

Samkvæmt lögum og reglugerð voru samþykktar í háskólaráði árið 1932 reglur um framkvæmd doktorsvarna. Þær tóku mið af reglum frá háskólanum í Kaupmannahöfn.⁵⁶ Samkvæmt þeim var heimilt að doktorsvörn stæði í allt að sex klukkustundir, en hin síðari ár hefur komist venja á að doktorsvarnir taki um eða innan við tvær klukkustundir.

Ekki eru dæmi um að doktorsefni hafi fallið á prófinu þegar komið var til varnar í athöfn á sal. Hins vegar er alltaf eitthvað um það að mönnum sé neitað um að verja ritgerðir til doktorsprófs. Þær eru þá ekki taldar uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra ritsmíða. Dæmi eru um að spunnist hafi af þessu blaðamál og ritdeilur, þó



Íðunn með eplin. Mynd á hring sem heiðursdoktorar eru sæmdir.

⁵² Vef. Lbs. Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga. – *Árbók Háskóla Íslands* 1990–2010. – Vef.

Rannís. Doktorsmenntun Íslendinga. – Vef. Hagstofa Íslands. Doktorsvarnir Íslendinga eftir námslandi. Hérna þarf að draga frá fjölda útlendinga við HÍ. Augljóst virðist að Íslendingar erlendis eru vantaldir 2006–10.

⁵³ *Tölvupóstur*. Pétur Ástvaldsson verkefnisstjóri, Miðstöð framhaldsnáms 22.12.2010.

⁵⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 252.

⁵⁵ *Stefna Háskóla Íslands* 2006–2011, 13.

⁵⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1931–32, 52–54. Bekenttgörelse. Konsistorium den 21. november 1927. Síðar setti hver deild reglur um doktorsvarnir sem tóku mið af framkvæmd doktorsvarna sem skrifstofa rektors hafði umsjón með.



Doktorsvörn í Læknadeild 9. október 2009. Stefán Ragnar Jónsson ver ritgerðina The Antiretroviral APOBEC3 Proteins of Artiodactyls.

sjaldnast komist slíkt mat í hámmæli.⁵⁷ Mennt verða seint á einu máli um það hvenær tiltekið ritverk hefur náð þeim gæðum að það fullnægi kröfum um doktorsverkefni. „Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnis til viðkomandi vísindagreinar“, eins og sagði í reglugerð um doktorsritgerðir í Heimspekideild 1989. Ummæli dómnefndarmanna hafa jafnvel verið dæmd dauð og ómerk þegar þeir hafa þótt taka of djúpt í árinna í gagnrýni sinni á ritverkin. Þannig fékk Eiríkur Jónsson dæmd dauð og ómerk ummæli sem viðhöfð voru um ritverk hans, *Rætur Íslandsklukkunnar*, sem hann lagði fram til varnar við Heimspekideild en var hafnað. Vilmundur Jónsson landlæknir lagði fram í Læknadeild til doktorsvarnar ritgerðina *Lækningar – Curationes – séra Þorkels Arngrímssonar sóknarprests í Görðum á Álftanesi*. Þegar Vilmundur hafði fengið samþykki deildarinnar upp á vasann lét hann þá viðurkenningu nægja og kaus að verja ritgerðina ekki.⁵⁸ Í tilefni sjötugsafmælis Vilmundar 1959 var hann síðan gerður að heiðursdoktor frá Læknadeild Háskóla Íslands.⁵⁹ Fyrstur til að hljóta heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands var Björn M. Ólsen, fyrsti rektor skólans, sem hlotnaðist sú viðurkenning hinn 17. júní 1918 þegar hann lét af prófessorsembætti. Heiðursdoktorsskjalinu fylgdi gullhringur frá samkennurum, með mynd af Iðunni með eplin. Mótið er geymt hjá Háskólanum. Þeir sem ljúka doktorsprófi geta látið útbúa slíkan hring fyrir sig, en ekki hefur verið mikið um það. Frá árinu 1990 til ársloka árið 2010 hefur 64 sinnum verið veitt heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands.⁶⁰

6. Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms

Kennslumálanefnd og vísindanefnd unnu með háskólaráði og kennsludeildum við að samræma reglur og hvetja deildir til dáða við uppbyggingu framhaldsnámsins eins og áður hefur verið rakið. Veturinn 1994–95 tók kennslumálanefnd fyrir reglur um rannsóknar- og doktorsnám í deildum skólans. „Deildir voru misvel á veg komnar með að setja saman slíkar reglur, og ljóst var, að þörf væri á að samræma þær.“⁶¹ Árið 1996 höfðu allar deildir nema Guðfræðideild og Lagadeild fengið heimild háskólaráðs til að kenna til meistaraþrófs. Þessar tvær deildir héldu ennþá í fimm ára embættispróf sín en höfðu þá þegar aflað sér heimildar til að brautskrá doktora. Á þeim tíma höfðu Félagsvísindadeild og Raunvísindadeild ekki aflað sér heimildar til að veita leiðsögn til doktorsþrófs, en þess var þó ekki

⁵⁷ *Morgunblaðið* 8. júlí 2009, 13. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur, sem reyndar hefur doktorspróf frá háskóla í Bandaríkjunum, lagði fram annað rit við Háskóla Íslands og vildi fá að verja en var synjað.

⁵⁸ *Viðtal*. Þórhallur Vilmundarson, prófessor emeritus 15.02.2010.

⁵⁹ *HÍ*. Gjörðabók Læknadeildar III, 103. – *Viðtal*. Ólafur Þorsteinsson viðskiptafræðingur 20.08.2009.

⁶⁰ Magnús Guðmundsson, „Heiðursdoktorar við Háskóla Íslands“, 8–9. – *Tölvupóstur*. Áslaug J. Marinósdóttir verkefnisstjóri 8.08.2011.

⁶¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 323.

Tafla III.4 Fjöldi doktora frá Háskóla Íslands og íslenskra doktora frá erlendum háskólum 1990–2010

	Doktorspróf erlendis			Doktorspróf frá Háskóla Íslands			Alls
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
1990	40	13	53	1		1	54
1991	33	20	53			0	53
1992	50	13	63	3		3	66
1993	35	11	46	4		4	50
1994	47	10	57			0	57
1995	35	16	51	3		3	54
1996	33	18	51	1		1	52
1997	35	17	52		4	4	56
1998	26	22	48	3		3	51
1999	26	21	47	3		3	50
2000	39	23	62	2	3	5	67
2001	39	29	68	2	2	4	72
2002	33	30	63	3	3	6	69
2003	38	28	66	7	2	9	75
2004	32	22	54	5	5	10	64
2005	33	31	64	6	8	14	78
2006	19	28	47	7	8	15	62
2007	25	18	43	5	6	11	54
2008	16	14	30	14	6	20	50
2009	11	12	23	14	18	32	55
2010				21	15	36	36
Alls	645	396	1041	104	80	184	1225

Heimildir: Vef. Lbs. Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga. – *Árbók Háskóla Íslands* 1990–2010. – Vef. Rannís. Doktorsmenntun Íslendinga. – Vef. Hagstofa Íslands. Doktorsvarnir Íslendinga eftir námslandi. Tölur fyrir 2010 erlendis liggja ekki fyrir og eru sennilega of lágar fyrir árin 2008–09.

langt að bíða.⁶² Hinn 26. september 1996 lagði vísindanefnd fram álitserð í háskólaráði um skipulag rannsóknarnáms og taldi að allar deildir skólans ættu að hafa heimild til að veita leiðsögn til doktorsprófs.⁶³

Með lögum um Háskóla Íslands frá árinu 1999 og reglum frá árinu 2000 var endurnýjaður almennur lagarammi um framhaldsnám við skólann.⁶⁴ Nánari ákvæði voru síðan sett í sérreglur um hverja deild, og höfðu allar deildir sett sér slíkar reglur sem háskólaráð hafði staðfest árið 2003. Háskólaráð setti síðan reglur um doktorsvarnir. Reyndar var doktorsnám í boði í öllum deildum nema hjúkrunarfræði þegar árið 2000.⁶⁵ Í upphafi árs 2004 samþykkti háskóla-

⁶² *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 26. sept. 1996. Álitserð vísindanefndar um skipulag rannsóknarnáms frá 24. sept. 1996.

⁶³ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 323.

⁶⁴ Vef. Alþingi. Lög nr. 41/1999, gr. 15. – Vef. *HÍ*. Reglur nr. 458/2000 VI. kafli.

⁶⁵ *HÍ*. Framhaldsnám við Háskóla Íslands. Áætlun til ársins 2005.

ráð að hafið yrði doktorsnám við Hjúkrunarfræðideild, og að hausti sama ár hóf fyrsti doktorsneminn nám við deildina.⁶⁶ Vorið 2003 skipaði háskólarektor nefnd til að setja fram viðmið og kröfur um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Háskólinn undirritaði jafnframt samning við Menntamálaráðuneytið hinn 19. desember 2003 sem kvað meðal annars á um gæði meistara- og doktorsnáms sem byggt skyldi á alþjóðlegum viðmiðum.⁶⁷ Hópurinn skilaði af sér þessum viðmiðum og kröfum hinn 21. maí 2004. Viðmið hópsins voru samþykkt á háskólafundi, en þar er meðal annars kveðið á um faglegar kröfur til leiðbeinenda, doktorsnefnda og skipulagseininga og fleiri þætti. „Tók einn fundarmaður svo sterkt til orða að þessi stefnumörkun markaði tímamót í sögu Háskóla Íslands því gæðaviðmiðin væru fyllilega sambærileg við það sem þekktist við viðurkennda erlenda rannsóknarháskóla.“⁶⁸ Á árinu 2009 hlaut Háskólinn, að undangengnu faglegu mati erlendra sérfræðinga, einn íslenskra háskóla fulla viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins fyrir öll fræðasvið sín og heimild til að bjóða upp á doktorsnám á þeim öllum.⁶⁹

Til að gera framhaldsnámið sem best úr garði hóf Háskóli Íslands að leita eftir samstarfi við rannsóknarháskóla erlendis. Við uppbyggingu á meistara- og doktorsnámi í lýðheilsuvísindum var til dæmis tekið upp samstarf við Karolinska Institutet í Stokkhólmi og Harvardháskóla í Bandaríkjunum. Verkfræðideild tók upp samstarf við MIT, Massachusetts Institute of Technology um kennslu í verkefnisstjórn. Meistaránám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði í Hjúkrunarfræðideild var kennt í samvinnu við háskólann í Minnesota. Viðskipta- og hagfræðideild bauð í samvinnu við Harvardháskóla upp á námskeið fyrir meistaránema um samkeppnishæfni. Með aðstoð Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins gátu nemendur auk þess tekið hluta af framhaldsnámi við þekktu erlenda háskóla og fengið það metið inn í lokapróf frá Háskóla Íslands.⁷⁰

7. Nýsköpunarsjóður námsmanna

Á fundi Stúdentaráðs Háskóla Íslands hinn 1. júní 1992 kom fram hugmynd um stofnun sjóðs sem gæfi námsmönnum kost á að starfa að rannsóknarverkefnum yfir sumartímamann. Hann fékk heitið Nýsköpunarsjóður námsmanna. Sjóðurinn „var hugsaður sem mótleikur gegn erfiðu efnahagslegu umhverfi, atvinnuleysi og stöðnun í þjóðarframleiðslu“.⁷¹ Hugmyndinni var strax vel tekið, og innan mánaðar

⁶⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 107.

⁶⁷ HÍ. HI04010012. Samningur um kennslu 19. des. 2003.

⁶⁸ *Vef. HÍ*. 13. háskólafundur 21. maí 2004.

⁶⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 7.

⁷⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 251.

⁷¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1992–93, 21.

hafði þáverandi ríkisstjórn lagt 10 milljónir króna í sjóðinn, og 67 stúdentar fengu þá um sumarið vinnu við liðlega 50 verkefni. Markmið sjóðsins var að „gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni“.⁷² Sökum góðrar reynslu hefur sjóðurinn verið efldur ár frá ári og var færður frá Félagssstofnun stúdenta til Rannís árið 2008, enda ekki bundinn við stúdenta Háskóla Íslands. Hundruð námsmanna hafa hlotið stuðning sjóðsins árlega, unnið margvísleg hagnýt verkefni og þjálfast í rannsóknarstörfum. Forráðamenn margra fyrirtækja og stofnana segja sjóðinn vera einhvern besta fjárfestingarsjóð sem völ sé á, enda koma margir kappsamir stúdentar þar til starfa og vinna að metnaðarfullum verkefnum. Liðlega 350 stúdentar fengu styrk úr sjóðnum árið 2010 af um 600 umsóknum, og var um helmingur þeirra úr Háskóla Íslands.⁷³ Á sama tíma var margfalt hærri upphæðum veitt í atvinnuleysisbætur. Frá árinu 1996 hefur forseti Íslands veitt nýsköpunarverðlaun úr sjóðnum þeim námsmanni sem hefur unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis. Auk þess eru veittar viðurkenningar fyrir fleiri verkefni árlega, og hundruð þeirra hafa verið hagnýt í atvinnulífnum, jafnvel stofnuð sérstök fyrirtæki í kringum þau og sótt um einkaleyfi. Árið 2000 hlaut til dæmis Hrafnkell Eiríksson nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði verðlaun fyrir verkefni sitt, Myndmat á æðum augnbotna,⁷⁴ en leiðbeinendur Hrafnkels voru prófessorarnir Jón Atli Benediktsson og Einar Stefánsson. Leiðbeinendurnir héldu samstarfi sínu áfram sem m.a. leiddi til stofnunar fyrirtækisins Oxymap árið 2006.⁷⁵ Fyrirtækið þróaði tæki og forrit sem geta metið blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu. Tæknin nýtist við meðhöndlun á sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja- og leysimeðferðar.⁷⁶ Árið 2009 veitti Oxymap Háskólanum styrk til að ráða sérfræðing við Læknadeild til að vinna að rannsóknum á sviði súrefnismælinga í samvinnu við fyrirtækið, en þá þegar hafði Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ásamt öðrum gerst hluthafi í fyrirtækinu.⁷⁷ Sumarið 2010 fengu Þjóðminjasafnið og forsetaembættið, með tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna, Önnu Rut Guðmundsdóttur, meistaranema í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, til að útbúa kynningarefni um Bessastaðakjallara, en á árunum 1987–96 fór fram fornleifauppgröftur á staðnum, og hefur hinn sögufrægi kjallari verið opnaður til

⁷² Vef. Rannís. Nýsköpunarsjóður námsmanna.

⁷³ *Tölvupóstur*. Guðný Hallgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís 13.12.2010.

⁷⁴ Vef. Rannís. Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands.

⁷⁵ Vef. Oxymap, nýsköpunarfyrirtæki.

⁷⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 290.

⁷⁷ Vef. HÍ. Nýsköpunarfyrirtækið Oxymap í samstarf við læknadeild 26.01.2010.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

Árið 2009 fengu verkfræðinernarnir Bjarki Már Elíasson og Andri Yngvason og sjúkrahjálfarinn Jóna Guðný Arthúrsdóttir nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir gönguhermi sem getur nýst fötludum við líkamsæfingar. Elías Ásgeir Jóhannsson, til hægri, faðir Bjarka Má, tók við verðlaununum fyrir hönd sonar síns.



sýninga fyrir gesti. Anna Rut sagði að verkinu loknu: „Verkefnið gaf mér gullið tækifæri til að nýta menntun mína við skapandi starf sem skilaði hagnýtri niðurstöðu.“⁷⁸

⁷⁸ *Viðtal*. Anna Rut Guðmundsdóttir meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun 15.12.2010.

⁷⁹ Friðrik H. Jónsson, Einar Mar Þórðarson og Pétur Maack Þorsteinsson, *Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands*, 22.

⁸⁰ *HÍ*. Könnun á meðal skráðra nemenda Háskóla Íslands sem hætt hafa námi, 4.

⁸¹ Friðrik H. Jónsson, Einar Mar Þórðarson og Pétur Maack Þorsteinsson, *Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands*, 25–26.

⁸² Þorvaldur Gylfason, „Reiknilíkanið og framtíð Háskólans“, 25.

⁸³ *Dagbækur háskólastudenta*, 53.

8. Lánasjóður námsmanna

Margir stúdentar kjósa að vinna fyrir sér samhliða námi og taka ekki námslán sem borga þarf til baka verðtryggt með vöxtum. Árið 1993 sagðist um 51% brautskráðra hafa stundað vinnu með námi, en hlutfallið var komið upp í 70% árið 2001.⁷⁹ Námsárið 2006–07 tóku rúmlega 20% stúdenta námslán á fyrsta námsári sínu við Háskólann.⁸⁰ Þeir sem búa í foreldrahúsum og njóta stuðnings foreldra eru betur settir. Mikil vinna með námi getur dregið úr námsafköstum.⁸¹ Einnig hefur verið bent á að vinna með námi geti verið „vottur um minni námskröfur en áður“.⁸² Aðrir virðast nauðbeygðir til að vinna og þannig komst 26 ára íslenskustúdent að orði 2001: „Engin aukavinna þennan daginn eins og marga aðra. Það er skammarlegt að geta ekki lifað af því eingöngu að vera stúdent í fullu starfi árið 2001 í landi sem telur (a.m.k. á hátíðastundum) menntun vera lykil að framtíðinni.“⁸³ Sumir stúdentar telja að lánveitingar Lánasjóðsins séu svo naumt skammtaðar að þær séu ekki fullnægjandi, eða svo taldi 22 ára námsmaður með eitt barn og maka í námi. „Námsláanin duga okkur ekki til framfærslu þannig að hann tekur að sér húsvarðarstarf í íþróttahúsi sem er alltaf fjögur kvöld í





Endurgreiðsla námslána er stúdentum sífellt áhyggjuefni. Myndin birtist með grein í Stúdentablaðinu í apríl 1995.

viku. Þar er hann með skrifstofu til að læra í, því hann þarf bara að vera þarna til að hafa umsjón með mætingu og frágangi. Þarna getur hann lært sem að er mjög gott en þreytandi til lengdar.⁸⁴ Faðirinn varð af samneyti við barn sitt fjögur kvöld í viku til þess að láta enda ná saman. Hann gat að nokkru stundað nám og vinnu samhliða. Með hækkandi tekjum lækka hins vegar námslánin, og stúdentar geta lent í víthring. Árið 2010 voru atvinnuleysisbætur nokkru hærrí en námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Námsmanni voru ætlaðar um 120.000 kr. á mánuði í lán sem var um 37% af byrjunarlaunum lektors við Háskóla Íslands á sama tíma. Byrjunarlaun lektors í launaflokki 072 voru þá kr. 322.616 fyrir skatt.⁸⁵ Þá kölluðu stúdentar eftir breytingu á framfærslugrunni Lánasjóðs og hækkun á þeim tekjum sem námsmenn mega hafa áður en námslán fara að skerðast.⁸⁶ Barátta fyrir hagstæðari námslánnum hefur verið meginstef í hagsmunamálum stúdenta.⁸⁷ Námslán voru fyrst lána verðtryggð árið 1976, og skerpt var á endurgreiðslum síðar. Styrki hafa námsmenn helst hlotið frá Lánasjóðnum ef þeir ná ekki að greiða námslán sín að fullu til baka. Víða erlendis tókast hins vegar að allir háskólastúdentar eigi rétt á námsstyrkjum sem þeir geta þegið samhliða eða óháð námslánnum, ekki ósvipað því að fá barnabætur óháð tekjum. Hin síðari ár hefur verið komið upp sjóðum við Háskóla Íslands sem veita námsmönnum styrki til náms, en þeir eru aðeins fyrir hluta stúdenta í framhaldsnámi, eins og síðar verður greint frá.

9. Fjármögnun framhaldsnáms og rannsókna

Þegar Háskólinn hafði fengið rammafjárveitingar árið 1990 var strax farið að hugleiða hvernig greiða ætti fyrir aukin afköst í stað þess að

⁸⁴ *Dagbækur háskólastúdenta*, 37.

⁸⁵ *Víðtal*. Elísabet Þorsteinsdóttir, deildarstjóri starfsmannasviðs 21.09.2009.

⁸⁶ Raket Linda Hauksdóttir o.fl., „Opíð bréf til ráðherra“, 24.

⁸⁷ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1992–93, 8; 1996–97, 52.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

leggja áherslu á útlagðan kostnað. Það var í samræmi við stefnu stjórnvalda í Skandinavíu um að tengja fjárveitingar við árangur sem mældur var með svokölluðum árangursmælikvörðum. Tekið var tillit til virkra nemenda, og í fyrstu vógu þeir helming á móti stöðuheimildum. Í framhaldi af samningum um kennslu og rannsóknir við Menntamálaráðuneytið á árunum 1999–2007 var hvatt til dáða í kennslu og rannsóknum með deililíkani.⁸⁸ Þrír árangursmælikvarðar voru settir inn í deililíkanið til að efla rannsóknir og rannsóknarnám og voru hugsaðir sem hvati fyrir deildir og fræðasvið. Fyrsti hvatinn var að greiða sérstaklega fyrir fjölda brautskráðra stúdenta úr framhaldsnámi. Í upphafi var fyrirhugað að greiða 500.000 kr. fyrir hvern útskrifaðan meistaranema og 1.500.000 kr. fyrir hvern brautskráðan doktorsnema. Þessi viðbót var mjög hvetjandi í framhaldsnáminu eins og áður hefur verið greint frá. Upphæðir til greiðslu fyrir brautskráða stúdenta hækkuðu smám saman, og árið 2010 voru greiddar 550.000 kr. fyrir meistaranema og 2.750.000 kr. fyrir útskrifaðan doktor.

Annað keppikefli í deililíkaninu var greiðsla fyrir áunnin rannsóknarstig. Á grundvelli innlagðra ritverka reiknast sérhverjum akademískum starfsmanni rannsóknarstig. Fyrir hvert rannsóknarstig reiknaðist fræðasviði rúmlega 21.000 kr. Frá árinu 1999 til 2009 fjölgaði heildarrannsóknarstigum úr 8.906 í 16.203. Meðalfjöldi rannsóknarstiga á hvern fræðimann Háskóla Íslands á árunum 2005–09 voru 22–26 stig.⁸⁹ Á hverju ári fá tveir til þrjár starfsmenn yfir 100 rannsóknarstig, og dæmi er um að einn einstaklingur hafi eitt ár fengið meira en 200 rannsóknarstig. Ekki er ónýtt fyrir fræðasvið að hafa slíkan grjótpál innan sinna vébanda sem er næstum tíu manna maki í rannsóknum.⁹⁰ Hvatningargreiðslan rennur til fræðasviðs eða deildar eftir atvikum en ekki til einstaklinga, eins og greiðsla úr Vinnumatssjóði. Eins og um fleira sem lýtur að skiptingu fjár milli fræðasviða og deilda eru um þetta skiptar skoðanir.⁹¹

Þriðji hvati deililíkansins til að efla rannsóknir hefur verið að styrkja þau fræðasvið sem afla fjár með styrkjum frá utanaðkomandi aðilum. Ef framlög koma úr almennum sjóðum til rannsókna eða frá fyrirtækjum og stofnunum er bætt 10% við upphæðina frá Háskóla Íslands. Ef styrkja er aflað úr innlendum rannsóknarsjóðum kemur mótframlag frá Háskólanum upp á 40% og 60% ef fjárframlög berast úr erlendum rannsóknarsjóðum. Í deililíkani fjármálanefndar er einnig reynt að taka tillit til fleiri þátta, meðal annars þjóðlegra námsgreina eins og íslensku og fámennra greina eins og guðfræði

⁸⁸ HÍ. Málsnúmer: 99100014.

HÍ04010012.
HÍ07030001.

⁸⁹ Vef. HÍ. Rannsóknarstig Háskóla Íslands.

⁹⁰ *Viðtal*. Baldvin M. Zarióh, deildarstjóri á Vísindasviði 23.11. 2010.

⁹¹ Jón Steinsson, „Hvatt til meðalmennsku við Háskóla Íslands“, 24.

og tannlækninga.⁹² Fjárveiting til rannsókna í deililíkani ársins 2010 var 1.329 milljónir eða um 22% af fjárveitingu til fræðasviðanna. Eftirstöðvum er skipt á milli fræðasviða og eftir atvikum deilda á grundvelli þreyttra eininga.

Til þess að byggja upp rannsóknarháskóla þurfti auknar fjárveitingar umfram það sem fékkst með styrkjum úr rannsóknarsamningi skólans og Menntamálaráðuneytisins, Rannsóknarnámssjóði Rannís, og styrkjum sem kennarar öfluðu til rannsókna, þótt vissulega hafi munað um þann stuðning. Hér til viðbótar eru tundaðir þeir rannsóknartengdu sjóðir sem Háskólinn sjálfur hafði yfir að ráða eða kom á legg til að efla framhaldsnám og rannsóknir við skólann.

Rannsóknasjóður Háskólans hefur frá stofnun 1982 veitt kennurum og sérfræðingum Háskólans styrki til „vel skilgreindra verkefna, ef þau teljast hafa vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaradila“.⁹³ Í fyrstu greiddi Rannsóknasjóður fyrir ritsmíðar kennara, svo yfirvinnu kennara og sérfræðinga, auk annars kostnaðar. Smám saman þróuðust styrkveitingar yfir í að meirihluti fjárins fór til styrktar aðstoðarmönnum við rannsóknir í vel skilgreind verkefni. Á 75 ára afmæli Háskólans leitaði Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor eftir stuðningi Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra við „að gera þennan sjóð að raunverulegum rannsóknasjóði“. Tók hann vel í erindi rektors, og var sjóðurinn „stóraukinn“.⁹⁴ Þannig hefur sjóðurinn smám saman verið eflur til að gegna hlutverki sínu. Á árunum 1990–2009 hefur samtals verið úthlutað um 1.910 milljónum króna úr Rannsóknasjóði Háskólans, og hefur meirihluti fjárins farið í laun aðstoðarmanna eða nemenda í framhaldsnámi.⁹⁵

Aðstoðarmannasjóður var stofnaður árið 1996. Markmið hans var að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan námsmann sem aðstoðarmann við rannsóknir eða kennslu. Slíkir styrkir hafa lengi tíðkast við bandaríska háskóla og nefnast *teaching and research assistantships*. Þannig átti aðstoðarmaðurinn, sem oft var nemandi í framhaldsnámi, að þjálfast í faglegum vinnubrögðum og létta einfaldari verkum af kennara sínum. „Sjóðurinn er ekki síst tilkominn vegna frumkvæðis stúdenta.“⁹⁶ Áætlað var að styrkurinn nægði fyrir launum í tfu stundir á viku í 15 vikur á misseri. Frá árinu 1996 til 2009 hefur verið úthlutað 186 milljónum króna í styrki til aðstoðarmanna kennara, og er hlutfall þeirra sem fengið hafa þessa styrki jafnan hátt. Árið 2009 var umsjón með styrkjunum færð frá Vísindasviði og yfir til fræðasviða skólans.

⁹² HÍ. Fjárveitingalíkan Háskóla Íslands. – *Víðtal*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 1.12.2010.

⁹³ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs VIII, 4. mars 1982. – *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 78.

⁹⁴ *Einkaheimild*. Sigmundur Guðbjarnason, Áfangar við mótun vísinda- og tæknistefnu, 5.

⁹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 37; 2007, 8; 2008, 78. – *Fréttabréf Háskóla Íslands* XVI:5, 4. Upphæðin er á verðlagi hvers árs. – *Víðtöl* við starfsmenn Vísindasviðs, Halldór Jónsson sviðsstjóra og Sverri Guðmundsson, 17.12. 2010.

⁹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1998, 24.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

Styrktarsjóðir Háskólans styrkja ekki eingöngu rannsóknir innan stofnunarinnar. Meðal sjóða sem gera það ekki er Rannsóknarsjóður Listasafns Háskóla Íslands, stofnaður árið 1999 af Sverri Sigurdssyni, stofnanda safnsins. Sjóðnum er ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar og myndlistarsögu og forvörslu myndverka. Hér eru, fyrir miðju, tveir styrkþegar sjóðsins, Hrafnhildur Schram listfræðingur, sem fékk styrk til dvalar í Danmörku til að rannsaka feril Júlíönu Sveinsdóttur, og Viktor Smári Sæmundsson forvörður sem fékk styrk til að rannsaka höfundarmerkingar frumherja íslenskrar myndlistar. Með þeim á myndinni eru Páll Skúlason háskólaformannur og Auður Ólafsdóttir, forstöðumaður Listasafnsins.



Angi af þessum sama meidi, en með áherslu á rannsóknarnám, var styrkjakerfi fyrir aðstoðarkennara sem komið var á fót árið 2007, og var styrkjum úthlutað úr Rannsóknarsjóði Háskólans. Markmiðið var „að gera meistara- og doktorsnemunum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu“.⁹⁷ Á árunum 2007 og 2008 var úthlutað 66 styrkjum til aðstoðarkennara, samtals að upphæð 75 milljónir króna.

Eins og greint hefur verið frá í kafla um styrktarsjóði hefur Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands verið skólanum traustur bakhjarl. Hinn 9. febrúar 2005 ákvað formaður stjórnar sjóðsins að verja ákveðnum hluta af eign hans til að styðja nemendur í rannsóknum við Háskóla Íslands, einkum í doktorsnámi. Styrkirnir voru til eins til þriggja ára, og áttu þeir að standa undir framfærslu svo að styrkþegar gætu helgað sig náminu óskiptir. Úthlutun úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins var með svipuðu sniði og úthlutun doktorsstyrkja úr Rannsóknarsjóði Háskólans; styrkir til leiðbeinenda með eða án stúdents. Á árunum 2006–08 var úthlutað 55 styrkjum til nemenda í rannsóknarnámi, að upphæð um 275 milljónir, sem hafa hleypt miklu lífi í framhaldsnám við skólann.⁹⁸ 310 umsóknir voru um þessa 55 styrki þannig að aðeins um 17% doktorsnema fengu stuðning. Vegna taps í bankahruninu 2008 upp á liðlega einn milljarð króna varð hlé á úthlutun úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins í tvö ár.

⁹⁷ Árbók Háskóla Íslands 2008, 82.

⁹⁸ Árbók Háskóla Íslands 2008, 103, 101.



Haustið 2005 kynnti matshópur Samtaka evrópskra háskóla (*European University Association*) niðurstöður um starf Háskóla Íslands.⁹⁹ Þar kom meðal annars fram að fjölga þyrfti brautskráðum doktorum frá skólanum, enda doktorsnemar mikilvægir að sögn formanns nefndarinnar, Tove Bull, og finna ætti leiðir til að fjármagna framhaldsnám. Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor tók undir orð Tove Bull og sagðist hafa það markmið að fimmfalda þann fjölda doktorsnema sem skólinn útskrifaði á næstu fimm árum.¹⁰⁰ Fjórir doktorsnemar í sagnfræði sendu af þessu tilefni opið bréf til rektors á tölvupóstlista Háskólans *HI-starf*. Þar minntu þeir á erfið kjör sín og gagnrýndu að gefnar væru yfirlýsingar um stórfellda fjölgun í doktorsnámi á meðan doktorsnemar sem þegar væru að vinna að doktorsrannsóknunum ættu í erfiðleikum með að fjármagna þær:

Í hátíðarræðum stjórnenda Háskóla Íslands er gjarnan lögð áhersla á mikilvægi doktorsnema við skólann og fjölda þeirra. Ekki er talað um hversu erfið það hefur reynst doktorsnemunum, ekki síst í hugvísindum, að fjármagna nám sitt. Enginn nefnir að Háskóli Íslands hefur ekki styrkt doktorsnema sína fjárhagslega (í sumum tilvikum fá leiðbeinendur styrki upp á nokkur hundruð þúsund árlega), enginn nefnir að doktorsnemar þurfa að sækja um verkefnisstyrki til Rannís ... í samkeppni við fræðimenn sem þegar hafa lokið doktorsprófi. Sé doktorsnemi heppinn fær hann þriggja ára verkefnisstyrk, tvær milljónir á ári. Af því þarf að sjálfsögðu að greiða skatta og önnur gjöld. Þetta þýðir að stór hluti doktorsnema vinnur með náminu til þess að geta framfleytt sér. Doktorsnemi í hugvísindum getur því búist við að það taki 7–8 ár að ljúka náminu. ... Það er því augljóst að djúp gjá er á milli forskriftarinnar og þess veruleika sem doktorsnemar glíma við ætli þeir að stunda doktorsnám í hugvísindum við Háskóla Íslands.¹⁰¹

Aðalbaráttumál doktorsnema í Heimspekideild, síðar Hugvísinda-sviði, á árunum 1999–2005 var fjármögnun doktorsnámsins. Margra leiða var leitað til að afla doktorsnámsstyrkja en án árangurs. Sumir þeirra fengu úrlausn eftir tilkomu Eimskipafélagssjóðs Háskóla Íslands árið 2006. Á öllum fræðasviðum var á árunum 2000–07 reynt að bæta stöðu doktorsnema, til dæmis með því að útvega

⁹⁹ *HÍ*. Málsnúmer: HI05100076. *University of Iceland. EUA Evaluation Report*.

¹⁰⁰ *Morgunblaðið* 15. nóv. 2005, 26.

¹⁰¹ *HÍ*. HI-starf@hi.is. Doktorsnám: Opið bréf til rektors 15.11.2005.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

þeim skrifstofur og tölvur, styrkja útgáfu doktorsritgerða og veita ferðastyrki, þótt bið yrði á umfangsmiklu styrkjakerfi sem útvegaði stórum hluta nemenda styrki til framfærslu.

Í Háskólabókasafni þótti skólinn ekki leggja áherslu á aukin ritakaup í samræmi við eflingu skólans á sviði rannsókna, en nýjar bækur og tímarit eru ein forsenda fræðastarfs. Sviðsstjóra á Háskólabókasafni þótti það til dæmis „umhugsunarefni að Háskólinn skuli auka mjög námsframboð á meistara- og doktorsstigi á sama tíma og hann sker niður framlag sitt til ritakaupa“.¹⁰² Eftir nokkra baráttu fengu doktorsnemar þó ljósritunarkort og leyfi til að panta bækur og tímarit í millisafnaláni eins og aðrir akademískir starfsmenn skólans.


Í Stefnu Háskóla Íslands 2006–11 var leið Háskólans vörðuð til frekari sóknar á sviði rannsókna. Fjárhagsstaða framhaldsnámsins var þá talin bágborin, enda hafði það að miklu leyti verið byggt upp án sérstakra fjárveitinga og fyrir utan framlag í rannsóknarlíkani. Það hafði til dæmis bakað deildum vanda þegar fjárveitingar til leiðbeinenda höfðu ekki fylgt styrkjum til framfærslu nemenda eins og úr Rannsóknarnámssjóði Rannís.¹⁰³ Gera átti doktorsnemum kleift að helga sig náminu og ljúka því á réttum tíma. Meðal annars var gert ráð fyrir eflingu hinna ýmsu rannsóknar- og styrktarsjóða til að styrkja rannsóknir við skólann. Þannig var staðfest í stefnunni að „[s]tyrkjakerfi fyrir doktorsnám verði stóreflt í áföngum fyrir árslok 2011. Rannsóknasjóður Háskólans verði tvöfaldaður á tímabilinu uns árlegt ráðstöfunarfé hans nemur 300 m.kr. og a.m.k. helmingi þeirrar fjárhæðar verði varið í þágu doktorsnáms. Ennfremur geti deildir ráðið doktorsnema í aðstoðarkennarastörf“.¹⁰⁴ Eftir að þessi stefna var tekin var bætt við fleiri deildum í Rannsóknasjód Háskólans; einni fyrir aðstoðarkennara, annari fyrir doktorsnema, þriðju fyrir rannsóknarstöðustyrki og loks sjóði til að styrkja ferðir doktorsnema á vísindaráðstefnur erlendis. Hér er stuttlega gerð grein fyrir þeim.

Árið 2007 var í fyrsta sinn úthlutað svonefndum doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs Háskólans. Tvær leiðir voru til að sækja um. Annars vegar að leiðbeinandi og stúdent sæktu saman um styrk samkvæmt leið a. Hins vegar að leiðbeinandi sækti um án stúdents samkvæmt leið b. Doktorsstyrkir voru veittir til eins, tveggja og þriggja ára. Fyrsta árið var úthlutað 32 styrkjum, þar af 10 samkvæmt leið b.

¹⁰² Áslaug Agnarsdóttir, „Tvíhöfða risi“, 37.

¹⁰³ *HÍ. Framhaldsnám við Háskóla Íslands.*

¹⁰⁴ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 13.



Nokkuð hefur borið á því í Háskóla Íslands að fólki finnist þjóðskólinn sinn afskiptur þegar ríkisframlögum er deilt út. Myndin var á forstöðu Stúdenta- blaðsins árið 2000.

Til að styðja enn frekar við rannsóknir meistara- og doktorsnema var stofnaður sjóður til styrktar ferðum á vísindaráðstefnur. Þar fá nemendur styrk til að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum.¹⁰⁵ Árið 2008 var í fyrsta skipti úthlutað 74 styrkjum til ráðstefnuferða fyrir meistara- og doktorsnema.

Árið 2004 var ákveðið að bjóða nýdöktorum sem fengið höfðu styrki frá Rannís eða úr erlendum sjóðum mótframlag úr Rannsóknasjóði Háskólans og vinnuadstöðu við skólann. Hugmyndin var að laða að unga vísindamenn sem nýlega höfðu lokið doktorsprófi og voru með ferskar hugmyndir um rannsóknarverkefni, oft í beinu framhaldi af lokaverkefni sínu, enda vitað að nýjabrumið í háskólum fylgir oft vísindamönnum sem nýlega hafa lokið doktorsnámi. Í þessum anda var ákveðið árið 2008 að setja á laggirnar svonefnda rannsóknarstöðustyrki sem ætlaðir voru vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum. Á árunum 2005–09 fjölgaði nýdöktorum við skólann úr 22 í 44.¹⁰⁶

Árið 2005 voru engir styrkir í boði sérstaklega merktir doktorsnema, en þegar upp var staðið árið 2010 hafði verið úthlutað 106 styrkjum til stúdenta í doktorsnámi.¹⁰⁷ Þegar allir ofannefndir sjóðir Háskólans sem styrkja rannsóknarnám og rannsóknir voru teknir saman fyrir árið 2010 lagði upphæðin sig á liðlega 450 milljónir króna sem úthlutað var á sama tíma og 511 stúdentar voru skráðir í doktorsnám.¹⁰⁸ Þessu til viðbótar er nokkur fjöldi framhaldsnema á

¹⁰⁵ Árbók Háskóla Íslands 2008, 82.

¹⁰⁶ Árbók Háskóla Íslands 2009, 14. – Árbók Háskóla Íslands 2008, 82.

¹⁰⁷ Stefna Háskóla Íslands 2011–2016, 6.

¹⁰⁸ HÍ. Fjármálastjóri. Vinnuafila við gerð fjárhagsáætlunar Háskóla Íslands 2011.

launum hjá fyrirtækjum og stofnunum, og þiggja þeir aðra styrki en hér hafa verið tíundaðir.

Í formálum doktorsritgerða frá síðustu árum þakka stúdentar jafnan fyrir veittan stuðning og segja eitthvað á þessa leið: „Ýmsir styrkir fengust sem drógu áleiðis og þakka ég styrkveitendum, enda munaði um allan fjárstuðning.“¹⁰⁹ Þar kemur jafnframt fram að flestir doktorsnemar fá styrki frá tveimur til sjö sjóðum á námsferli sínum. Hámarksstyrkir eru til þriggja ára, en doktorsnámið tekur að lágmarki fjögur ár og því mikilvægt að leita víða fanga. Auk þess finnst stúdentum þeir vera í þakkarskuld við fjölmarga aðra sem studdu þá og hvöttu til dáða eins og Pavol Cekan komst að orði árið 2009: „First and foremost, I would like to thank Professor Snorri Þór Sigurdsson for his inspiration and guidance throughout my studies. His endless source of knowledge, enthusiasm and love of science helped strongly to develop my scientific skills.“¹¹⁰

Doktorsnemar þurftu fram yfir miðjan fyrsta áratug 21. aldar að greiða kostnað við útgáfu doktorsritgerða sinna eða afla styrkja til prentunar þeirra. Frá þeim tíma hafa öll fræðasvið komið upp styrkjum eða stuðningi við útgáfu doktorsritgerða. Í Bandaríkjunum, Englandi og Þýskalandi mun ekki vera til síðs að gefa út doktorsritgerðir fyrir doktorsvörn. Það hefur hins vegar verið regla víða í Skandinavíu og er talið gott framlag til menningarumræðu í löndunum, þó svo að meginefni ritgerða á mörgum fræðasviðum hafi verið birt í vísindatímaritum fyrir útgáfu.¹¹¹

Eins og áður hefur verið greint frá hefur fjöldi einstaklinga komið upp styrktar- og minningarsjóðum við Háskólann til að styrkja stúdenta sem náð hafa frábærum árangri í námi. Reglulega eru veittir styrkir úr slíkum sjóðum, sem þurfa þó ekki að vera til styrktar framhaldsnámi sérstaklega.¹¹² Haustið 2008 hóf skólinn að veita styrki til nemenda sem höfðu náð afburðaárangri á stúdentsprófi og innritast í Háskólann. Slíkir styrkir tíðkuðust í áraradír um miðja 20. öld hjá Menntamálaráði og síðar Lánasjóði íslenskra námsmanna og voru kallaðir „stóri styrkurinn“. Einnig setti Háskólinn árið 2008 á stofn afreks- og hvatningarsjóð til styrktar afburðanemendum sem skoruðu fram úr í háskólanámi.¹¹³

Eitt af því sem gripið var til í því augnamiði að efla rannsóknir við Háskóla Íslands, þó ekki rannsóknarnám, var stofnun tíma-bundinna fimm embætta rannsóknarprófessora árið 1997.¹¹⁴ Með rannsóknarprófessorunum fengust auknar fjárveitingar til Háskólans

¹⁰⁹ Unnur Birna Karlsdóttir, *Náttúrusýn og nýting fallvatna*, 5.

¹¹⁰ Cekan, *Nucleoside C*, xv.

¹¹¹ Orri Vésteinsson, „Bannað að ganga á grasinu“, 188. – Lára Magnúsdóttir, „Andsvar við andmælum“, 184–89.

¹¹² *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 285.

¹¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 284.

¹¹⁴ *Fréttabréf Háskóla Íslands* XIX:7, 16–17.

III.5.9 FJÁRMÖGNUN FRAMHALDSNÁMS OG RANNSÓKNA



Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Páll Skúlason rektor undirrita samning um fjárveitingar til kennslu.

frá Rannís sem námu launum þeirra, og gátu þeir helgað sig fræðistörfum í nokkur ár. Mikill áhugi var á embættunum, en ekki varð framhald á þessu starfi að fimm árum liðnum þegar skipunartími rannsóknarprófessora var á enda. Hins vegar má segja að hin tímabundna lausn frá kennslu sem Rannsóknasjóður Háskólans hefur boðið upp á hafi komið í stað rannsóknarprófessoranna. Kennarar geta fengið sig lausa frá kennslu í eitt til tvö misseri í senn, meðal annars til að vinna að rannsóknarverkefnum með nemendum sínum.

Til að gera Háskóla Íslands að alþjóðlegum rannsóknarháskóla í fremstu röð var meðal annars sett á laggirnar í árslok 2009 Miðstöð framhaldsnáms, og forstöðumaður hennar valinn aðstoðarrektor vísinda og kennslu. Hlutverk miðstöðvarinnar er að hafa umsjón með, stuðla að og fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, einkum doktorsnáms.¹¹⁵ Háskólinn er einnig aðili að erlendum samtökum um framhaldsnám eins og *Council for Graduate School* í Bandaríkjunum og *Council for Doctoral Education* í Samtökum evrópskra háskóla EUA (*European University Association*). Í ársbyrjun 2011 var rektor Háskóla Íslands kjörinn í stjórn EUA, en aðild að samtökunum eiga um 850 háskólar í 46 þjóðlöndum, og var kjör háskólarektors talið dæmi um virðingu sem Háskólinn nýtur og árangurs sem hann hefur náð á umliðnum árum.¹¹⁶

¹¹⁵ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 13. Stundum kallað upp á ensku „Graduate School“.

¹¹⁶ *Morgunblaðið* 20. apríl 2011, 18.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.5 VÖXTUR RANNSÓKNARNÁMSINS

Veigamesti kosturinn við rannsóknarnámið er að stúdentar rækta hæfileika sína og færni til að vinna sjálfstætt að vísindarannsóknnum á eigin vegum eða með leiðsögn. Þeir þróa með sér gagnrýna hugsun og nákvæmni í vinnubrögðum. Að þroska einstaklinginn til frekari starfa á lífsleiðinni er einn mikilvægasti þátturinn í rannsóknarnáminu.

Annar kostur rannsóknarnámsins er aukin virkni akademískra starfsmanna. Kennarar og sérfræðingar taka virkan þátt í verkefnum nemenda, og þannig verða kennarar og stúdentar samstúdentar um hríð, og lýkur samstarfinu oft með grein í ritrýndu tímariti eða annarri birtingu. Í raunvísindum, heilbrigðisvísindum og víðar er til síðs að kennarar fái nafn sitt birt fyrir aftan nöfn nemenda og eigi þannig aðild að rannsóknnum þeirra, enda leggja kennarar oft talsvert til verkanna. Kennarar hjálpa nemendum einnig við að fá inni í ritrýndum tímaritum eða á öðrum vettvangi þar sem báðir njóta góðs af. Minna er um það í félags- og hugvísindum að kennarar birti greinar sem meðhöfundar með nemendum. Ánægja virðist vera meðal kennara Háskólans með rannsóknarhvatakerfi skólans þar sem þeir eru hvattir áfram sem standa sig vel.¹¹⁷

Árangurinn lét heldur ekki á sér standa.

¹¹⁷ „Survey results report strong support among University faculty for increasing the University of Iceland’s commitment to research. Those who were interviewed regarding the evaluation all agreed on the positive effect of the productivity assessment scheme on research productivity.“ – Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., *An Evaluation of Scholarly Work at The University of Iceland*, 81.